Þroskahömluð börn fái að vera í sérskólum
menntun 24

Blóði drifin saga Gaddafís
stjórnmál 20

Bestu myndir síðasta árs
ljósmyndir 18

spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
26. febrúar 2011
47. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Bræðurnir fylgjast að
Tvíburarnir Páll og Magnús Harðarsynir vinna báðir í Kauphöllinni.
fjármál 16

Aðdáunin utan á
Ýmsir taka tónlistarblæti sitt upp á annað stig.
tónlistartattú 22

Cullem í Hörpu
Bretinn Jamie Cullem verður fyrsta erlenda poppstjarnan í Hörpu.
fólk 50

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna



BREYTINGAR Í HÖFNINNI Unnið er að því að rífa gömlu olíubryggjuna í Reykjavíkurhöfn þessa dagana. Til stendur að setja niður flotbryggjur fyrir smábáta sem eru í útgerð þar sem gamla bryggjan var. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andvíg staðgöngumæðrun

Frumvarp um staðgöngumæðrun er ekki tímabært að mati flestra umsagnaraðila. Þörf er á mun meiri umræðu og tímarammi er allt of þröngur. Bindandi samkomulag gengur þvert á mannréttindasjónarmið.

ALÞINGI Miklu meiri og lengri umræðu er þörf áður en til greina kemur að heimila staðgöngumæðrun hér á landi. Þetta kemur fram í fjölda umsagna um þingsályktunartillögu um málið. Þá er það gagnrýnt að samkvæmt tillögunni eigi frumvarp til laga að vera tilbúið 31. mars. Það sé allt of stuttur tími.

Í tillögunni er lagt til að skipaður verði starfshópur sem undirbúi frumvarp sem heimili staðgöngumæðrun. Þar er gert ráð fyrir að staðgöngumæðrun verði aðeins heimiluð í velgjörðarskyni og einnig að skylt verði að gera bindandi samkomulag milli verðandi foreldra og staðgöngumóður. Þannig á að tryggja að hvorki staðgöngumóðir né foreldrar geti hætt við samkomulagið.

Þetta er meðal þess sem gagnrýnt er í umsögnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands segir það ganga þvert á mannréttindasjónarmið að kona sé bundin af samningi sem sviptir hana rétti yfir líkama sínum. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands segir að með þessu sé vikið frá því verklagi sem tíðkist í flestum löndum. Slíkur samningur beri merki viðskiptasamninga, en ekki úrlausna á sviði fjölskylduréttar og vegi að yfirráðum konu á meðgöngu yfir líkama sínum.

Fimmtán aðilar hafa skilað inn umsögnum til heilbrigðisnefndar Alþingis um tillöguna og mæla aðeins tveir þeirra með því að tillagan verði samþykkt: Staðganga – stuðningsfélag staðgöngumæðrunar á Íslandi og Tilvera – samtök um ófrjósemi. - þeb / sjá síðu 10

13 neikvæð

Alþýðusamband Íslands, Barnaheill, Femínistafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Rauði kross Íslands, Siðfræðistofnun HÍ, Umboðsmaður barna og Þjóðmálanefnd Þjóðkirkjunnar.

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!

ÞVOTTA DAGAR

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!

ORMSSON

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

☎ 530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

SPURNING DAGSINS

Höskuldur, voruð þið með stjórnlagaráð undir rifi hverju?

„Já, en einhverjum gæti runnið ákvörðunin til rifja.“

Höskuldur Þórhallsson úr Framsóknarflokki er einn liðsmanna meirihluta nefndar þingmanna úr öllum flokkum sem leggur til að einstaklingar sem voru efstir í ógildum kosningum til stjórnlagaþings verði skipaðir af Alþingi í svokallað stjórnlagaráð.

Ágreiningur í þingliði flokkanna sem vilja skipa ógilda stjórnlagaþingsmenn í stjórnlagaráð:

Liðsmenn meirihlutaflokka ekki einhuga

STJÓRNMÁL Ekki er alger einhugur í flokkunum fjórum sem stóðu að áliti meirihluta nefndar um að 25 einstaklingar sem efstir urðu í ógildu kjöri til stjórnlagaþings verði skipaðir í sérstakt stjórnlagaráð.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra úr VG, sagði í gær að tillagan gengi gegn dómi Hæstaréttar um ógildingu kosningarinnar. Birkir Jón Jónsson, alþingismaður úr Framsóknarflokki, lýsti sig sömuleiðis andvígan tillögunni í gær og er því á öndverðum meiði við Höskuld Þórhallsson, flokksbróður sinn úr þingmannanefndinni.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gær að þingsályktunartillaga um stjórnlagaþingið yrði lögð fram á næstu dögum. Enn fremur yrði lagt fram frumvarp um að afnema lögin sem kosið var eftir til stjórnlagaþingsins.

„Ég á ekki von á öðru en að tillagan njóti yfirgnæfandi stuðnings í þingflokki Samfylkingarinnar,“ segir þingflokksformaðurinn Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Hreyfingarinnar, segir alla þrjá þingmenn flokksins styðja málið þótt það sé á veikum grunni. „Það sem skipti höfuðmáli í okkar huga er að það sé í höndum ráðsins hvenær það kallar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um sínar tillögur,“ segir Birgitta sem kveður þetta atriði munu verða skýrt í þingsályktunartillögunni.

Sjálfstæðismenn skiluðu einir minnihlutaáliti í nefndinni. Einar K. Guðfinnsson, varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna, sagði alla liðsmenn hans andvíga tillögunni. „Við erum algjörlega á móti þessum skrípaleik og teljum þetta skýrt merki um einbeittan vilja til að sniðganga vilja Hæstaréttar,“ segir Einar. - gar

ÖGMUNDUR JÓNASSON Innanríkisráðherra er andvígur því að stjórnlagaþingmenn úr ógildri kosningu verði skipaðir í stjórnlagaráð í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GRAMEÐLA Eðlan hefur hingað til verið talin ógnvænlegt rándýr.

Ný fornleifarannsókn:

Grameðlan er ofmetið rándýr

VÍSINDI Grameðlan, Tyrannosaurus Rex, var mögulega ekki ógnvænlegt rándýr sem veiddi aðeins stærstu dýr síns tíma, eins og hingað til hefur verið talið.

Nýlegar rannsóknir á steingervingum í Montana í Bandaríkjunum gefa til kynna að þar sem svo mikill fjöldi þeirrar tegundar hefur fundist á afmörkuðu svæði, hafi grameðlan lagt sig eftir alls konar bráð og jafnvel hrækjum. „Þetta segir okkur að grameðlan var ekki eins og blettatígur eða ljón, heldur líkari hýenu,” segir John Horner steingervingafræðingur. - þj

Sex vikur í kjördag:

Kosið um Icesave 9. apríl

STJÓRNMÁL **Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave-lögin fer fram laugardaginn 9. apríl.**

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tilkynnti það á ríkisstjórnarfundi í gær. Ekki er ákveðið hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst en þegar kosið var um Icesave fyrir rúmu ári hófst hún fjórum vikum fyrir kjördag. Þá hefur ekki verið ákveðið hvort stjórnvöld hlutist til um að kynningarefni um málið verði útbúið og dreift til kjósenda. Fyrir ári ákvað Alþingi að slíkt kynningarefni yrði útbúið og fól dómsmálaráðuneytið Lagastofnun Háskóla Íslands verkið. - bþs

Fjöldi Íslendinga í nokkrum löndum heimsins



Athugið að kortið sýnir ekki heildarfjölda Íslendinga sem eru búsettir erlendis. Enginn Íslendingur er á skrá í 43 löndum í heiminum, þar á meðal Líbíu, Haítí, Norður-Kóreu, Íran og Jemen.

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Um fjörutíu þúsund Íslendingar búa úti

Alls búa um 40 þúsund Íslendingar erlendis, sem er 12,5 prósent þjóðarinnar. Fjórðungur þeirra er búsettur í Danmörku. Það eru 136 Íslendingar skráðir með lögheimili á Nýja-Sjálandi og sjö í Egyptalandi. Enginn Íslendingur býr í Líbíu.

FÓLK Alls búa 38.083 Íslendingar erlendis. Flestir búa á Norðurlöndunum, rúmur fjórðungur þeirra í Danmörku, eða 10.115 manns. Þeir Íslendingar sem búa í Noregi eru 6.970 talsins, 6.656 í Svíþjóð og 206 í Finnlandi. Þetta eru upplýsingar fengnar úr Þjóðskrá Íslands.

Árið 2009 sexfölduðust búferlaflutningar Íslendinga til Noregs, en um 1.500 manns fluttu þangað á því ári.

Alls býr 7.551 Íslendingur í Bandaríkjunum og Bretlandi, eða um 20 prósent af heildarfjölda þeirra sem eru erlendis. Heildarfjöldi Íslendinga í Skandinavíu, Bretlandi og Bandaríkjunum er um 75 prósent af heildarfjölda Íslendinga erlendis.

Íslendingar búa úti um heim allan. Til að mynda búa 136 Íslendingar á Nýja-Sjálandi, sjö í Egyptalandi, fimm í Barein, tveir í Írak og einn í Afganistan. Enginn Íslendingur er með skráð lögheimili í Líbíu né Norður-Kóreu.

„Tvennt virðist ráða flutningi íslenskra ríkisborgara burt af landinu. Annars vegar fara á hverju ári margir erlendis til náms. Hins vegar virðist hagsveiflan hafa þar áhrif á. Nánast enginn munur er á búferlaflutningum kynjanna, nema hvað varðar aldursdreifingu,“ segir í ritgerð Ómars S. Harðarsonar: Athugun á búferlaflutningum til og frá Íslandi 1961-2009, sem er birt á vef Hagstofu Íslands.

Það hefur hins vegar aukist á síðustu árum að Íslendingar setjist að í öðrum löndum eftir að námi er lokið, í stað þess að koma til Íslands á vinnumarkaðinn.

sunna@frettabladid.is

Borgin braut jafnræðisreglu:

Leyfa átti skil á útboðslóð

STJÓRNSÝSLA **Innanríkisráðuneytið segir Reykjavíkurborg hafa brotið jafnræðisreglu stjórnsýslulaga með því að synja manni einum um að fá að skila útboðslóðum við Lautarveg í Fossvogi.**

Maðurinn vildi skila þremur tvíbýlislóðum sem hann keypti fyrir samtals 98 milljónir króna í nóvember 2007. Ráðuneytið vísaði frá málinu vegna einnar lóðarinnar því hún hafði verið framseld öðrum. Borgarráð ákvað í lok maí 2009 að taka ekki aftur við byggingarrétti á útboðslóðum en tók aftur við úthlutuðum lóðum. Ráðuneytið segir borgina hafa mismunað lóðarhöfum eftir því hvort þeir höfðu gefið út skuldabréf til borgarinnar og voru í vanskilum við hana eða voru í vanskilum við aðra vegna lóðarkaupanna. - gar

STRÆTÓ Í REYKJAVÍK Nýjustu breytingar hjá Strætó taka gildi á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Strætó sker niður enn frekar:

Hættir fyrr og byrjar seinna

SAMGÖNGUR Strætó hættir akstri klukkutíma fyrr öll kvöld og akstur hefst tveimur klukkustundum síðar á laugardagsmorgnum.

Akstur á leiðum 2 og 5 hættir á kvöldin og um helgar. Breytingarnar taka gildi á morgun. Ástæður breytinganna er samdráttur á framlögum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til Strætó bs. Auk ofangreindra breytinga verða einnig breytingar á leiðum 16, 18, 19, 28, 35 og 36. - sv

Vellíðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Sívinsæla og árangursmælda námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar Vellíðan án lyfja er að hefjast að nýju þar sem kenndar eru leiðir til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða, streitu og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 14 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.

Verð: **49 000**.

Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 14. mars n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Gaddafí bar sig mannalega á Græna torginu í Trípolí í gær:

Hörð átök í höfuðborginni

LÍBÍA, AP Liðsmenn Múammars Gaddafí héldu áfram að skjóta á fólk í höfuðborginni Trípolí í gær. Hörð átök voru bæði í borginni og nágrenni hennar. Talið er að þúsundir hafa látið lífið.

Sjálfur mætti Gaddafí á Græna torgið í Trípolí og bar sig mannalega, hvatti fólk til að ráðast gegn uppreisnarmönnum og stærði sig af því að vera maður fólksins.

Margir helstu ráðherrar og samstarfsmenn Gaddafís hafa sagt af sér og einn þeirra, Abdel Fatah Yunis fyrrverandi innanríkisráðherra, sagði að Gaddafí myndi aldrei gefast upp.

Víða í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda hefur almenningur komið saman að loknum föstudagsbænum múslíma til að mótmæla stjórnvöldum eða fagna árangri.

Tugir þúsunda héldu út á götur í Jemen í gær til að krefjast afsagnar forsetans. Herinn svaraði með skotárásum á mannfjöldann.

Tugir þúsunda komu einnig saman í Barein til að krefjast umbóta, en í Túnis skýrði stjórnin frá því að kosningar yrðu haldnar um miðjan júlí.

Stolt mátti greina í máli fólks á götum Túnis í gær, sex vikum eftir að Ben Ali forseti var hrakinn úr landi. Byltingin í Túnis hratt af stað þeirri bylgju mótmæla í ríkjum arabaheimsins sem nú er að kaffæra Gaddafí í Líbíu. - gb / sjá síðu 20

ÓSTÖÐVANDI Mótmælendur í Líbíu komu saman í Benghazi og fleiri borgum, sem uppreisnarmenn hafa náð á sitt vald. NORDICPHOTOS/AFP

VERKFÆRA DAGAR

BRJÁLAÐ VERÐ UM HELGINA!

HITACHI

Ljós og verkfærataska fylgja með!

67 stk. bita- og borasett fylgir með!

3 rafhlöður!!!

tilboð

25.995,-

~~33.995,-~~

Hleðsluskrúfvél
Hitachi Power Box,
DS12DFV3
12V, 3 rafhlöður, ljós, 67 stk bitar og borar fylgja.
Hleðslutími 40 mín.
5247028

EIN BESTU KAUPIN Í DAG!

Hleðsluborvél
Power Plus.
14.4V, flýtipatróna.
5245225

2 rafhlöður og taska

5.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

tilboð

7.995,-

~~9.998,-~~

Slípirokkur
Hitachi. G13SS
580W, 125 mm.
5247394

HITACHI

2 rafhlöður 18V

tilboð

29.995,-

~~36.995,-~~

Hleðsluborvél
Hitachi DS18DFL
18V, 2 Lithium rafhlöður, 45/57 Nm.
5247033

HITACHI

tilboð

5.995,-

~~7.995,-~~

Skrúfvél
B&D, 3.6V lithium.
5246007

BLACK & DECKER

Höggborvél

2.695,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Höggborvél
Power Plus.
580W. Flýtipatróna.
5245308

tilboð

8.995,-

~~10.995,-~~

Topplyklasett
Neo, 1/2” 23 stk. 8-32 mm toppar.
5052509

tilboð

1.999,-

~~2.499,-~~

Skrúfjárnasett
Topex, 27 stk.
5010162

tilboð

7.995,-

~~11.995,-~~

Hillurekki Clicker
Galvanseraður.
200x100x40 cm.6 hillur.
5803666

Vörutrilla
Burðarþol 150 kg.
5080141

5.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ ↓ HÚSASMIÐJUNNAR*

Látum verkin tala!

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

GILDIR TIL 28. FEBRÚAR

*Vörur merktar “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 25.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,92	116,48
Sterlingspund	186,37	187,27
Evra	159,78	160,68
Dönsk króna	21,43	21,556
Norsk króna	20,601	20,723
Sænsk króna	18,104	18,21
Japanskt jen	1,4129	1,4211
SDR	181,81	160,68

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9696
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómari í New York segir engar líkur á að réttað verði þar í máli Glitnis:

Máli sjömenninganna aftur vísað frá

DÓMSMÁL Sjömenningarnir í Glitni verða ekki dregnir fyrir dóm í New York. Dómari í málinu ákvað í gærmorgun að láta fyrri ákvörðun um frávísun málsins standa.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 tók dómarinn þessa ákvörðun eftir fund með lögmönnum málsaðila í New York í gærmorgun. Ákvörðunin var tekin á grundvelli þess að nú hefðu skilyrði frávísunar málsins verið uppfyllt. Forsenda frávísunar málsins var að hin stefndu gæfu yfirlýsingar um að fullnusta mætti dóm í málinu á Íslandi fyrir íslenskum dómstólum.

STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Í tölvupósti frá lögmanni nokkurra hinna stefndu, sem Stöð 2 hefur undir höndum, segir að lögmenn Glitnis hafi spurt dómarann, hvort forsendur væru fyrir því að gera kröfu um að hann endurskoðaði ákvörðun sína. Þá svaraði hann því til að líkurnar á því væru engar. Steinunn Guðbjartsdóttir hefur sagt að áfrýjunin til æðra dómstóls í New York hafi verið að hluta til byggð á þeirri forsendu að ekki hefðu allir hinir stefndu staðið við skilyrði sem dómarinn í New York setti fyrir frávísun málsins.

Steinunn sagði við fréttastofu Stöðvar 2 að Glitnir stæði enn við áfrýjun málsins til æðra dómsstigs. Hins vegar þyrfti slitastjórnin að ráðfæra sig við lögmennina vestanhafs. Hún sagði ekki liggja fyrir hvenær málið yrði tekið fyrir á æðra dómsstigi. - þþ

Nýskráningum fækkar:

Færri gjaldþrot í ár en í fyrra

VINNUMARKAÐUR Færri gjaldþrot voru í janúar á þessu ári en á sama tíma í fyrra að því er fram kemur í tilkynningu frá Hagstofunni.

95 hlutafélög og einkahlutafélög urðu gjaldþrota en þau voru 103 í janúar á síðasta ári og er það um átta prósent fækkun milli ára. Flest félög voru í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Á sama tíma voru 140 nýskráð félög í janúar miðað við 157 árið áður. Þetta er ellefu prósenta fækkun milli ára. - jtó

KOSIÐ Á ÍRLANDI Skilaboðin á þessum vegg í Dublin voru skýr.

Þingkosningar á Írlandi:

Stjórn spáð falli

ÍRLAND, AP Talið er að stjórnarflokkurinn Fianna Fail bíði afhroð í kosningum til írska þingsins, sem fóru fram í gær. Atkvæði verða talin í dag.

Því er spáð að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Fine Gael, komist til valda, annað hvort í krafti hreins meirihluta eða yfirburðastöðu í nýrri samsteypustjórn.

Afleiðingar bankakreppunnar eru höfuðmál kosninganna, en almenningur er reiður ríkisstjórn vegna kostnaðarsamra björgunaraðgerða í þágu fallinna banka. - pg

LEIÐRÉTTING

Már Guðmundsson áréttar að Seðlabankinn hafi hingað til ekki fullyrt að ESB-leið sé betri en sú sem kölluð er verðbólgumarkmið plús í skýrslu bankans sem út kom í september. Í umfjöllun blaðsins í gær um fund FKA um peningamál er slegið saman orðum seðlabankastjóra um verðbólgumarkmið plús og tilvitnun hans í skýrslu bankans frá því í desember um valkosti í peningamálum eftir höft. Í henni kemur fram sú afstaða að af kostum sem fela annaðhvort í sér fastgengi eða upptöku annarrar myntar sé ESB-leið best. Er því of djúpt í árinni tekið í fyrirsögninni „Seðlabankinn telur ESB-leið langbesta“ á hliðargrein í umfjöllun um fundinn.

Helmingur vill að Ólafur sitji áfram

Um þriðjungur stuðningsmanna vinstriflokkanna vill að Ólafur Ragnar Grímsson gefi kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Mun fleiri hægrimenn styðja Ólaf.

KÖNNUN Afar skiptar skoðanir eru meðal landsmanna á því hvort Ólafur Ragnar Grímsson eigi að gefa kost á sér í forsetakjöri á næsta ári, fimmta kjörtímabilið í röð. Helmingur vill að hann gefi kost á sér en helmingur er því andvígur samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 50,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja að Ólafur Ragnar gæfi kost á sér, en 49,8 prósent vilja það ekki. Því er ljóst að helmingur landsmanna vill að Ólafur haldi áfram sem forseti.

Rétt rúmur þriðjungur þeirra sem sögðust myndu kjósa stjórnarflokkana tvo vilja að Ólafur Ragnar gefi kost á sér. Um 39 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar voru þeirrar skoðunar og tæplega 28 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.

Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, um 54 prósent, vilja að Ólafur Ragnar gefi kost á sér aftur. Sama má segja um stuðningsmenn Framsóknarflokksins, um 73 prósent þeirra vilja Ólaf Ragnar áfram á Bessastöðum.

Karlar eru líklegri en konur til að styðja Ólaf Ragnar til áframhaldandi setu. Um 54 prósent karla vilja að hann gefi kost á sér áfram, en um 46 prósent kvenna.

Stuðningur við Ólaf er heldur meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni vilja 52 prósent að hann gefi kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið, en 49 prósent á höfðuborgarsvæðinu.

Afstaða til forseta Íslands

Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður á næsta ári?



Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Mun fleiri af þeim sem eru undir miðjum aldri vilja Ólaf áfram á stóli forseta. Um 55 prósent fólks 18 til 49 ára styðja áframhaldandi setu Ólafs í embætti forseta, en 44 prósent fólks 50 ára og eldri.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 23. febrúar og fimmtudaginn 24. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti að gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður á næsta ári? Alls tóku 83,9 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is

Fjölskylduhjálp léttir undir:

Fríar klippingar á mánudögum

SAMFÉLAGSMÁL Fjölskylduhjálp Íslands hefur nú ákveðið að bjóða á ný upp á ókeypis klippingar. Boðið var upp á hárklippingar fyrir skjólstæðinga Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík í nóvember og desember á síðasta ári.

Boðið verður upp á klippingarnar alla mánudaga í húsakynnum Fjölskylduhjálpar á milli klukkan 12 og 16. Hárgreiðslumeistarinn Magnea Agnarsdóttir, sem starfar á Slippnum við Skólavörðustíg, mun sjá um klippingarnar. - sv

Fækkar um einn togara:

Fiskiskipum fjölgar um 51

SJÁVARÚTVEGUR Fjöldi skipa á skrá hjá Siglingastofnun (SÍ) í árslok 2010 var 1.625 skip, að því er kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni. Þilfaraskip, sem skiptast í vélskip og togara, voru 807, 761 vélskip og 57 togarar. Fækkar vélskipum um sjö og togurum um einn. Fiskibátar voru 807 og er það fjölgun um 51 skip frá 2009. Allt voru það opnir fiskibátar.

Ekki er tekið tillit til fiskveiðiréttinda skipa við skráningu hjá SÍ. Í tölunum eru skip án veiðiheimilda í íslenskri lögsögu og skip með veiðiheimildir sem ekki eru nýttar, heldur fluttar á önnur skip. -jtó

NÁTTÚRA

Lóan er komin í Heimaey

Fyrsta lóan sem tilkynnt hefur verið um í vor sást í Heimaey í gær. Frá árinu 1998 hafa fyrstu heiðlóurnar sést á tímabilinu 20. til 31. mars. Er þetta því mjög óvenjulegur tími fyrir lóuna að koma til landsins.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KAFLASKIPT Í dag má yfirleitt búast við strekkingi en á morgun lægir víðast hvar, nema við vesturströndina. Á mánudaginn bætir í vind er líður á daginn og aðfaranótt þriðjudags má búast við allhvössum vindi SV-til. Næstu daga verður úrkomulítið NA- og A-til.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	10°
Berlín	3°
Billund	2°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	21°
London	10°
Mallorca	17°
New York	2°
Orlando	27°
Ósló	1°
París	11°
San Francisco	9°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

25%

sýningarafsláttur af fermingarvörum um helgina

FERMINGARVEISLUSÝNINGIN

er um helgina

Hvernig viltu hafa fermingarveisluna?

Fáðu hugmyndir að:

- Borðskrauti
- Veitingum
- Myndatöku
- Fatnaði
- Hárgreiðslu



Fermingarveislusýningin
er frá 13.00 – 17.00 báða dagana
Garðheimar eru opnir
frá kl. 10.00 – 21.00

Við tökum þátt í fermingarsýningu Garðheima:

SOHO CATERING · Dúkkuhúsið · RAVEN DESIGN – HUGMYNDIR · HÖNNUN · HANDVERK · heilsa – hafðu það gott · Amé · VERO MODA · OUTFITTERS NATION · NÓI SÍRÍUS · HairDoo · Vitamin water · Café Konditori Copenhagen

GARÐHEIMAR

FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 19ÁR

KJÖRKASSINN

Nægir að láta stjórnlagaráð koma í stað stjórnlagaþings?

Já 58,5%

Nei 41,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú áhuga á að sjá hljómsveitina Eagles á tónleikum?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Talið er að um 20 prósent af farmi Goðafoss séu ótryggð:

Um 430 viðskiptavinir eiga farminn

SIGLINGAMÁL Talið er að um 20 prósent af farmi Goðafoss séu ótryggð. Verið er að safna saman gögnum frá öllum viðskiptavinum sem voru með vörur um borð í skipinu til að meta heildarvirði farmsins. Fjöldi viðskiptavina er svipaður og fjöldi gáma um borð, eða um 430 talsins.

Eimskip fær ekki upplýsingar um verðmæti eða innihald farmsins nema um eiturefni sé að ræða.

Farmurinn í Goðafossi var af ýmsum toga. Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir hann mestmegnis hafa verið almennar neysluvörur; fiskur í frystigámum, matvæli og raftæki.

GOÐAFOSS STRANDAÐUR Farmurinn var mestmegnis matvæli, sjónvörp og myndbandsupptökuvélar.

„Það eina sem við vitum nákvæmlega um farminn, er að í honum eru engin eiturefni," segir Ólafur. Spurður hvort það sé rétt að málmhjúpurinn sem er ætlaður utan um tónlistarhúsið Hörpu hafi verið um borð, segist Ólafur ekki hafa neitt meira fyrir því en hann hafi lesið um í fjölmiðlum. Ekkert skemmdist um borð við strandið.

Eimskip hefur lýst yfir sjótjóni í samræmi við siglingalög. Tjónið er jafnað niður, eigendur allra verðmætanna munu greiða sameiginlegan kostnað sem af atvikum hlýst. Þeir sem eru með farmtryggingu verða ekki fyrir tjóni. - sv

Skothríð í Írak:

Fimm drepnir á Degi reiðinnar

ÍRAK, AP Öryggissveitir í norðurhluta Íraks skutu til bana að minnsta kosti fimm mótmælendur í mótmælum á Degi reiðinnar sem efnt var til í landinu í gær. Tugir særðust. Efnt var til mótmælanna á Facebook og fleiri vefsíðum í því skyni að feta í fótspor mótmælenda í öðrum arabaríkjum. Fjölmennustu mótmælin voru í norðanverðu landinu.

Þrír voru skotnir í borginni Hawija og tveir féllu þegar öryggissveitir skutu á mótmælendur við ráðhúsið í Mosul. -pg

ORKA SA og SI efast um áherslu á smærri orkukaupendur í drögum að orkustefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samtök iðnaðar og atvinnulífs:

Gagnrýna drög að orkustefnu

ORKUMÁL Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins telja að drögum að orkustefnu fyrir Ísland sé verulega áfátt.

Í umsögn sem samtökin skiluðu til iðnaðarráðuneytis segir að „greiningar skorti, umfjöllun sé ómarkviss, engin tilraun gerð til að meta árangur þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið og ályktanir byggðar á veikum grunni."

Þá er kastað fram efasemdum um áhersluna á að selja orku í smærri skömmtum og hvort ástæða sé til að blása af stærri samninga til orkusölu á meðan ekki er víst að sú stefnubreyting sé fær. - þj

FASTEIGNASALA 97 kaupsamningum og afsölum að atvinnuhúsnæði var þinglýst í janúar.

Kaup á atvinnuhúsnæði:

Minni umsvif en á síðasta ári

FASTEIGNAMARKAÐUR Alls var 97 kaupsamningum og afsölum um atvinnuhúsnæði þinglýst á landinu í janúarmánuði. Þar af voru 45 á höfuðborgarsvæðinu og 52 utan þess.

Fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands að heildarfasteignamat seldra eigna á höfuðborgarsvæðinu var 1.760 milljónir króna en 1.194 milljónir króna utan þess. Af þessum samningum voru ellefu um verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er talsvert minna en í janúar á síðasta ári þar sem 119 kaupsamningum og afsölum var þinglýst. - þj

ÁRBÓT Í AÐALDAL Bragi telur að samningarnir við Árbót og Torfastaði hafi skapað fordæmi í máli Götusmiðjunnar sem erfitt hefði verið fyrir Barnaverndarstofu að hunsa.

Einkarekstrarformið dautt í bili segir BVS

Skýrsla um Árbótarmálið sýnir að ekki er hægt að semja áfram við einkaaðila um rekstur meðferðarheimila, að mati forstjóra Barnaverndarstofu. Afstaða Ríkisendurskoðunar til uppgjörs við Götusmiðjuna olli honum vonbrigðum.

STJÓRNSÝSLA „Ég held að í ljósi þessarar skýrslu þá sé þetta einkarekstrarform dautt í bili," segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, um harðorða skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því á fimmtudag.

Í skýrslunni er sjónum einkum beint að svokölluðu Árbótarmáli og 30 milljóna bótagreiðslu til eigenda heimilisins, sem þáverandi félags- og fjármálaráðherra ákváðu, sögð er hafa gengið í gegn án nokkurrar lagaskyldu eða málefnalegra röksemda. Þá er einnig vikið að öðrum uppgjörsgreiðslum, til heimilanna Torfastaða og Götusmiðjunnar, sem þó eru sagðar ósambærilegar.

BRAGI GUÐBRANDSSON

Bragi segir að skýrslan sýni að slík óvissa ríki um það hvernig fara skuli með framkvæmd þjónustusamninga um rekstur meðferðarheimila að það sé ekki vinnandi vegur að halda einkarekstrarforminu til streitu án þess að verulegar breytingar verði þar á.

> Hún tekur í öllum meginatriðum undir þau sjónarmið sem Barnaverndarstofa hefur haldið á lofti í tengslum við þessi starfslok meðferðarheimila í gegnum árin, ekki síst er varðar Árbótarmálið
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

Bragi segist í heildina ánægður með skýrslu Ríkisendurskoðunar. „Hún tekur í öllum meginatriðum undir þau sjónarmið sem Barnaverndarstofa hefur haldið á lofti í tengslum við þessi starfslok meðferðarheimila í gegnum árin, ekki síst er varðar Árbótarmálið."

Bragi segir að það sé aðallega afstaða Ríkisendurskoðunar til uppgjörsins við Götusmiðjuna sem veldur honum vonbrigðum. Götusmiðjan fékk um 34 milljóna greiðslu, 14 vegna launa starfsfólks og 20 vegna gamalla skulda.

„Það má skilja á skýrslunni að það sé sjónarmið Ríkisendurskoðunar að það hefði átt að rifta samningnum án nokkurra bóta. Það finnst mér fullglannaleg niðurstaða með hliðsjón af því að starfsfólkið hafði ekki aðeins fyrirvaralaust misst atvinnu sína heldur stóð líka frammi fyrir að vera launalaust á uppsagnartíma. Auk þess var alveg fyrirsjáanlegt að hefðum við rift samningi einhliða þá hefðu í því falist málaferli með ófyrirséðri útkomu," útskýrir Bragi.

Bragi segir að það sé vissulega rétt að stofnað hafi verið til skuldanna sem bættar voru áður en þjónustusamningurinn við Barnaverndarstofu kom til. Hins vegar hafi rót þeirra verið vegna meðferðarúrræða fyrir ungmenni og því þótti ekki forsvaranlegt að keyra forstöðumanninn í þrot. Þar að auki hafi samningar félagsmálaráðuneytisins við Torfastaði og Árbót – en sá samningur var langt kominn þegar samið var við Götusmiðjuna – sett fordæmi sem erfitt var að hunsa.

stigur@frettabladid.is

ÞJÓÐARSORG Fána Nýja-Sjálands er nú flaggað í hálfa stöng hvarvetna í landinu, þar á meðal í Lyttelton, skammt frá upptökum skjálftans á þriðjudag.

MYND/AFP-NORDICPHOTOS

Jarðskjálftinn á Nýja-Sjálandi:

Enginn finnst á lífi í rústunum

NÝJA-SJÁLAND, AP Enn er að minnsta kosti 220 manna saknað í Christchurch á Nýja-Sjálandi eftir að jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter reið yfir borgina á þriðjudag. Staðfest er að 113 manns hafa látist. Sjötíu manns var bjargað úr rústum fyrsta sólarhringinn eftir skjálftann en eftir það hefur enginn fundist á lífi.

Murray McCully, utanríkisráðherra Nýja-Sjálands, sagði í gær að senn yrði bundinn endi á markvissar tilraunir björgunarsveita til að finna fólk á lífi í rústunum. Ráðherrann sagði fólk vera að búa sig undir að færa fjölskyldum þeirra sem enn er saknað „verstu fréttir sem hægt er að fá". - pg

Sendi bréf til Christchurch:

Jón Gnarr sendi samúðarkveðju

REYKJAVÍK Jón Gnarr borgarstjóri hefur sent samúðarkveðju til Bobs Parker, borgarstjóra í Christchurch, vegna jarðskjálftanna á sveðinu.

JÓN GNARR

Óttast er um líf allt að 300 manns á svæðinu eftir skjálftann á þriðjudag. Búið er að finna að minnsta kosti 100 manns sem létu lífið og er 200 manns enn saknað.

Jón sagði í kveðju sinni að hugur sinn og borgarbúa væri með fjölskyldum og vinum hinna látnu. Hann sagðist jafnframt hugsa til þeirra sem þjást af völdum náttúruhamfaranna og vonast til þess að björgunarstarf myndi ganga vel og hægt yrði að bjarga fleiri mannslífum. - sv

www.skra.is

Nýr opnunartími frá 1. mars

kl. 9.00-15.30

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

BMW

www.bmw.is

Hrein akstursgleði

FRUMSÝNUM ÞRJÁ NÝJA BMW xDRIVE Í DAG.

Það er stór dagur hjá okkur í dag því við frumsýnum þrjá magnaða nýja jeppa frá BMW. Bílarnir sem um ræðir eru nýjar og uppfærðar útgáfur af X1, X3 og X5. BMW bílar eru löngu heimsþekktir fyrir einstaka aksturseiginleika og þessir þrír uppfylla sannarlega óskir þeirra kröfuhörðustu á því sviði. Búnaður er allur í efsta gæðaflokki, bæði hvað þægindi og öryggi farþega varðar. Verðið mun koma þér á óvart, því það er staðreynd að leitun er að betri kaupum í flokki lúxusjeppa á Íslandi í dag.
Við bjóðum alla velkomna til okkar í dag að skoða nýju BMW jeppana, við höfum opið frá kl. 12-16.

KYNNTU ÞÉR NÝJU xDRIVE LÍNUNA.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM45383

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M.

SEM
SAMTÖK ENDURHÆFÐRA MENNTASKÓLADÆTRA

Útdráttur 24. feb 2011

Ferðavinningar frá Heimsferðum kr 200.000

2851	19751	36979	54601	71079	83479	99011	115783	128078
3471	21058	37299	55174	71307	85352	102760	118362	129489
12404	23689	38209	55204	71327	90232	107051	118708	130250
12965	26587	41660	55628	71921	91283	108169	120430	132010
13087	31421	42383	58701	78472	91707	109683	123679	
13446	33008	47695	64798	79435	91728	109716	124762	
14131	34838	49688	69328	81140	96863	114807	125109	

Ferðavinningar frá Heimsferðum kr 100.000

25	17133	30130	41707	54398	77009	88435	103692	119463
613	17260	30360	42103	54917	78128	88546	104471	120395
689	18197	30850	42408	56278	78288	88551	104990	120605
1444	18485	31595	42467	58458	78820	89062	106925	122023
2624	19475	32574	42613	59110	79098	89507	106936	122569
4188	19630	33227	43757	59282	79347	89742	107160	123379
4242	20324	33665	43788	61588	80183	89857	107430	123400
6073	20427	34181	44136	63386	80859	90299	107481	124066
7006	20754	35895	44388	63771	81393	91428	107775	124865
7109	21623	35925	45993	65545	83520	92231	107844	124924
7221	22213	36595	46066	67463	84302	93263	108518	125142
8478	23016	36602	46242	68600	84681	95290	108738	125961
9745	23265	36924	46534	68880	84851	95326	110311	126439
10616	25091	37263	46656	70702	85436	97316	113838	127100
10821	25140	37294	48070	70995	85526	98613	114747	127733
11236	25412	38345	48086	71174	85840	100661	115494	127951
11370	25543	38778	48332	71373	86281	100798	115584	128181
12427	25681	38925	50455	72807	86349	100808	116482	129379
14930	25989	40247	50802	74094	87077	101033	116512	129666
15202	27251	40577	51041	74133	87504	101399	117322	129882
15249	27914	40595	51246	74735	87505	101520	117370	129918
15357	28016	40761	51677	74735	87618	102982	117581	131737
15891	29236	40792	52094	74799	88326	103323	118005	
16610	29518	40899	53487	76211	88398	103337	118285	

Vinninga ber að vitja innan árs.
Upplýsinga sími 588-7470 og á heimasíðu **SEM.is**

Þökkum ómetanlegan stuðning. Birt án ábyrgðar.

Ekki hróflað við áfengiskaupaaldri

Hvorki stendur til að heimila áfengisauglýsingar né lækka áfengiskaupaaldur. Starfshópur fjármálaráðherra mælti með lækkun aldursmarkana og afnámi algjörs auglýsingabanns. Endurskoðuð áfengisstefna stjórnvalda er væntanleg.

STJÓRNMÁL Í bígerð er að breyta lögum um verslun með áfengi og tóbak og leggja fram nýja áfengisstefnu stjórnvalda. Undirbúningur er á lokastigi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er, að svo stöddu, hvorki áformað að heimila áfengisauglýsingar né lækka áfengiskaupaaldurinn.

Ráðist er í lagabreytinguna og mótun nýrrar áfengisstefnu að undangenginni vinnu starfshóps fjármálaráðherra um heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar. Starfshópurinn skilaði skýrslu fyrir rúmu ári. Helstu niðurstöður hans voru að gildandi löggjöf og markmið hennar endurspegluðu ekki framkvæmd og viðhorf til áfengismála.

Í skýrslunni kom fram að í áfengisstefnu stjórnvalda hefði almennt verið miðað við að draga ætti úr neyslu áfengis. Taldi hópurinn svo víðtækt markmið óheppilegt og ekki í góðu samræmi við framkvæmd áfengismála. Á Norðurlöndunum væri stefnan fyrst og fremst að draga úr skaðlegri neyslu áfengis. Var mælt með að sú stefna yrði mörkuð hér.

Starfshópurinn taldi þörf á endurskoðun áfengiskaupaaldursins í samræmi við önnur réttindi. Í skýrslu hans sagði meðal annars að svo virtist sem foreldrar veigruðu sér við að banna áfengisneyslu eftir átján ára aldur og að samfélagið virtist hafa samþykkt að í lagi væri að neyta áfengis við þau aldursmörk þótt lög kvæðu á um annað. Hvað sem því og öðru liði hnigju einnig rök til þess að halda í núverandi fyrirkomulag. Ef ætlunin væri að halda í núverandi aldur þyrfti að samræma lögræðisaldur og leyfilegan aldur inn á vínveitingastaði við áfengiskaupaaldur.

Að mati starfshópsins er óraunhæft að ætla að hægt sé að koma algjörlega í veg fyrir auglýsingar áfengis. Lagði hann til að heimila bæri slíkar auglýsingar með miklum takmörkunum. Slíkt væri í samræmi við reglur flestra Norðurlandaþjóðanna og gerði eftirlit skilvirkara og eyddi réttaróvissu.

Starfshópurinn taldi enn fremur óæskilegt að afnema einkasölu ríkisins á smásölu áfengis; þvert á móti ætti að styrkja stöðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

bjorn@frettabladid.is

Í RÍKINU Áfram þarf fólk að hafa náð tuttugu ára aldri til að mega kaupa sér vín.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

www.sjukra.is

Átt þú rétt á endurgreiðslu vegna dvalar á sjúkrahóteli?

Sjúkratryggingum Íslands hefur verið falið að endurgreiða kostnað sjúkratryggðra sem dvöldu á sjúkrahótelinu Lind á tímabilinu 15. september 2005 til og með 30. september 2009.

Teljir þú þig eiga rétt á endurgreiðslu vegna dvalar á sjúkrahótelinu á þessu tímabili hvetjum við þig til að senda rafræna umsókn þess efnis, sem finna má á vef stofnunarinnar **www.sjukra.is**, eða hafa samband við þjónustumiðstöð í **síma 515-0000**.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2011.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Korfu
Grískadraumaeyjan

Nýjung!

Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

Flugsæti

Verð frá 89.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar 18. júní.
* Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

BEINT
MORGUNFLUG MEÐ ICELANDAIR Í ALLT SUMAR

Flugáætlun

UPPSELT 28. maí	9. júlí	23. ágúst
7. júní	23. júlí	24. sept.
18. júní	2. ágúst	1. okt.
28. júní	13. ágúst	

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Louis Corcyra Beach ★★★★

Louis Corcyra Beach er gott fjögurra stjörnu „allt innifalið" hótel, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Einungis um 5 mín. göngufjarlægð frá miðbæ Gouvia.
Fallegt útsýni er yfir Gouvia-flóann og á hótelinu er barnaklúbbur og skemmtidagskrá.

Verð frá 155.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Allt innifalið. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli:
184.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 165.900 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 194.900 kr. m.v. 2.

Ipsos Beach ★★★

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel , einungis 50 til 80 metrum frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnarlaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

Verð frá 119.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Hálft fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 126.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 129.900 kr. m.v. 2+2. *Verð án Vildarpunkta 136.900 kr. m.v. 2.

Helion íbúðir ★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvia. Gestamóttaka og smáverslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

Verð frá 120.190 kr. *
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 130.920 og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta 130.190 kr. m.v. 2+2. *Verð án Vildarpunkta 140.920 kr. m.v. 2.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53089 02/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið

Fagna tillögum

Staðganga, stuðningsfélag staðgöngumæðrunar á Íslandi, og Tilvera, samtök um ófrjósemi, fagna tilkomu þingsályktunartillögunnar í umsögnum sínum. Í umsögn Staðgöngu kemur fram að félagið „telur að lagafrumvarp til laga sem heimili fulla staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni muni fela í sér mikilvæga réttarfarslega bót fyrir íslenskt samfélag.“ Með því að heimila fulla staðgöngumæðrun sé stigið skref sem sé í „eðlilegu framhaldið við þá réttarstöðu sem gildir hér á landi hvað tæknifrjóvganir varðar og tryggi jafnræði milli íslenskra kvenna sem glími við ófrjósemi.“ Félagið leggur áherslu á að frumvarp verði lagt fram sem fyrst. Áherslu eigi að leggja á vönduð vinnubrögð og að litið verði til allra þátta sem málinu tengjast. Þá leggur það áherslu á að samkomulag eigi að vera að fullu bindandi. Það muni koma í veg fyrir að aðilar geti rofið samkomulag eftir að staðgöngumóðir sé þunguð.

Tilvera, samtök um ófrjósemi, segir að mun betri kostur sé að leyfa staðgöngumæðrun og hafa um hana skýr lög og reglur en að banna úrræðið og „vita þá ekkert hvað er að gerast bak við tjöldin.“ Samtökin vilja jafnframt að staðgöngumóðir þurfi ekki að greiða kostnað sem gæti hlotist af eftirköstum fæðingar og að hún verði að hafa fætt barn áður.

Frekar ættleiðingar

Siðfræðistofnun HÍ segir margt benda til þess að ástæða þess mikla flýtis sem sé á málinu sé sú að nokkur pör bíði þess að geta nýtt úrræðið hið fyrsta. „Ef það er mat þingheims að samfélagið eigi að bregðast við vanda þessara einstaklinga leggur Siðfræðistofnun til að skoðaðar verði aðrar leiðir til þess en að staðgöngumæðrun verði heimiluð.“ Læknafélag Íslands „telur mikilvægt að stjórnvöld leiti allra leiða til að auðvelda aðgang að ættleiðingu þannig að ættleiðing verði raunverulegt úrræði fyrir þá sem vilja með þeim hætti stofna eða stækka fjölskyldu.“

Barnaheill benda á að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eigi sérhvert barn meðfæddan rétt til lífs og ríki skuli tryggja að það megi lifa og þroskast. Fjarri lagi sé að öll börn fái þann rétt uppfylltan. Barnaheill „telja mikilvægara út frá hagsmunum barna að leggja áherslu á það að tryggja öllum börnum réttinn til lífs og þroska og leggja því til að frekari vinna verði lögð í það að auðvelda íslenskum barnlausum hjónum að ættleiða börn.“ Umboðsmaður barna segir fjölmörg börn um allan heim séu munaðarlaus og því væri eðlilegra að ríkið myndi beita sér fyrir því að auðvelda ættleiðingar.

MYND/GETTY

Ótímabært að leyfa staðgöngumæðrun

Frekar á að rýmka fyrir ættleiðingum en að heimila staðgöngumæðrun að mati nokkurra umsagnaraðila. Hætta er á að börn og konur verði söluvara. Stuðningsfélag staðgöngumæðrunar og samtök um ófrjósemi fagna tillögunni.

ALÞINGI Siðferðilegum, lagalegum og læknisfræðilegum spurningum varðandi staðgöngumæðrun hefur ekki verið svarað nægilega vel. Þær þarf að leiða til lykta með gagnrýninni og opinni umræðu á sem flestum sviðum samfélagsins.

Þetta kemur fram í umsögnum um þingsályktunartillögu um að heimila staðgöngumæðrun hér á landi. Fimmtán umsagnir hafa borist heilbrigðisnefnd Alþingis vegna málsins. Tvær þeirra fagna tillögunni.

Í umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands segir að siðferðileg álitaefni séu óvenjulega flókin og margræð í þessu máli því þau snerti móðurhlutverkið, yfirráðarétt kvenna yfir líkömum sínum og viðkvæm tengsl foreldra og barna. Stofnunin leggst gegn því að heimila staðgöngumæðrun án mun umfangsmeiri umræðu og umhugsunar. Hraðinn sem sé á málinu sé með öllu óforsvaranlegur og bjóði hættunni heim.

Bent er á í umsögnum að erfitt hafi reynst að greina á milli staðgöngumæðrunar í hagnaðar- og velgjörðarskyni. Barnaheill telja að staðgöngumæðrun geti haft í för með sér að farið verði að líta á börn sem söluvöru, og sama geti gerst varðandi staðgöngumóður. Þannig geti skapast möguleiki á að kúga konur til að selja aðgang að líkama sínum á nýjan og enn alvarlegri máta en þekkst hefur. Siðfræðistofnun segir tilhneigingu hafa verið til markaðsvæðingar og Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af því að þetta leiði til þess að litið verði á börn sem söluvöru.

„Þá er vert að undirstrika að nágrannalönd okkar, svo sem Norðurlöndin, heimila ekki staðgöngumæðrun og því ljóst að við munum marka stefnu á þessu sviði sem litið verður til,“ segir í umsögn stofnunarinnar. Í sama streng tekur Rauði kross Íslands, og Mannréttindaskrifstofa Íslands segir að stjórnvöld hljóti að bera sig sérstaklega saman við Norðurlöndin. **thorunn@frettabladid.is**

KONURNAR VIÐ YFIRHEYRSLU Víetnömsku konurnar náðu að senda póst til sendiráðsins í Taílandi og komust þannig í öruggar hendur. NORDICPHOTOS/AFP

Víetnamskar konur í Taílandi neyddar í barnsburð:

Lögreglan upprætir barnasöluhring

TAÍLAND Fjöldi fólks hefur verið handtekinn í tengslum við sölu á börnum víetnamskra kvenna í Taílandi. Sumar þeirra höfðu verið neyddar til að ganga með börnin. Þær fengu hjálp eftir að hafa sent tölvupóst til víetnamska sendiráðsins í Taílandi.

Barnasöluhringurinn teygði anga sína til nokkurra annarra Asíulanda, að því er fram kemur í frétt breska ríkisútvarpsins BBC, en handtökur fóru í vikunni fram í Taívan, Kína og Búrma. Barnasöluhringurinn, sem gengur undir heitinu „Baby 101“, auglýsir einnig þjónustu staðgöngumæðra.

„Þetta er ólöglegt og ómannúðlegt. Í sumum tilvikum lítur út fyrir að konunum hafi verið nauðgað,“ segir Jurin Laksanawisit, heilbrigðisráðherra Taílands.

Á vef barnasölunnar, sem nú hefur verið lokað, stóð að sæðis- og egggjafar fyrirtækisins væru einstaklega myndarlegt og heilsuhraust fólk. Sýndar voru myndir af húsum og spítölum í friðsælu umhverfi með sundlaugum og strangri öryggisgæslu.

Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins í Taílandi sagði við BBC að nú væri verið að hlúa að fjórtán víetnömskum konum sem lent hefðu í klóm barnasöluhringsins. Konurnar eru sagðar mjög hræddar og illa leiknar.

„Níu kvennanna segjast hafa þekkst boð um vinnu hjá hringnum vegna launanna, en þær áttu að fá fimm þúsund Bandaríkjadali fyrir hvert barn. Fjórar kvennanna sögðust hafa verið blekktar,“ hefur BBC eftir Manu Mekmok, yfirmanni rannsóknardeildar innflytjendamála í Taílandi. Rannsókn málsins heldur áfram. - sv

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“

Reglubundinn sparnaður er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Fyrir hverju á ég að spara?

Greiða niður skuldir

Ein leið til sparnaðar er að greiða niður skammtímaskuldir. Slík niðurgreiðsla getur verið skynsamlegasta skrefið í fjármálum heimilisins.

Varasjóður

Góður varasjóður getur komið í veg fyrir að óvænt eða mikil útgjöld; viðgerðir og viðhald, heimilistæki eða sumarfrí fjölskyldunnar, setji fjárhaginn úr skorðum.

Langtíma-sparnaður

Með langtímasparnaði byggir þú upp sjóð með það fyrir augum að eiga fyrir breytingum á heimilinu, myndarlegri greiðslu inn á íbúða- eða bílakaup eða safna fyrir framtíð barnanna.

Lífeyris-sparnaður

Með lífeyrissparnaði getur þú byggt upp langtímasparnað sem veitir þér meiri möguleika á auknum ráðstöfunartekjum og sveigjanlegum starfslokum.

Byrjaðu að spara strax í dag. Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

Fíton / SÍA

NEI RÁÐHERRA!

TVEGGJA TÍMA HLÁTURSKAST... MEÐ HLÉI

Opal
- bætir andrúmsloftið

Fáðu þér friskandi Opal og skelltu þér á **Nei ráðherra!** - sprenghlægilegan gamanleik - í Borgarleikhúsinu.

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ámælisverð vinnubrögð en ekki einsdæmi:

Kjördæma-potarar snupraðir

Ríkisendurskoðun hefur nú birt skýrslu sína um þjónustusamninga Barnaverndarstofu við einkarekin vistheimili fyrir börn og unglinga. Kveikjan að rannsókninni var umfjöllun Fréttablaðsins um málefni Árbótar í Aðaldal, en fyrir hana voru blaðamennirnir Trausti Hafliðason og Stígur Helgason tilnefndir til blaðamannaverðlauna.

Árbótarmálið snerist um greiðslu 30 milljóna króna skaðabóta til eigenda heimilisins eftir að þjónustusamningi var sagt upp. Fréttablaðið dró meðal annars fram að ekki hefði verið leitað álits ríkislögmanns um það hvort skylt væri að borga bæturnar. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að ótvírætt hefði átt að leita til ríkislögmanns: „Ekki á að þurfa að deila um það."

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Blaðið birti líka tölvupóstsamskipti stjórnmálamanna um Árbótarmálið. Steingrímur J. Sigfússon beitti sér af krafti sem þingmaður Norðausturkjördæmis í þágu umbjóðenda sinna af því að hann óttaðist að „málið spryngi upp fyrir norðan" og hótaði Árna Páli Árnasyni, þáverandi félagsmálaráðherra, því að hann myndi sem fjármálaráðherra ekki taka neinar ákvarðanir sem tengdust barnaverndarmálum fyrr en lausn að hans skapi fyndist í Árbótarmálinu. Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hafði engar áhyggjur af faglegri stjórnsýslu ráðherranna, heldur sagði í tölvupósti að treysta yrði því að Steingrímur kæmi greiðslunni í höfn. Og Árni Páll skrifaði ósköp beygður að hann væri undir þrýstingi frá kjördæmisþingmönnum að borga milljónirnar 30.

Um þetta segir Ríkisendurskoðun að mikilvægt sé að sporna við óeðlilegum utanaðkomandi afskiptum stjórnmálamanna og annarra af lausn mála á borð við Árbótarmálið: „Slík afskipti grafa undan faglegum vinnubrögðum og draga úr tiltrú almennings á stjórnsýslunni. Á sama hátt er eðlilegt að ráðherrar forðist afskipti af málsmeðferð og ákvörðunum sem öðrum ráðherrum eru falin nema hinir síðarnefndu óski sérstaklega eftir atbeina þeirra."

Vinnubrögðin sem Ríkisendurskoðun snuprar þingmenn og ráðherra fyrir þóttu einu sinni alveg sjálfsögð. Þingmenn hafa vaðið uppi inni á verksviði framkvæmdarvaldsins að skipta sér af öllum sköpuðum hlutum, sem þeir telja koma kjördæminu við, í stað þess að setja reglurnar og fylgjast svo með því að eftir þeim sé farið. Aðhald stjórnarandstöðu með ríkisstjórn hefur farið fyrir lítið þegar þingmenn kjördæmisins þurfa að taka höndum saman eins og í Árbótarmálinu. Ráðherrar hafa misbeitt valdi sínu í þágu umbjóðenda heima í kjördæmi.

Vinnubrögðin í Árbótarmálinu eru ekkert einsdæmi, en vegna kröfu um faglega og hlutlæga stjórnsýslu þykja þau ekki eðlileg lengur. Ástæða þess að þau komust í dagsljósið að þessu sinni var að fjölmiðill gat birt óvenjulega ýtarleg gögn um afskipti stjórnmálamanna af því sem kom þeim ekki við.

Vonandi verða viðbrögðin við skýrslu Ríkisendurskoðunar raunveruleg bót á vinnubrögðum, en ekki bara að þingmenn og ráðherrar passi sig betur á því hvað þeir setja í tölvupóst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Merglaust andsvar Alþingis

Forystumenn ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans brugðust við synjun forseta á þriðju Icesavelögunum með því að segjast vera forundrandi og hissa. Það var merglaust andsvar. Þegar skoða á hvort gagnrýna á ríkisstjórnina fyrir linkind þarf fyrst að greina hvað raunverulega felst í synjun forsetans.

Hafa ber í huga að það er rangfærsla að forseti leiki samkvæmt stjórnarskrá einhvers konar hlutlausan ármann þjóðarviljans er vísi málum eftir atvikum til afgreiðslu hjá löggjafarvaldi Alþingis eða löggjafarvaldi fólksins. Það er líka rangfærsla að beint lýðræði sé fullkomnara en fulltrúalýðræði.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Það sem forseti gerir er að hafna tillögu frá ráðherra um staðfestingu á lögum. Að formi og efni felst í því pólitísk andstaða við lögin og vantraust á dómgreind ráðherrans og þess meirihluta sem að baki honum stendur. Mismunandi skýringar forsetans geta ekki breytt þessu eðli synjunarinnar. Með því að forsetanum var ekki fengið stöðvunarvald er þjóðaratkvæðagreiðslan sjálfvirk afleiðing af synjuninni. Hún er sett í stjórnarskrá til að leysa ágreining forseta og Alþingis.

Í þessu tilviki verður líka að hafa hugfast að Bretar og Hollendingar settu það sem skilyrði fyrir þriðju samningatilraunina að fleiri kæmu að málinu en ríkisstjórnin. Stjórnarflokkarnir beygðu sig fyrir þeirri kröfu. Forysta Sjálfstæðisflokksins sýndi að sama skapi mikla ábyrgð með því að taka þátt í þeirri tilraun utan ríkisstjórnar og á endanum að standa að nýjum samningi.

Ákvörðun forsetans beinist því einnig gegn Sjálfstæðisflokknum. Hún lýsir vanþóknun forsetans og óvirðingu gagnvart ábyrgum og málefnalegum vinnubrögðum á Alþingi.

Hvað er til ráða?

Getur Alþingi sætt sig við að forsetinn lítilsvirði það með þessum hætti? Á þjóðin að sætta sig við að forsetinn grafi þannig undan stöðu hennar eigin löggjafarþings? Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn hafa axlað þá ábyrgð fyrir fólkið að verja stöðu Alþingis. Ráðin eru tvenns konar.

Annað ráðið er að fylgja formreglum stjórnarskrárinnar. Afgreiðsla málsins átti heima í ríkisráði. Tilskipun um starfsreglur ríkisráðs mælir fyrir um málsmeðferð þegar þar er ágreiningur. Fyrirtaka í ríkisráði hefði vissulega veitt forseta meira aðhald. Þarna brást forsætisráðherra í varðstöðu fyrir Alþingi og fólkið.

Hitt ráðið er snúnara. Það felst í því að ríkisstjórn segi af sér og rjúfi þing eða hóti afsögn ef málið fellur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir fræðimenn sem skrifuðu um 26. grein stjórnarskrárinnar fyrr á árum reiknuðu allir með viðbrögðum af því tagi af hálfu meirihluta Alþingis. Þess vegna var talið að beiting greinarinnar gæti leitt til stjórnarkreppu og jafnvel stjórnskipunarkreppu.

Þurfi þjóðin að skera úr ágreiningi forseta og Alþingis verður ekki hjá því komist að afstaðan til málsins sem um er deilt blandist saman við viðhorf til þingmeirihlutans. Þegar þetta gerðist 2004 kom í ljós að ríkisstjórnin var of veik til að standa uppi í hárinu á forsetanum. Að auki treysti hún sér ekki til að verja málstaðinn í þjóðaratkvæði. Uppgjöfin fólst í því að fella lögin úr gildi. Í fyrra stóð eins á nema hvað niðurlæging ríkisstjórnar og Alþingis varð enn meiri í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

„Gelding"

Núna er þingmeirihlutinn með samninga sem auðvelt er að verja en ríkisstjórnin er of veik til að setja sjálfa sig að veði. Það er rétt mat hjá ríkisstjórninni að hótun um afsögn er líkleg til að fella málið. Þversögnin er hins vegar sú að fyrst ríkisstjórnin er fús að starfa áfram þótt málið falli á hún erfitt með að halda því fram að mikið sé í húfi að það verði samþykkt. Án viðbragða er þingmeirihlutinn því í blindgötu og algjörlega háður kjósendum Sjálfstæðisflokksins.

Forsetinn sagði á Bessastöðum á dögunum að það myndi „gelda" 26. greinina ef ríkisstjórnir hótuðu afsögn gegn synjun hans. Það er rétt að því leyti að þá verður þetta leikfang hans til persónulegra sýndarmennskuæfinga óvirkt. Í raun er þetta hin hliðin á hugsun þeirra fræðimanna er fjölluðu um greinina á fyrri tíð nema hvað orðalagið er óheflaðra.

Björn Valur Gíslason sagði í sjónvarpi stundu fyrir ákvörðun forsetans að stjórnarflokkarnir og Sjálfstæðisflokkurinn ættu að mynda nýja stjórn og rjúfa þing ef forsetinn synjaði. Alþingi átti réttilega ekki annað raunhæft ráð til að treysta stöðu sína og málsins.

Megi nota tungutak þjóðhöfðingjans er staðan þessi í hnotskurn: Forsetinn ætlar að gelda Alþingi Íslendinga og þingmeirihlutinn hefur ekki bein í nefinu til að gelda sýndarmennskuæfingar forsetans.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Kátari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

Kraftmeiri krakkar.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir lítið fólk sem er að vaxa. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og við foreldrar vitum að börn, sem borða hollan mat, verða sprækari, hreyfa sig meira og dafna betur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKUR KJÖRFUGL
FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS

FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.

FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI **998** KR.KG.

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.

ALLT Í SPAGHETTI BOLOGNESE:
FERSKT **BLANDAÐ HAKK** NAUT/GRÍS 100% KJÖT
898 KR.kg
BARILLA **SPAGHETTI** 1.KG
259 KR. 1kg

WESSON CANOLA MATAROLÍA
398 KR. 1.2 ltr

GV FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**
895 KR.KG.

NÝBAKAÐ Í BÓNUS
MJÚKAR KRINGLUR
198 KR./ 4 STK.

MYLLU **HEIMILSBRAUÐ** 385g
129 KR./ 385g

BASMATI HRÍSGRJÓN
5 x100 g POKAR
298 KR.500g

KS FROSIN **LAMBASVIÐ**
259 KR.KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS

BAGUETTE BRAUÐ **129 KR.**STK

OPERA d´ITALIA HRÁSKINKA
498 KR.100g

Sérskorið Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ **LAMBALÆRI** **1359** kr.kg

MANGÓLAMB

Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð: **1998** kr.kg

159 KR.kg
APPELSÍNUR SPÆNSKAR

165 KR.kg
SÍTRÓNUR SPÆNSKAR

FERSKAR KRYDDJURTIR 50g **398** KR.PK

GERÐU PIZZUNA HEIMA

BÓNUS SPELT PIZZADEIG 400g
259 kr.boxið

BÓNUS PIZZADEIG 400g
198 kr.boxið

498 KR.kg
FERSK ENGIFERRÓT

ENGIFERDRYKKUR Sollu Eiríks

ENGIFERVATN
5 sm engiferrót, afhýdd og skorin í bita.
Sett í pott með 1 ltr. af vatni og soðið í 15 mín, slökkt undir og látið standa í aðrar 15 mín.
Þessi drykkur er góður bæði heitur og kaldur.

ENGIFERVATN MEÐ EPLABRAGÐI
5 cm engiferrót, afhýdd og skorin í bita
sett í pott með 1 ltr. af eplasafa.
Soðið við vægan hita í 30 mín. Látið kólna niður.
Hægt að drekka epla-engifervatnið heitt eða kalt !

1598 KR.kg

NF FROSIN ÍSLENSK SJÓBLEIKJA
BEINLAUS MEÐ ROÐI

ÍTALSKT SALAT 100g **259 kr.boxið**

SOLLU LÍFRÆNT
AGAVESÝRÓP 425g
598 kr.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Bræðurnir fylgjast að

Páll Harðarson er fæddur árið 1966 og varð hann 45 ára þremur dögum eftir að hann tók við forstjórastöðu í Kauphöllinni. Páll á tvíburabróður, Magnús, og hafa þeir fylgst náið að í gegnum lífið. Þeir ólust upp í Hlíðunum í Reykjavík, gengu saman í Verzlunarskólann og fóru á sama tíma utan til Bandaríkjanna í grunnnám í hagfræði við Macalester College í St. Paul í Minnesota árið 1985. Háskólinn í Minnesota var vinaskóli Háskóla Íslands og var kominn vísir að Íslendingasamfélagi ytra þegar þeir bræður komu þangað um tvítugir að aldri.

Vinna …
Að lokinni útskrift héldu þeir bræður áfram í doktorsnámi í hagfræði við Yale-háskóla í Connecticut, einni elstu og virtustu menntastofnunum Bandaríkjanna. Þótt þeir bræður hafi fylgst náið að í gegnum lífið skildu þar leiðir á fræðilega sviðinu: Páll lagði fyrir sig rekstrarhagfræði og leikjafræði markaðshagkerfisins en Magnús þjóðhagfræði. Þeir útskrifuðust árið 1998, sneru þá aftur heim og stofnuðu ráðgjafarfyrirtækið Ekonomika – hagfræðiráðgjöf. Fljótlega fengu þeir ýmis verkefni, svo sem um þjóðhagslegan ávinning af stóriðju. Sú vinna leiddi þá á fund Þórðar Friðjónssonar, þá forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Fyrir stofnunina unnu þeir jöfnum höndum að gerð líkana þar sem metinn var þjóðhagslegur kostnaður við innleiðingu Kyoto-bókunarinnar og áhrif af fyrirhuguðum virkjanaáformum á Eyjabakkasvæðinu.
Þórður tók við starfi forstjóra Verðbréfaþings Íslands í febrúar árið 2002. Nokkrum mánuðum síðar réð hann þá Pál og Magnús til starfa og urðu þeir forstöðumenn hvor á sínu sviðinu; Páll varð forstöðumaður rekstrarsviðs og staðgengill forstjórans en Magnús forstöðumaður viðskiptasviðs. „Við höfum alla tíð verið mjög samrýmdir og átt mjög auðvelt með að vinna saman," segir Páll um náið samstarf þeirra bræðra í gegnum tíðina.

Hagfræðin …
En af hverju heillaði hagfræðin? „Pabbi, Hörður Einarsson, er lögfræðingur og var lengi vel ritstjóri á Vísi og annar útgefenda DV. Svo hafði Yngvi eldri bróðir okkar lært hagfræði. Ég held að þetta hafi verið löngun til að skilja betur ganginn í umhverfinu. Hagræn efni leika svo stór hlutverk þótt maður skilji þau ekki og mér fannst ég vera utangátta, vildi skilja hluti. Þetta var sennilega kveikjan. En frá því mjög snemma í náminu ætlaði ég mér aldrei að stefna að því að vinna beint við hagfræði og hef ekki gert það. Ég hafði enga löngun til að verða kennari eða háskólaprófessor. Mér fannst það ekki áhugavert og vildi frekar vera í kringum fólk sem hugsar allt öðruvísi en maður sjálfur," segir Páll.

Fjölskylda …
Lýsingin gæti ekki átt betur við um bandaríska eiginkonu hans, Deborah-Ann Vanessa Hughes, doktor í amerískum fræðum. Þau hittust í Yale og var hún í allt öðru námi, bókmenntum og sögu, og af suður-amerísku bergi brotin, foreldrarnir frá Bresku Gvæjana en búsettir í Brooklyn í New York borg. „Hún opnaði mér mér nýjan heim," segir Páll en saman eiga þau þrjú börn, níu, sjö og fimm ára.

Tómstundir …
Páll hefur ekki mikinn tíma aflögu þegar vinnu sleppir. Spurður um tómstundir segir hann hagfræðina efst á blaði: „Mér finnst mjög skemmtilegt að fylgjast með hagfræðilegri umræðu hér og úti í heimi og því sem tengist Kauphöllinni beint og óbeint," segir hann en viðurkennir að þó hafi hann árið 2008 tekið upp á því að skokka. Þó ekki mikið, sex til átta kílómetra í hvert sinn um þrisvar í viku. „Það skiptir öllu máli, manni líður svo vel þegar því lýkur," segir hann.

EINEGGJA TVÍBURAR Páll stendur hér við hlið Magnúsar bróður síns. Þeir eru eineggja tvíburar og hafa fylgst að í gegnum lífið. Nær alla tíð hafa þeir búið saman og starfað saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝRÁÐINN FORSTJÓRI Páll Harðarson hefur unnið í Kauphöllinni í níu ár. Hann tók við forstjórastarfinu fyrr í mánuðinum. Páll býst við að fjöldi fyrirtækja verði skráður á hlutabréfamarkað eftir skell í kjölfar efnahagshrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forstjórinn sem vildi ekki verða prófessor

Páll Harðarson tók við starfi forstjóra Kauphallarinnar í byrjun mánaðar. Hann segir sterkar vísbendingar um viðsnúning á markaði og reiknar með spennandi hausti. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við Pál um það hvað þurfi til að ýta hagkerfinu af stað.

Því er ekki að neita að hún er skrýtin tilfinningin sem bærist manni í brjósti. Ég var búinn að starfa mjög náið með Þórði í langan tíma og mat hann mjög mikils," segir Páll Harðarson, sem á dögunum tók við forstjórastarfi í Kauphöllinni eftir frá fall Þórðar Friðjónssonar sem hafði gegnt starfinu í níu ár.

Þórður hafði lengi beitt sér bæði í máli og riti fyrir endurreisn efnahagslífsins eftir hrunið 2008. Páll segir glitta í að uppskeran skili sér bráðlega.

Forsvarsmenn nokkurra fyrirtækja og fulltrúar þeirra hafa fundað með forsvarsmönnum Kauphallarinnar síðustu tvo mánuði og er útlit fyrir að tvö fyrirtæki verði skráð á hlutabréfamarkað hér fyrri hluta árs og fleiri í haust. Síðast var fyrirtækið skráð á markað hér árið 2007.

„Miðað við þann fjölda forsvarsmanna fyrirtækja sem hafa fundað með okkur sýnist mér margt benda til að í ár verði mesta aukning í skráningum á markað frá 1999," segir Páll og bendir á að í sumum tilvikum séu fyrirtækin búin að innleiða ferla fyrir skráningu, í öðrum sé verið að móta þá.

Uppsveifla eftir hrun

Páll rifjar upp að á tíunda áratug síðustu aldar og fram að því er netbólan reis sem hæst rétt fyrir aldamótin hafi verið mikill uppgangur á hlutabréfamarkaði. Skráðum félögum fjölgaði þá úr engum árið 1990 í 75 þegar mest lét níu árum síðar. Nokkur fyrirtækjanna voru umfangsmikil en fleiri lítil. Í kjölfarið tóku við samrunar og afskráningar og fækkaði félögum á markaði. Bankahrunið hafði mikil áhrif á Kauphöllina og eru nú ellefu fyrirtæki skráð á markað.

Páll telur aðstæður svipaðar nú og í árdaga hlutabréfamarkaðar fyrir tuttugu árum.

„Það er mikil gróska hér. Ég held að þegar fram líða stundir gætum við verið með sambærilegan fjölda. Það kæmi mér verulega á óvart ef skráningum fjölgar ekki," segir hann og nefnir að Marel og Össur, stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni, hafi orðið risar eftir skráningu; til dæmis hefur Marel 328-faldast á tuttugu árum.

Bremsa á viðreisninni

Og aftur að Þórði Friðjónssyni, sem virtist seint þreytast á því að boða viðsnúning á markaði. En ský dró síðar frá sólu en búist var við.

„Skömmu eftir hrunið vorum við með ákveðnar væntingar um endurreisn bankanna og hvernig það ferli gæti gengið fyrir sig. Síðan þá hefur allt tekið töluverðan tíma og ýmislegt flækt þau áform. Gengistryggðu lánin og fleira settu bremsu á alla endurreisnina. Síðan finnst okkur sem menn hafi farið sér full rólega í því að selja félögin sem bankarnir hafa tekið yfir. Mér finnst það reyndar enn of ríkjandi hugsunarháttur að fyrst þurfi að selja félögin fagfjárfestum sem setji þau á markað. Það eru engin rök fyrir því í mörgum tilvikum, félögin eru algjörlega tilbúin til að fara á markað. Svo skil ég ekki rökin fyrir því að halda almennum fjárfestum fyrir utan tækifærið til að taka þátt í uppsveiflunni. Ég held að menn ofmeti þetta millistykki," segir Páll.

> Mér finnst við hafa sofið á verðinum með innra skipulag hagkerfisins.

Höft og Icesave hindrun

Fleira hefur orðið til þess að hægja á endurreisninni. Gjaldeyrishöft sem innleidd voru eftir hrun hafa sett strik í reikninginn og Icesave-málið tekið sinn toll. Páll vill afnema gjaldeyrishöft eins fljótt og auðið er. Hann telur ólíklegt að það muni hafa gengishrun í för með sér eins og sumir spá.

„Ég er þeirrar skoðunar að gjaldeyrishöftin séu pólitískt viðfangsefni frekar en efnahagslegt. Út frá flestum efnahagslegum mælikvörðum myndi ég halda að það mætti afnema þau tiltölulega fljótt. Ef verið er að bíða eftir hinu fullkomna augnabliki til að afnema höftin þá held ég að það komi aldrei. Það verður alltaf hægt að finna tylliástæðu til að halda þeim. Á sama tíma er mjög hæft fólk að læra að lifa með þeim. Gríðarlegum hæfileikum er verið að sóa út af gjaldeyrishöftunum. Þá er ótalið viðskiptasiðferði og aðrir þættir sem þau hafa áhrif á," segir Páll.

Icesave-málið er af svipuðum toga. „Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þessi frestur á málinu hafi gagnast okkur – að það hafi verið rétt að samþykkja ekki fyrri samninga. Þetta er stórt mál en í augnablikinu finnst mér aðrir þættir mikilvægari," segir hann og setur fyrirvara við gengisáhættuna af Icesave-samningnum. Í fyrsta lagi finnst mér ólíklegt að gengið sígi; í öðru lagi að ef gengið sígur mun verðmæti útflutnings í krónum talið aukast og þar með getan til að standa undir skuldbindingunni. Mér hefur fundist Icesave-málið hafa verið afsökun fyrir aðgerðaleysi," segir Páll og leggur áherslu á að sér finnist sem margir Íslendingar hafi einblínt um of á hluti sem þeir hafi engin áhrif á. „Mér finnst við í raun hafa sofið á verðinum með innra skipulag hagkerfisins. Það ræður á endanum alltaf því hvernig gengur og sker úr um hvort við njótum trausts eða ekki," segir hann.

Halda ótrauð áfram

Páll segir að þótt Þórður hafi vitað af þeirri bylgju sem hann bjóst við handan við hornið þyki sér sárt að hann hafi ekki lifað til að sjá hana.

„Þórður var búinn að búa svo um hnútana hér eins og allir góðir og afgerandi leiðtogar að við höldum bara áfram. Ég er með rosalega gott teymi á bak við mig, held að við séum tilbúin í þetta verkefni og höldum ótrauð áfram. En tilfinningarnar eru vissulega mjög blendnar," segir Páll Harðarson.

Engin transfita

Í Orville örbylgjupoppi eru engar transfitusýrur, það er ekkert leyndarmál á bakvið bragðið okkar!

Gerðu samanburð því það verður að vera Orville

Myndir ársins 2010

Í dag verða veitt verðlaun fyrir bestu ljósmyndir ársins 2010. Þær eru valdar úr fjölda mynda sem sjá má á **Gerðarsafni** á árlegri sýningu **Blaðaljósmyndara-félags Íslands** sem hefst í dag og stendur til 10. apríl. Hér eru nokkrar af myndum *ljósmyndara Fréttablaðsins.*

SJÓNARSPIL Nokkrum dögum eftir að eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi hafði nýtt fjall litið dagsins ljós; gígarnir voru nefndir Magni og Móði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á VAGNAVAKTINNI Litlu börnin á leikskólanum Lundi sofa vært í vögnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

METSÖLUHÖFUNDUR Á MOKKA Bergsveinn Birgisson sló í gegn með bók sinni Svar við bréfi Helgu sem kom út síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VIÐ MÓTMÆLUM Til stimpinga kom á milli lögreglu og mótmælenda þegar málið gegn nímenningunum var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur í maí síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALLTAF Í BOLTANUM FH-ingurinn Freyr Bjarnason og KR-ingurinn Guðjón Baldursson takast á í Pepsi-deildinni síðasta sumar. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

SKUGGAR FORTÍÐAR Biskupinn Karl Sigurbjörnsson og Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, ræddu saman um þagnarskyldu presta. Nærvera forvera Karls í embætti, Ólafs Skúlasonar, var áþreifanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

-35% AF ÖLLUM

SILENCE DÝNUM
120x200, 153x203
og 183x203

TILBOÐIN GILDA TIL 3. MARS

25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum

Silence®

153X203 CM
77.900,-
sparaðu 42.000,-

SILENCE BASIC DREAM. Dýnan er með pokafjöðrum ásamt 7 lögum af svampi.
153x203 cm. Verð 119.900,- **NÚ 77.900,-**
183x203 cm. Verð 134.900,- **NÚ 86.900,-**

120X200 CM
89.900,-
sparaðu 50.000,-

SILENCE CLASSIC UNIQUE. Dýnan er með pokafjöðrum ásamt 6 lögum af stífum svampi.
120x200 cm. Verð 139.900,- **NÚ 89.900,-**
153x203 cm. Verð 149.900,- **NÚ 96.900,-**
183x203 cm. Verð 169.900,- **NÚ 109.900,-**

183X203 CM
135.900,-
sparaðu 74.000,-

SILENCE EXCLUSIVE. Dýnan er með tvöföldu pokafjaðrarkerfi. Efri hluti dýnunnar inniheldur pokafjaðrir, latex og hitanæman svamp.
120x200 cm. Verð 179.900,- **NÚ 116.900,-**
183x203 cm. Verð 209.900,- **NÚ 135.900,-**

-50% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

FLORAL. Sængurver, röndótt m. blóma þrykki. 140x200/50x70 cm.
Verð 6.900,- **NÚ 3.450.-**

CASABLANCA. Sængurver, fjólub./hv. 140x200/50x70 cm.
Verð 4.990,- **NÚ 2.495.-**

BUBBLE. Sængurver, hv. m. gráu þrykki. 140x200/50x70 cm.
Verð 7.500- **NÚ 3.750.-**

CASABLANCA. Sængurver, grænt/hv. 140x200/50x70 cm.
Verð 4.990,- **NÚ 2.495.-**

TEMPRAKON. Dúnsokkar.
Herra og dömu. Verð 5.995,-

RISCAS. Rúmteppi.
180x260 cm. Verð 12.995,-/stk.
230x260 cm. Verð 14.995,-/stk.

TEMPRAKON. Sæng, 90% síberíu dúnn/10% smáfjaðrir 360 gr.
135x205 cm. Verð 34.995,-

ARCTIC. Púði. 1900gr. andafjaðrir. 60x90 Verð 3.990,-
SLEEP. Púðaver m/sv. útsaum. Bómull. 60x90 cm. Verð 2.995,-

© ILVA Ísland 2011

-60% AF ÖLLUM MOTTUM

PANTER.
Sisal ocean. 80x172 cm.
Verð 22.900,- **NÚ 8.995.-**

PANTAS. Rýateppi. Ýmsir litir.
140x200 cm. Verð 69.900,- **NÚ 27.900.-**
170x240 cm. Verð 89.900,- **NÚ 35.900.-**



ROSE. Motta handofin, drapplituð. 100% ull. 140x200 cm.
Verð 64.900,- **NÚ 38.900.-**

ILVA kaffi

Smurbrauð
m/hangikjöti.
490,-

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8
112 Reykjavík, sími 522 4500, www.ilva.is
mánudaga - föstudaga **11-18:30**
laugardaga **10-18,** sunnudaga **12-18**

shop online

Ógnarstjórn að enda komin

Valdatíð *Múammars Gaddafí* í Líbíu virðist nú vera að renna skeið sitt á enda, fjórum áratugum eftir að hann steypti atkvæðalitlum forseta af stóli í friðsamlegri byltingu. Hann hefur jafnan þótt með skrautlegri einræðisherrum og íbúar Líbíu hafa vart getað talist öfundsverðir af þessum sjálfskipaða leiðtoga sínum. *Guðsteinn Bjarnason* gluggaði í sögu Gaddafís.

„Við getum varist hverri árás og við munum, ef þörf krefur, útvega þjóðinni vopn,“ sagði Múammar Gaddafí á Græna torginu í Trípolí í gær, hvergi banginn og fékk að launum hávær fagnaðaróp stuðningsmanna sinna.

Þó virðist fátt geta komið í veg fyrir að Gaddafí hrökklist frá völdum á allra næstu dögum. Uppreisnarmenn hafa verið að sækja að höfuðborginni, en liðsmenn Gaddafís fara þar um með vopnum, skjóta á fólk og handtaka.

AÐALMAÐURINN Á STAÐNUM Á sameiginlegum leiðtogafundi Arababandalagsins og Afríkuríkja í haust, fáeinum mánuðum áður en mótmælabylgjan skall á. Gaddafí leggur þarna hendur á axlir forsetanna Ali Abdullah Saleh, sem nú á í vök að verjast í Jemen, og Hosni Mubarak, sem hrökklaðist frá völdum í Egyptalandi fyrir skemmstu. NORDICPHOTOS/AFP

Skrautlegur

Gaddafí verður að teljast með undarlegri einræðisherrum nútímans, og hefur þó vart verið skortur á undarlegheitum í fari þeirra ógnarstjóra sem þann hóp hafa skipað.

Hann er jafnan skrautlega til fara, klæðist litríkum fötum og berst mikið á. Á ferðum til útlanda hefur hann jafnan með sér fjölmennt fylgdarlið og tjald eitt mikið, sem hann gistir í frekar en að fara á hótel eins og aðrir þjóðhöfðingjar.

Einkahjúkrunarkona hans, Galína Kolotnítska frá Úkraínu, er jafnan meðal förunauta hans og sömuleiðis fögur sveit kvenkyns lífvarða, sem vakið hefur athygli og umtal. Sagt er að hann velji þær sjálfur og ófrávíkjanleg krafa sé að þær séu hreinar meyjar, en hvað hæft er í því er ekki gott að segja.

Persónuleikatruflun

Hann komst til valda í byltingu fyrir rúmum fjörutíu árum, þá aðeins 27 ára gamall, en er nú að nálgast sjötugt. Hann hefur verið lengur við völd en nokkur annar þjóðhöfðingi, að tveimur konungbornum undanskildum, þeim Elísabetu Bretadrottningu og Bhumibol Adulyadei Taílandskonungi.

Leiðtogar annarra ríkja hafa löngum átt erfitt með að átta sig á honum.

„Að okkar mati þjáist hann af alvarlegri persónuleikatruflun,“ segir í skjölum bandarísku leyniþjónustunnar CIA frá árinu 1982, og Anwar Sadat, þáverandi Egyptalandsforseti, sagði eitt sinn um Gaddafí: „Hundrað prósent veikur í hausnum.“

Aftur í náðina

Hann veitti hryðjuverkasamtökum víðs vegar um heim lengi vel margvíslega aðstoð, og mátti sæta alþjóðlegum refsiaðgerðum fyrir vikið.

Hann sneri svo við blaðinu árið 2003 og var í framhaldinu hampað svolítið af leiðtogum helstu lýðræðisríkja Vesturlanda. Refsiaðgerðum var aflétt og Líbía gat aftur farið að selja olíu í stórum stíl.

Haustið 2009 mætti hann í fyrsta sinn á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York og flutti ræðu, sem heimurinn átti harla erfitt með að fá botn í þótt megininntakið hafi verið krafa um að Afríkuríki fengi fastafulltrúa í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hann talaði miklu lengur en ráð var fyrir gert og óð úr einu í annað, allt frá því að krefjast rannsókna á morðum Martins Luthers King og Johns F. Kennedy til þess að spá í hvort svínaflensuveiran væri eiturefnavopn búið til á tilraunastofum. Hann bauðst til þess að flytja höfuðstöðvar Sam-

LÍFVERÐIRNIR Meðan Gaddafí skoðaði sig um í listasafninu Louvre í París fyrir fáum árum beið lífvarðasveit hans átekta. NORDICPHOTOS/AFP

einuðu þjóðanna til Líbíu og ítrekaði gamla hugmynd sína um að sameina Ísrael og Palestínu í eitt ríki, sem ætti að heita Ísratína.

Eina lýðræðisríki heims

Gaddafí hefur sagt að Líbía sé eina lýðræðisríkið í heiminum. Frá 1977 hefur hann sjálfur ekki haft formlega stöðu þjóðhöfðingja, nefnir sig ekki forseta heldur lítur á sig byltingarleiðtoga og eins konar ráðgjafa þjóðarinnar til æviloka.

Formlega er stjórnskipun landsins þannig að í hverri borg er kallaður saman almennur borgarafundur nokkrum sinnum á ári. Þeir senda fulltrúa sína á 2.700 manna borgaraþing, sem formlega kýs bæði ráðherra ríkisstjórnar landsins og fer með löggjafarvaldið í samvinnu við ráðherrana.

Í reynd er það þó „ráðgjafinn" Gaddafí sem ræður lögum og lofum í landinu, og hefur þrátt fyrir sérkennilegheit alla tíð sýnt ótvíræða hæfileika til þess að halda völdunum hjá sjálfum sér. Stjórnmálaflokkar eru bannaðir og mótmælasamkomur sömuleiðis. Þegar önnur ráð duga ekki hefur hann ekki vílað fyrir sér að beita grófu ofbeldi til að þagga niður gagnrýni.

Fæddur í bedúínatjaldi

Líbía er að stórum hluta eyðimörk. Þar búa sex til sjö milljónir manna, flestir við strönd Miðjarðarhafsins og er byggðin að mestu tvískipt, annars vegar vestan til við ströndina í kringum höfuðborgina Trípolí en hins vegar austan til í landinu og þar er Benghazi stærsta borgin.

Gaddafí sjálfur er fæddur árið 1942 í bedúínatjaldi í eyðimörkinni skammt frá borginni Sirte, sem stjórnarliðar höfðu enn á valdi sínu í gær.

Gaddafí á átta börn, en af þeim er það helst sonurinn Hannibal sem komist hefur í fréttir á Vesturlöndum – fyrir skrautlega hegðun, drykkjulæti og ofbeldi á ferðalögum sínum í Frakklandi, Sviss og á Ítalíu. Annar sonur hans, Saif al-Islam, virðist hafa átt að taka við af föður sínum þegar fram líða stundir, en getur varla haft miklar vonir um það lengur.

EINRÆÐI GADDAFÍS Í FJÖRUTÍU ÁR

1969 **Muammar Gaddafí**, 27 ára kapteinn í hernum, steypir Idris konungi af stóli án blóðsúthellinga og tekur sjálfur völdin.

1970 Gaddafí rekur **20 þúsund Ítali** úr landi. Þeir voru óvinsælir vegna nýlendustjórnar Ítalíu 1911-43.

1974-76 Gaddafí heimilar **sjónvarpsútsendingar** frá aftökum.

1977 Lýsir yfir **„byltingu alþýðunnar"**, stofnar „íslamsk-sósíalískt" einræðisríki og lýsir sjálfan sig byltingarleiðtoga til **æviloka.**

1977-80 Styður alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, útvegar **IRA** sprengiefni og æfingaaðstöðu, styður **„Sjakalann"** Carlos frá Venesúela og Palestínumanninn **Abu Nidal**, sem flytur bækistöðvar sínar til Trípolí.

1980 Heimilar **pólitísk morð** á stjórnarandstæðingum erlendis.

1984 Útsendarar Líbíu í London drepa bresku lögreglukonuna **Yvonne Fletcher.**

1986 Líbískir útsendarar sakaðir um sprengjuárás **á diskóteki í Berlín**. Tveir bandarískir hermenn láta lífið. **Ronald Reagan** Bandaríkjaforseti svarar með **sprengjuárás** á Líbíu, sem kostar 60 manns lífið, þar á meðal kornunga ættleidda **dóttur** Gaddafís.

1988 Líbískir útsendarar sprengja farþegaþotu frá **Pan Am** yfir bænum **Lockerbie** í Skotlandi. 270 manns láta lífið.

1989 170 manns farast þegar **frönsk** farþegaþota er sprengd á flugi yfir **Sahara-eyðimörkinni**. Sex Líbíumenn dæmdir sekir af dómstól í París.

1996 Gaddafí gefur skipanir um að skjóta meira en **1.100 fanga** í Abu Salim **fangelsinu** í Trípolí.

1999 Gaddafí afhendir tvo **Líbíumenn**, sem ákærðir eru fyrir **Lockerbie-árásina**, eftir þrettán ára lamandi refsiaðgerðir.

2001 **Skoskur dómstóll** sakfellir annan Líbíumanninn, **Abdel Baset al-Megrahi**, og dæmir hann í ævilangt fangelsi.

2003 Gaddafí greiðir **313 milljarða króna** til ættingja þeirra sem létust í Lockerbie-árásinni. Heitir að **eyðileggja** gereyðingarvopn sín.

2004 Refsiaðgerðum aflétt. **Tony Blair** kemur í heimsókn frá Bretlandi.

2006 Bandaríkin og Líbía taka upp **stjórnmálasamband** á ný.

2009 Gaddafí fagnar **40 ára valdaferli**. Dæmdi Lockerbie-maðurinn leystur úr fangelsi vegna veikinda – honum er fagnað sem **þjóðhetju** í Líbíu.

2011 Almenn **uppreisn** gegn Gaddafí, sem bregst við af hörku og virðist frekar vilja **skilja landið eftir í rúst** en að fara með góðu.

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Með rjóðar kinnar og rjúkandi kakó bíða þín fannhvítar hæðir og fjöll. Taktu flugið í næstu skíðabrekku og lyftu þér upp milli þess sem þú rennir þér niður.

Hringdu í 570 3030 og skelltu þér á skíði.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÞRÓAÐIST ÚT Í SIGURÐ FLOSASON

Tónlistarmaðurinn *Örn Ingi Ágústsson*, meðlimur í hljómsveitunum Seabear og Skakkamanage, fékk sér húðflúr af manni að spila á saxófón fyrir nokkrum árum. „Fljótlega eftir það var ég spurður af hverjum myndin væri og ég svaraði því auðvitað til að þetta væri sjálfur Sigurður Flosason, hinn eini og sanni konungur „smooth"-saxófónsins. Það má því segja að tattúið hafi þróast út í Sigurð Flosason. Mér skilst að Sigurður hafi séð tattúið og honum þótti það víst ekki sérstaklega líkt sér. Ég get hvorki sagt að ég eigi margar plötur með Sigurði né kassettur."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TUPAC Á BRINGUNNI HÁLFA ÆVINA

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónlistarmaðurinn *Helgi Valur Ásgeirsson* lét húðflúra nafn eftirlætis rapparans síns, Tupac Shakur, á bringuna þegar hann var sextán ára gamall fyrir sextán árum. „Tupac var fyrsti spámaðurinn í mínu lífi, hann er enn í miklu uppáhaldi hjá mér og ég hef aldrei séð eftir að hafa fengið mér tattúið, þrátt fyrir skrýtin viðbrögð frá fyrrverandi kærustum og stelpum sem ég hef sofið hjá. Ég býst ekki við að fá mér fleiri tattú, enda er konan mín með nóg af húðflúri fyrir alla fjölskylduna."

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TÍMI TIL KOMINN AÐ SKRÁSETJA AÐDÁUNINA

Helena Þrastardóttir, sem starfar við bakvinnslu hjá Vodafone, fékk sér húðflúr með umslagi hljómplötunnar Goo með bandarísku rokksveitinni Sonic Youth fyrir hálfu ári. „Sonic Youth hefur verið í uppáhaldi hjá mér síðan ég var ellefu ára. Nú er ég að verða þrítug og fannst tími til kominn að skrásetja þessa aðdáun á líkamann. Ég myndi ekki segja að ég væri fanatískur aðdáandi, en ég á allar plöturnar með þeim, nokkra boli og plaköt og fór á báða tónleikana með þeim hér á Íslandi sumarið 2005."

Bera aðdáunina utan á sér

Til er fólk sem færir blæti sitt fyrir ákveðnum hljómsveitum og tónlistarmönnum upp á annað plan en flestir aðrir með því að láta húðflúra nöfn þeirra eða ásjónur á líkama sína. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við nokkra slíka.

MÚSÍKALSKT PAR

Uppáhaldstónlistarmenn *Ingunnar Margrétar Blöndal* og *Kristjáns Stuarts Sigurðssonar* eru vel sýnilegir á líkömum parsins. Kristján er merktur Pink Floyd og Ingunn skartar merki breska fönkpoppbandsins Jamiroquai milli herðablaðanna. Ingunn er einnig merkt g-lykli og ætlar á árinu að bæta merki tónlistarmannsins Aphex Twin og textabroti úr laginu Ást, ást, ást við, en hið síðarnefnda er til heiðurs frænda hennar sem lést fyrir aldur fram. „Jamiroquai er eina hljómsveitin, fyrir utan Bítlana, sem öll fjölskyldan getur hlustað á. Sannkallað sameiningartákn," segir Ingunn. „Jörundur bróðir minn sýndi mér myndbandið við lagið Blow Your Mind þegar ég var sex ára og síðan hef ég verið „hooked", á bókstaflega allt með hljómsveitinni."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MYND/KATRÍN ÓLAFS

BOWIE ER NÆST HJARTANU

Óskar Þór Arngrímsson, trommari hljómsveitarinnar Lokbrár, ákvað þegar hann var átján ára gamall að hið eina rétta í stöðunni væri að láta húðflúra ásjónu Davids Bowie sem næst hjartanu. „Ég er forfallinn aðdáandi og var með herbergið veggfóðrað með gamla á táningsárunum. Ég hef aldrei séð eftir þessu og býst ekki við því að gera það í náinni framtíð. Eiginlega verður þetta flottara með hverju árinu sem líður."

GÓÐAR MINNINGAR TENGDAR METALLICA

Reynir Albert Þórólfsson, kvikmyndagerðarmaður og leikari frá Akureyri, var af tilviljun staddur á húðflúrsstofu í Reykjavík þegar hann var átján ára, fyrir tólf árum, og ákvað á staðnum að láta vaða á eitt stykki Metallica-tattú. „Þegar ég var átta ára hermdi ég eftir bróður mínum í einu og öllu. Þegar ég heyrði hann blasta laginu Jump In The Fire af Kill 'Em All-plötunni í herberginu sínu einn daginn rann ég á hljóðið og hef verið aðdáandi síðan. Það sem hrífur mann á mótunarárunum á það til að vera lengi í kerfinu og ég tengi mikið af góðum minningum við Metallica."

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Allar pottaplöntur

25%

afsláttur

BLÓMAHELGI

frábær tilboð

20%
AFSLÁTTUR
JONGKIND MOLD
SUBSTRAL
BLÓMANÆRING
SÁÐBAKKAR

20%
afsláttur
af öllum fræum!

FRÆ
Eitt mesta úrval landsins!

Kryddjurtir
Matjurtir
Sumarblóm

FERMINGARTILBOÐ

20%
afsláttur
af allri fermingarvöru
gegn framvísun
heimsenda
fermingarpóstsins
frá Blómavali

10%
aukaafsláttur
aðeins
laugardag og sunnudag

Allir blómvendir
Aðeins
1190kr

Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga

KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 12:00-16:00
KAFFI OG KÖKUSNEIÐ
290kr

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Eins og geimvísindi á finnsku

Ásta Kristrún Ólafsdóttir sálfræðingur er þeirrar skoðunar að börn með þroskahömlun eigi að fá að vera í sérskólum en ekki í almenna skólakerfinu. Ásta, sem á sjálf son með þroskahömlun, segir *Friðriku Benónýsdóttur* frá baráttu sinni við skólakerfið.

Hvað hratt þessari baráttu af stað hjá þér? „Inntökuskilyrðum í Öskjuhlíðarskólann var breytt á þann veg að stór hópur fatlaðra barna fær ekki inngöngu. Það á við um börn sem eru með greindarvísitölu 50-70, sem kallast væg þroskahömlun. Ef þessi börn hafa ekki alvarlegar aukaraskanir eins og einhverfu, daufblindu, eða fjölfötlun eru þau ekki lengur gjaldgeng í Öskjuhlíðarskólann.

Forsaga málsins er sú að 2007 er Öskjuhlíðarskóla lofað að hann fái milljarð króna að gjöf. Þá eru settir á stofn þrír starfshópar; starfshópur um sérskóla, sérdeildir og almenna skóla. Nota bene þá erum við að tala um 2007 og það á að sameina Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla og byggja einn alveg svakalega flottan sérskóla. Síðan átti að stofna fjórar öflugar sérdeildir við einhverja grunnskóla í Reykjavík þar sem börnin fengju samsvarandi þjónustu og í sérskólanum. Starfshóparnir skila síðan áliti þar sem gengið er út frá því að börn með væga þroskahömlun verði í sérdeildum grunnskólanna. Síðan hefur ýmislegt gerst, eins og við vitum, það hefur ekki verið byggður neinn sérskóli, milljarðurinn er gufaður upp, sérdeildirnar hafa verið slegnar út af borðinu og það eina sem eftir stendur er inntökuskilyrðin.

15. apríl 2010 sendir svo fræðslustjóri skólastjórnendum bréf um breytt inntökuskilyrði en þetta bréf er þannig orðað að það er engin leið að lesa úr því að verið sé að tilkynna afgerandi breytingar. Ég hringdi í nokkra skólastjóra og enginn þeirra kannaðist við að muna eftir þessu bréfi, þannig að það hefur ekki verið flokkað í neinn forgang hjá skólunum. Þessi breyting er reyndar löngu komin til framkvæmda, Öskjuhlíðarskólinn er búinn að vera að vísa börnum frá síðan 2008. Og mörg þessara þroskahömluðu barna sem neitað er um inngöngu líða beinlínis þjáningar í almennu skólunum.“

Meðvituð ákvörðun

Sonur Ástu, Haraldur, er greindur með væga þroskahömlun auk þess að vera heyrnarskertur og hann hefur stundað alla sína skólagöngu í Öskjuhlíðarskólanum. „Ég tók þá ákvörðun mjög meðvitað, eftir að hafa skoðað alla kosti sem í boði voru, að hann ætti heima í sérskóla. Það vilja reyndar allir, sérstaklega fagfólk, hjálpa manni að loka augunum fyrir því að barnið manns sé öðruvísi, en eftir að greiningin kom þegar hann var fimm ára horfðist ég í augu við það að hann er öðruvísi, og það er bara allt í lagi.

Það er slík vitsmunadýrkun í þjóðfélaginu að það liggur við að það sé tabú að minnast á það að einhver sé þroskaheftur, nei úbs ég meina þroskahamlaður, eða þroskaskertur, er það ekki það nýjasta? Og það er engin lausn að berja höfðinu við steininn og horfa framhjá því að þessi börn eru ekki eins og fjöldinn. Loka bara augunum, henda þeim inn í almenna skólakerfið og segja: verið þið öll saman. Það upprætir ekki fordóma.“

ÁSTA OG HARALDUR „Fæstir vilja eiga á hættu að vera álitnir fordómafullir aðskilnaðarsinnar eða beinlínis vondir við fatlaða,“ segir Ásta Kristrún Ólafsdóttir. Með henni á myndinni er Haraldur sonur hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ef maður er hlynntur sérskólum fær maður stimpilinn aðskilnaðarsinni

Með góðu eða illu

Ásta segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi við baráttuna fyrir því að þroskahömluð börn fái að vera í sérskóla, en menntakerfið sé þó ekki á þeim buxunum að endurskoða þau mál. „Ef maður er hlynntur sérskólum fær maður stimpilinn aðskilnaðarsinni. Baráttunni fyrir skólum án aðgreiningar er líkt við baráttu minnihlutahópa fyrir mannréttindum eins og baráttu svartra í Bandaríkjunum, sem er bara fáránlegt.

Fæstir vilja eiga á hættu að vera álitnir fordómafullir aðskilnaðarsinnar eða beinlínis vondir við fatlaða, svo að fólk er ekki áfjáð í að tjá skoðanir sínar þegar þær ríma ekki við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um skóla án aðgreiningar. En ég er að hugsa um það sem er barninu mínu og öðrum börnum með þroskahömlun fyrir bestu og það gerir mig svolítið stikkfrí í augum umhverfisins. Fagfólk hefur ekki mátt hafa nema eina skoðun, réttu skoðunina, í þessu máli og eina fólkið sem hefur mátt tjá sig er foreldrarnir. En þeim hafa ekki verið gefnir margir kostir. Blöndunarsjónarmiðinu er haldið mjög stíft að þeim þar sem það er lögbundinn réttur þroskahamlaðra barna að fá að sækja sinn hverfisskóla og það hefur reynt á þann rétt fyrir dómstólum. Við höfðum þetta val milli sérskóla og hverfisskóla en nú er verið að taka það val af okkur, barn með væga þroskahömlun skal sækja skóla í almenna skólakerfinu, með góðu eða illu.“

Að vera einn öðruvísi

Hver eru helstu rökin fyrir því að þessi börn sæki sérskóla? „Ef maður setur sig í spor barnsins og hugsar um það hvernig manni sjálfum liði sitjandi á fyrirlestri með fullt af öðru fólki sem virðist skilja allt sem sagt er en maður skildi ekki nokkurn skapaðan hlut, þá skynjar maður svolítið um hvað dæmið snýst. Það er mjög vond tilfinning að vera vitlausari en hinir og maður ferð ósjálfrátt að líta í kringum sig eftir öðrum sem eru á sama báti.

Og um leið og maður finnur annan sem er eins og maður sjálfur líður manni miklu betur. Að vera einn öðruvísi er bara óbærilegt. Hugsaðu þér barn sem er í þeim aðstæðum allan daginn alla daga, viku eftir viku og ár eftir ár. Það þarf engan sálfræðing til að segja manni hvað það gerir fyrir sjálfsmynd barnsins.

Tökum annað dæmi. Þú ferð á einhverja fína ráðstefnu þar sem alls konar námskeið eru í boði. Þú hefur áhuga á Guðrúnu frá Lundi og Ísfólkinu og velur þess vegna námskeið um þær bækur. Þá koma allir hinir á námskeiðinu og segja þér að þetta sé allt of ómerkilegt námskeið. Það sé hérna námskeið á finnsku um geimvísindi á mastersstigi og miklu sniðugra að allir séu saman á því.

Og ef þú lætur undan þeim þrýstingi færðu ekkert út úr námskeiðinu nema þá tilfinningu að þú sért miklu vitlausari en allir hinir.

Og hinir sitja uppi með pirring yfir því að þú skulir vera svona vitlaus og spyrja svona heimskulegra spurninga. Það græðir enginn neitt á svona fyrirkomulagi.“

Skóli án aðgreiningar eða sérskólar?

Úr grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna sem lögin um skóla án aðgreiningar byggja á:

1. Yfirvöld menntamála bera ábyrgð á því að fatlaðir öðlist menntun í blönduðu skólaumhverfi. Menntun fatlaðra skal vera hluti af almennri menntastefnu í landinu, námskrárgerð og skólaskipulagi.

2. Fræðsla í almennum skólum byggir á því að í boði sé túlkaþjónusta og önnur viðeigandi stoðþjónusta.

3. Foreldrahópar og samtök fatlaðra ættu að vera þátttakendur í menntun á öllum stigum.

7. Líta ber á blandaða kennslu fatlaðra og áætlanir byggðarlaga sem samverkandi leiðir til að veita fötluðum kennslu og þjálfun á hagkvæman hátt. Þeim sem standa fyrir byggðaáætlunum á landsvísu ber að hvetja staðaryfirvöld til að byggja upp og nota eigin aðbúnað til að veita fötluðum fræðslu.

8. Þegar almenna skólakerfið uppfyllir samt sem áður ekki þarfir allra fatlaðra með fullnægjandi hætti kemur sérkennsla til greina. ... Aðildarríkjunum ber að hafa að markmiði að sameina sérkennsluna smám saman almenna skólakerfinu. Þó er viðurkennt að í sumum tilvikum kann sérkennsla að vera hentugasta kennsluformið fyrir fatlaða nemendur.

Rök Ástu fyrir því að þroskahamlaðir eigi að vera í sérskóla:

1. Samfélag við jafningja – stuðlar að tilfinningu fyrir því að tilheyra hópi, sem er mikilvægur þáttur í mótun sterkrar sjálfsmyndar og sjálfstrausts.

2. Sterk sjálfsmynd og sjálfstraust er ríkur þáttur í lífshamingju og gerir mann færari í almennri samfélagsþátttöku.

3. Tækifæri til að eignast vini og félaga á jafningjagrunni, ástvini og e.t.v. lífsförunaut þegar til lengdar lætur.

4. Finna sig jafnvígan félögum sínum. Jafnhæfan, jafngetumikinn eða jafnkláran. Finna mátt sinn og megin meðal jafningja og þurfa ekki að villa á sér heimildir til að vera meðtekinn.

5. Aðgangur að fjölbreyttri sérþekkingu og reynslu afbragðs fagmanna á einum stað.

Bestun Birtingahús
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
World Class ICELAND

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

PAKKA DAGAR

Nú eru pakkadagar í Ellingsen. Frábær pakkatilboð af vörum fyrir alls konar útivist; fyrir börnin, fyrir sleðafólk, fyrir göngugarpana, veiðiklærnar og vandláta. Tilvalið í afmælis- og fermingargjafir.

DÖMUPAKKI
16.191 kr.
VERÐ ÁÐUR 23.200 kr.

DIDRIKSON Julia 1+1 dömuúlpa
Multi sport strokkur
Útivistarsokkar

BARNAPAKKI
7.981 kr.
VERÐ ÁÐUR 10.920 kr.

VIKING gúmmístígvél Billy
VARMA ullarsokkar
DIDRIKSON húfa
DIDRIKSON vettlingar

BJÓÐUM LÉTTGREIÐSLUR Í 3-6 MÁN.

VÉLSLEÐAPAKKI
49.794 kr.
VERÐ ÁÐUR 65.560 kr.

SCOTT skótaska
TRAIL snjósleðabomsur
SCOTT olnbogahlífar
SCOTT hnéhlífar
SCOTT hnésokkar

GÖNGUPAKKI
34.951 kr.
VERÐ ÁÐUR 55.190 kr.

COLUMBIA Daska gönguskór
KAHTOOLA keðjubroddar
Útivistarsokkar
Multi sport strokkur

HERRAPAKKI
24.291 kr.
VERÐ ÁÐUR 32.200 kr.

COLUMBIA Venture herraúlpa
Multi sport strokkur
Útivistarsokkar

NEYÐARPAKKI
10.965 kr.
VERÐ ÁÐUR 16.662 kr.

Sjúkrataska
Neyðarblys, 9 skot
UNIHEAT slíður fyrir hanska

SKOTVEIÐIPAKKI
98.672 kr.
VERÐ ÁÐUR 146.739 kr.

MARLIN XS7Y riffill
HAWKE Nite-Eye sjónauki
ALLEN riffla- og haglabyssuól
ALLEN rifflapoki

VEIÐIPAKKI
67.984 kr.
VERÐ ÁÐUR 142.140 kr.

LOOP Yellow Line flugustöng 9,3' 5
LOOP Multi hjól 3/6
LOOP Multi floating lína 5
LOOP Multi sökklína 5
LOOP Multi lína með sökkenda 5
LOOP Multi int/midie lína 5

PIPAR\TBWA - SÍA

tímamót

timamot@frettabladid.is

62 **BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR** blaðamaður er 62 ára

„Við verðum að horfast í augu við söguna því sögulaus þjóð á enga framtíð fyrir sér.“

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar dóttur minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,

Sigríðar Bjarkar Þórisdóttur

Arnarkletti 30, Borgarnesi.

Guð blessi ykkur öll.

Júlíana Hálfdánardóttir
Svanhildur Margrét Ólafsdóttir **Jón Þór Þorvaldsson**
Þórir Valdimar Indriðason **María Hrund Guðmundsdóttir**
Anna Heiðrún Þorvaldsdóttir **Samúel Helgason**
Þorvaldur Ægir Þorvaldsson
ömmubörn og systkini.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dagbjört Guðmundsdóttir

Hólmgarði 25, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 20. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

Jóhanna Jóhannesdóttir
Þóra Björt Sveinsdóttir **Andri Berg Haraldsson**
Jóhannes Berg Andrason **Tómas Berg Andrason**
Þorsteinn Jóhannesson **Ólöf Erlingsdóttir**
Ingibjörg Sigurðardóttir **Guðmundur Vignir Sigurðsson**
Steinunn S. Kristjánsdóttir

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Alma Einarsdóttir

Bólstaðarhlíð 45,

lést á heimili sínu sunnudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 1. mars kl. 13.00.

Hjörtur Guðmundsson
Guðmundur Hjartarson **Sólveig Friðriksdóttir**
Einar Vilberg Hjartarsson **Jenný Anna Baldursdóttir**
Guðfinna Helga Hjartardóttir **Lars Ohlson**
Ingibjörg H. Hjartardóttir **Gunnar Kristinn Hilmarsson**
Sigrún Gísladóttir
barnabörn og langömmubörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÞORKELL ÞORKELSSON LJÓSMYNDARI: OPNAR SÝNINGU Í GERÐARSAFNI

Eðlislægt að hugsa í myndum

Búrma: Líf í fjötrum nefnist ljósmyndasýning Þorkels Þorkelssonar ljósmyndara sem verður opnuð klukkan 15 í dag í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni. Hún er önnur tveggja sýninga Blaðamannafélags Íslands og Blaðaljósmyndarafélags Íslands en þess má geta að Þorkell starfaði í tuttugu ár á Morgunblaðinu.

„Ég hef verið með myndavélina utan á mér meira og minna frá fjögurra ára aldri og er eðlislægt að hugsa í myndum,“ segir Þorkell brosandi og hugsar til æskuáranna í Vesturbæ Reykjavíkur. „Það var til Kodak Instamatic 155X vél heima sem ég fékk að hafa. Í næstu götu bjó maður með mjög áhugaverða bumbu og eftir á að hyggja held ég að fyrsta myndaserían mín hafi verið af honum.“

Myndasýning Þorkels í Gerðarsafni birtir okkur daglegt líf fólks í Búrma, sem er harla óvenjulegt borið saman við vestrænar aðstæður. „Búrma er áhugavert land að koma til, mjög fallegt og fólkið viðkunnanlegt. En þegar skyggnst er undir yfirborðið skynjar maður að almenningur er kúgaður,“ lýsir Þorkell. „Í raun-inni er Búrma ríkt land. Þar er olía, gas, eðalsteinar og málmar í jörðu. Svo er landið frjósamt og alger ferðamannaparadís. En misskipting auðs er mikil, herforingjastjórnin ræður og blóðmjólkar lýðinn.

Á síðasta áratug bjó Þorkell ásamt konu sinni, Hebu Soffíu Björnsdóttur, í fjórum löndum á fjórum árum. Farandbúskapurinn féll vel að áhugamáli hans því frá árinu 1992 hefur hann unnið að myndaverkefni sem nefnist Survival of the Human Being og snýst um að skilja aðstæður fólks.

Nú eru þau hjón sest að í Borgarnesi og eru að opna Gallerí Gersemi í hinum menningarlega gamla miðbæ. Þar verða meðal annars ljósmyndir eftir hann og kollegana til sölu. „Ljósmyndin er fyrir löngu orðin að fullgildu listformi í Evrópu, Ameríku, Japan og víðar,“ segir Þorkell. „Ég vil að hún nái að blómstra sem slík hér á landi líka og þar get ég vonandi lagt lóð á vogarskálarnar þótt ég geri engin kraftaverk.“

gun@frettabladid.is

†

Viggó Tryggvason

lögfræðingur

verður jarðsunginn mánudaginn 28. febrúar kl. 15.00 frá Bústaðakirkju.

Hrafnhildur G. Thoroddsen
Tryggvi Viggósson **Snjólaug Anna Sigurjónsdóttir**
Guðmundur Viggósson **Líney Þórðardóttir**
Regína Viggósdóttir
Gunndóra Viggósdóttir **Ásgeir Arnoldsson**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Aðalsteins Guðbrandssonar

frá Ólafsvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

Sigríður Aðalsteinsdóttir **Ole Dangvard Jensen**
Sjöfn Aðalsteinsdóttir
Guðrún Aðalsteinsdóttir **Ævar Guðmundsson**
Þórheiður Aðalsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Valdísar Rögnvaldsdóttur

Álftahólum 4, Reykjavík.

Sérstaklega þökkum við sr. Braga Skúlasyni og starfsfólki á deild 11E á Landspítalanum fyrir góða aðhlynningu og umönnun í veikindum hennar.

Helga Ámundadóttir **Ari Ólafsson**
Brynjar Ágústsson **Steinunn Inga Óttarsdóttir**
Heiðar Ingi Ágústson **Signe Viðarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vigdís Jónsdóttir

Melgerði 18, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 22. febrúar á Landspítalanum Fossvogi.

Harald S. Þorsteinsson
Alfa Kolbrún Þorsteinsdóttir **Ingimundur Einarsson**
Þorsteinn Haraldsson **Katrín L. Benphad**
Sigurður Haraldsson **Deise Luzia Dos Santos**
Vigdís Haraldsdóttir **Fabio Patrizi**
og langömmubörnin.

†

Elskulegi pabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og langalangafi,

Jakob Jóhannesson

blikksmíðameistari, Hraunbæ 103,

sem lést þriðjudaginn 22. febrúar, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju við Rofabæ miðvikudaginn 2. mars kl. 13.00.

Liselotte Jakobsdóttir **Holger Hansen**
Jette Svava Jakobsdóttir **Elías Árnason**
Lilja Jakobsdóttir **Steinn J. Ólason**
Ingibjörg Jóna Jakobsdóttir **Haraldur Ludvig Haraldsson**
Dagný Kristín Jakobsdóttir **Eymar Birnir Gunnarsson**
afa, langafa og langalangafabörnin

†

Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Svönu Vernharðsdóttur Linnet

Árskógum 6.

Henrik Linnet
Vernharður Linnet **Anna Bryndís Kristinsdóttir**
Kristján Linnet **Jónína Guðnadóttir**
Jóhanna Linnet **Gunnar Þór Benjamínsson**
Svanhildur Jóna Linnet **Theodore Vougiouklakis**
barnabörn og barnabarnabörn.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

febrúar 2011

Í hundunum

Theodóra Róbertsdóttir sýnir á stærstu hundasýningu heims í næsta mánuði.

SÍÐA 2

Ungir kenna fullorðnum

Nemendur úr sjöunda bekk Grandaskóla kenna fullorðnum á tölvur.

SÍÐA 6

okkar Framtíð • fyrir „efin" í lífinu • og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin" í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu **okkar.is** og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

okkar

zebra

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gott að hitta aðra unga foreldra

Alla miðvikudaga milli klukkan 14 og 16 geta ungir foreldrar mætt með börnin sín í Hitt húsið, rætt málin og fengið faglega ráðgjöf varðandi umönnun ungbarna. Starfið ber yfirskriftina Ungt fólk með ungana sína.

Þórður Hermannsson sækir Hitt húsið með dóttur sína Karitas Lóu 6 mánaða. Þórður er 23 ára nýútskrifaður tónsmiður frá LHÍ. „Karitas Lóa er mitt fyrsta barn en kærastan mín átti tvö börn fyrir svo við erum með þrjú börn heima. Ég er í fæðingarorlofi núna og finnst mjög gott að geta hitt aðra foreldra og þá hittir hún líka aðra krakka."

Þórður segir þá fræðslu sem boðið er upp á koma sér vel fyrir unga nýbakaða foreldra en annanhvern miðvikudag eru faglegir fyrirlestrar eða kynningar. Hann segir félagsskapinn ekki síður mikilvægan.

„Það er gott að hafa stuðning af fleiri ungum foreldrum en það eru ekki margir vinir mínir komnir með börn. Hópurinn sem hittist er á aldrinum 18 til 25 ára. Við erum öll með okkar fyrsta barn og að ganga í gegnum svipaða hluti. Það er alltaf

FRAMHALD Á SÍÐU 4

OKKAR BESTA ÞVOTTAVÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI

1600 snúningar / 8 kg
Hljóðlátur kolalaus mótor
Mjög sparneytin á rafmagn og vatn
Sterkbyggð, tromla og belgur úr ryðfríu stáli

Panasonic
ideas for life

eco ideas
aquaprotection system

FEBRÚAR TILBOÐ
PANASONIC NA168VG2
Kr. 129.990
Verð áður 149.990

INVERTER EVERYTHING MATTERS.

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Sólveig Gísladóttir
skrifar

Mæður í samkeppni

Nýlega las ég um könnun sem bandarískar mæður tóku þátt í. Þar kom fram að þær eiga það til að fegra mjög uppeldisaðferðir sínar til að líta betur út í samanburði við aðrar mæður. Þær gerðu til dæmis minna úr þeim tíma sem börnin þeirra vörðu við sjónvarpsáhorf og tölvuleiki auk þess sem þær gerðu meira úr því hve mikið börnin stunduðu útiveru, lærðu heima og hjálpuðu til við húsverkin. Þá viðurkenndu einhverjar mæður að þær reyndu að láta líta út fyrir að þær væru sjálfar duglegri en þær væru í raun. Létust til dæmis hafa bakað eitthvað sem komið var með á skólaskemmtun en höfðu í rauninni keypt bakkelsið í búð.

Rannsakendur töldu þessa hegðun valda vítahring sem ylli stöðugri minnimáttarkennd hjá konum. Þannig ætti orðatiltækið konur eru konum verstar vel við í þessu samhengi. Fullkomnunarárátta einnar móður ylli því að sumar teldu þörf á því að láta sig líta vel út í samanburði sem aftur yrði til þess að aðrar mæður finndu sig knúnar til að ljúga til um eigið ágæti og ágæti barna sinna.

Þessi lesning fékk mig til að líta í eigin barm. Gat verið að ég væri dottin í sama pytt og þessar bandarísku mæður? Því miður var svarið fremur pínlegt, því vissulega er ýmislegt í uppeldinu sem maður ætti að gera öðruvísi. Til að sporna við hinum varhugaverða vítahring sem bandarísku rannsakendurnir minntust á er því ekki annað hægt en að viðurkenna hér með ýmsar yfirsjónir:

Já, dóttir mín fær stundum að horfa á barnaefni áður en hún fer í leikskólann.

Já, hún fær ennþá snuð heima, rétt að verða þriggja ára.

Já, ég kaupi stundum tilbúinn mat þegar tíminn er knappur.

Já, ég er ekki fullkomin. Og hananú.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Pjetur Sigurðsson Pennar: Sólveig Gísladóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Roald Viðar Eyvindsson Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is*

Langmæðgur Theodóra og amma hennar, Jóna Viðarsdóttir, ásamt írsku setterunum Reb og Rúu og pugnum Mario.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yndislegt hundalíf

Theodóra Róbertsdóttir er á fimmtánda ári og með ólæknandi hundadellu. Áhugann erfði hún frá ömmu sinni, Jónu Viðarsdóttur, formanni Hundaræktarfélags Íslands. Þegar þær stöllur koma saman kemst fátt annað að en hinir fjórfættu vinir þeirra.

Ég var pínulítil þegar ég fór að fara á hundasýningar með ömmu," segir Theodóra Róbertsdóttir, fjórtán ára, en líf hennar snýst um hunda flestalla daga vikunnar.

Theodóra á sjálf fjóra hunda. „Ég á tvo írska settera sem heita Erin og Rúa en þær búa heima hjá ömmu. Svo á ég tvo pug heima sem heita Pétur og Mario," segir hún. Írskur setter er þó uppáhaldstegund hennar en amma hennar hefur haldið slíka hunda lengi. „Ég er líka mjög hrifin af Aussie, ástralska fjárhundinum," segir hún og dreymir um að eignast einn slíkan í framtíðinni.

Amma Theodóru, Jóna Viðarsdóttir, er formaður Hundaræktarfélags Íslands og því deila þær einlægum áhuga á hundum. Theodóra segir áhugamálið hafa fært þær saman enda komist fátt annað að í þeirra samræðum.

„Amma sagði mér frá hópnum Ungum sýnendum þegar ég var fjögurra ára og ég beið spennt í fimm ár þangað til ég gat sjálf tekið þátt," segir Theodóra, sem byrjaði að æfa með Ungum sýnendum, sem er hópur innan Hundaræktarfélags Íslands, níu ára gömul.

Að sýna hund er flóknara en það virðist að sögn Theodóru. „Þetta er þrælerfitt því maður þarf að gera alls konar tækniæfingar. Svo þarf að uppfylla mörg smáatriði sem venjulegt fólk kemur ekki auga á en dómararnir sjá," útskýrir hún en í keppni ungra sýnenda er ekki verið að dæma hundinn heldur fremur sýnandann.

Theodóra getur keppt sem ungur sýnandi fram á átjánda aldursár en er nú þegar farin að sýna hunda í almennum hundasýningum. Hún segir félagsskapinn í Ungum sýnendum frábæran en þar fari samheldinn hópur bæði stelpna og stráka. Á hverju ári fara nokkur þeirra til útlanda að taka þátt í sýningum og keppa. „Fjórir stigahæstu sýnendur í Ungum sýnendum fara á Norðurlandasýningu. Þriðji stigahæsti fer á Evrópusýningu, annar stigahæsti út á heimssýningu og sá stigahæsti á stærstu hundasýningu í heimi sem er Crufts í Bretlandi," segir Theodóra, sem hefur farið á allar þessar sýningar. Í mars næstkomandi er hún á leiðinni á Crufts. „Þetta er í sjöunda sinn sem ég fer á sýninguna en í fyrsta sinn sem sýnandi," segir hún og hlakkar ferlega til. „Þetta verður alger draumur," segir hin skelegga Theodóra, sem sér ekki annað fyrir sér en að mennta sig í einhverju sem tengist dýrum í framtíðinni og er þar dýralæknanámið efst á óskalista. - sg

Aussie Draumur Theodóru er að eignast ástralskan fjárhund.

BARNVÆNT

Ævintýraheimur í Barnahelli

Bókasafn Norræna hússins er það eina sinnar tegundar á landinu, á Norðurlöndunum og líklega í heiminum. Það hóf starfsemi árið 1969, ári eftir að húsið var vígt. Sérstaða safnsins er að þar er eingöngu að finna bækur á Norðurlandamálum eftir norræna höfunda.

Bækur á íslensku eru ekki í safninu en þýðingar á íslenskum höfundum á önnur Norðurlandamál eru þar að sjálfsögðu. Í safninu er einnig sérstakt barnabókasafn sem er í kjallara hússins og nefnt Barnahellirinn í daglegu tali. Þangað eru börn í fylgd fullorðinna velkomin og ættu þau að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar er ekki einungis frábært úrval af barnabókum heldur má þar finna ævintýraveröld þar sem hægt er að hreiðra um sig í púðahrúgu, leika sér á púðahestum eða lita skemmtilegar myndir. Einnig eru notalegir sófar þar sem hægt er að tylla sér niður með bók.

Safninu er fyrst og fremst ætlað að vera safn norrænna samtímabókmennta og sígildra norrænna höfunda. Í safninu eru skáldsögur og fræðibækur fyrir börn og fullorðna, tímarit, hljóðbækur, tónlist á geisladiskum, kvikmyndir á DVD og VHS og nótur. Í safninu eru einnig þrjár tölvur til afnota fyrir gesti.

ego dekor

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Veggheng dur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-

Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-



COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-

HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-



COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-

NÝ SENDING AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM

LUCAS leðurhornsófi
Stærð: 285X223
Verð: 339.000,-

ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-

PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
TILBOÐSVERÐ: 194.650,-

KUND tungusófi
m/stillanlegum höfuðpúðum
Stærð: 303X168
TILBOÐSVERÐ: 233.100,-

NORGE horntungusófi
Stærð: 302X215
TILBOÐSVERÐ: 246.600,-

NEW ENGLAND tungusófi
m/færanlegri tungu
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Stuðningur víðs vegar að Nokkrar góðar heimasíður, til að mynda á ensku, sem eru allsherjar upplýsingabrunnur og stuðningur fyrir unga foreldra er að finna á internetinu. Ein af nokkrum fínum er youngparentsguide.com þar sem alls kyns fróðleik er að finna, bæði hvað varðar meðgöngu og svo fyrstu mánuði í lífi hvítvoðungsins. Þá má nefna að á Amazon er hægt að panta bækur sem eru sérstaklega ætlaðar ungum foreldrum.

Hækkandi meðalaldur

Meðalaldur mæðra hefur smám saman hækkað síðustu árin og áratugi. Á síðasta ári var algengast að konur sem voru að eignast sitt fyrsta barn væru 25 ára en meðalaldur frumbyrja var þá 26,8 ára. Algengast er að íslenskir karlmenn verði feður þegar þeir eru 28 ára en meðaldur nýbakaðra feðra er 29,3 ára.

Nýfæddur Tíðasti aldur nýbakaðra mæðra hefur hækkað um fjögur ár frá árinu 1990.

Tíðasti aldur nýbakaðra mæðra hefur hækkað um heilt ár frá árinu 2000 þegar algengast var að konur eignuðust sitt fyrsta barn 24 ára. Sé farið tíu ár aftar, til ársins 1990, var algengast að mæður væru 21 árs þegar þær eignuðustu fyrsta barn og feður með fyrsta barn voru þá oftast 26 ára.

Mun færri eignast börn áður en þeir verða tvítugir. Þannig voru mæður þriggja prósenta þeirra barna sem fæddust á síðasta ári undir tvítugu, eða 150 talsins. Árið 2000 var þetta hlutfall 5,6 prósent þegar 244 börn fæddust hjá mæðrum undir tvítugu.

Samkvæmt Hagstofu Íslands var algengasti barneignaraldur á síðasta ári milli 25 og 29 ára og á því aldursbili fæddust 138 börn á hverjar 1.000 konur.

Þar á eftir var algengast að konur eignuðust börn á bilinu 30-34 ára.

- jma

Ungur pabbi Þórður Hermannsson og Karitas Lóa gera sér ferð í Hitt húsið á miðvikudögum og hitta aðra unga foreldra og ung börn.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

gott að geta talað um hluti eins og svefn og slíkt við aðra og heyra hvernig þeir hafa það. Ef það eru engir fyrirlestrar löbbum við oft saman á kaffihús.“

Hrafnhildur Eyrún er fyrsta barn Helenu Hauksdóttur. Hún tekur undir með Þórði að það sé stuðningur af fyrirlestrunum í Hinu húsinu. „Ég mæti næstum því í hverri viku. Ég er svo mikið ein heima og það er gott að komast út og hitta annað fólk og geta talað annað en barnamál,“ segir Helena og bætir við að fræðslan sé líka ómetanleg.

„Það hafa komið, ljósmæður, leikskólakennarar og svefnráðgjafar að tala við okkur og næsta miðvikudag kemur ungbarnanuddari. Þetta nýtist frábærlega þar sem þjónustan er ókeypis.“

Helena er yngst í hópnum, 18 ára. Aðspurð hvort það að eignast barn ung hafi einangrað hana frá vinahópnum játar hún því. „Ég tek eftir því að ég á færri vini í dag en ég átti áður. Við getum orðað það svo að þeir séu færri en betri. Ég bý hjá foreldrum mínum og fæ mikla aðstoð hjá þeim,“ segir Helena sem stundar nám á leiklistarbraut við Fjölbrautarskólann í Garðabæ. „Í framtíðinni langar mig út í nám, kannski í leiklist eða við fjölmiðlafræði. Það er fullt af góðu fólki í kringum mig sem hjálpar mér svo hlutirnir ganga upp.“

Umkringd góðu fólki Helena Hauksdóttir er yngst í hópnum og segir gott að hafa aðgang að fræðslu.

„Maður þarf að skipuleggja sig öðruvísi eftir að hafa eignast barn,“ segir Þórður. „En kannski er maður bara skipulagðari fyrir vikið. Það er bara svo frábært að eiga barn og gera eitthvað með því. Mér finnst ég hafa fengið miklu meira og ekki vera að fórna einu.“

- rat

Foreldraráðgjöf og spjall Ráðgjöf og stuðningur við foreldra undir 25 ára er hluti af dagskrá Hins hússins undir heitinu Ungt fólk með ungana sína.

Ungt fólk með ungana sína er á dagskrá alla miðvikudaga í Hinu húsinu klukkan 13 til 16 fyrir foreldra yngri en 25 ára. Annan hvern miðvikudag eru fyrirlestrar og kynningar þar sem fagfólk í umönnun ungbarna hittir hópinn en starfið er byggt upp í samstarfi við heilsugæsluna. Ungir verðandi foreldrar eru einnig velkomnir. Næsta miðvikudag, 2. febrúar, verður ungbarnanuddari á staðnum. Nánar um dagskrána á www.hitthusid.is

Á vefsíðunni www.ljosmodir.is er meðal annars hægt að senda inn fyrirspurnir sem svarað er af ljósmæðrum.

Einnig má benda á spjallvefinn www.draumaborn.is en þar deila ungir foreldrar reynslu sinni.

Ungir foreldrar sem og allir foreldrar ungra barna geta einnig nýtt sér Foreldramorgna kirknanna sem eru yfirleitt á dagskrá einu sinni í viku yfir vetrartímann. Þar koma foreldrar saman til að spjalla og stundum er boðið upp á fræðandi erindi.

Hér á eftir fara tímasetningar Foreldramorgna í nokkrum kirkjum

Háteigskirkja: fimmtudagar milli klukkan 10 og 14.30
Laugarneskirkja: miðvikudagar klukkan 10 til 12
Hallgrímskirkja: miðvikudagar klukkan 10 til 12
Bústaðakirkja: fimmtudagar klukkan 10 til 12
Akureyrarkirkja: miðvikudagar klukkan 9.30
Glerárkirkja: fimmtudagar klukkan 10
Kópavogskirkja: fimmtudagar klukkan 10 til 12
Ísafjarðarkirkja miðvikudaga klukkan 10.30

1500kaloríur shape.is

4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA

fyrir konur og karla

Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ertu að glíma við:

- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

- **Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- **Tímar kl. 17:30**
- **Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen**

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Lúxusnámskeið hefst **7. mars**
28 daga hreinsun hefst **14. mars**
Verð kr. 34.900
Skráning er hafin í síma 444 5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA
WWW.NORDICASPA.IS

Bergmenn bjóða skipulagðar þyrluskíðaferðir á Tröllaskaganum í ár. Skíðasvæðið sem opnast með aðstoð þyrlunnar er tæpir 4.000 ferkílómetrar beggja vegna Eyjafjarðar, þar sem finna má allar tegundir skíðabrekkna. Nánari upplýsingar á vefsíðunni bergmenn.com.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

Ný sending

Sængurgjafir í miklu úrvali

IANA

Mikið úrval af Kjólum str:62-162

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

Dansaðu þig í fantaform!

ZUMBA® á Nordica Spa

Ný námskeið hefjast 8. mars

» **Mikil fitubrennsla** – eykur þol og styrk
» **Latin-tónlist** (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» **Auðveld spor** fyrir allan aldur

4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar

Handklæði og herðanudd í pottunum!

Skráðu þig strax í síma 444 5090

NORDICASPA

www.nordicaspa.is

RÝMUM FYRIR VORINU!

20% afsláttur

af ÖLLUM vörum
í nokkra daga

Gabor

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Leikkonan Ylfa María Edelstein stígur á svið sem Marlene Dietrich á heimsfrumsýningu um helgina

Ég er Marlene Dietrich

MYND/SUZANNE BARABAS

Loks kom sér vel að vera af evrópskum ættum, því ég smellpassaði í hlutverkið og syng lögin á þýsku," segir Ylfa hress þar sem hún teygir úr sér í gömlu herbergi Buffalo Bill fyrir frumsýningu leikritsins Puma í kvöld, en þar leikur hún þýska leik- og söngfuglinn Marlene Dietrich. Leikritið er sýnt í New Jersey Repertory Company sem er mikils metið fyrir að heimsfrumsýna ný leikverk sem síðan færast á off-Broadway, en sýningar sækja virtir framleiðendur og gagnrýnendur.

Puma fjallar um ástarsamband Marlene við rithöfundinn Erich Maria Remarque, en hann skrifaði bókina Tíðindalaust á Vesturvígstöðvunum. Bæði flúðu nasista í Berlín.

„Báðar erum við þýskar, báðar enduðum við í Bandaríkjunum og lífsleiðir beggja breyttust út af stríðinu og nasisma. Tilviljanirnar binda mig sterkar að persónu Marlene og það hjálpar kannski upp á hlutverkið, en í tilviljunum leynast oft hulin tækifæri og sem leikari reynir maður að finna kortið sem leiðir að hjarta persónunnar til að lyfta sálinni upp úr holdinu," segir Ylfa.

„Marlene var flókin persóna sem fór ótroðnar slóðir í einkalífinu og átti ótal elskhuga af báðum kynjum. Þær Greta Garbo deildu ástmey um tíma og seinna varð Greta ástkona Remarque," segir Ylfa, spennt fyrir kvöldinu.

„Auðvitað hrjáir mig sviðsskrekkur en líka vissa um að ég hafi gert eins vel og ég get," segir Ylfa sem dreymir Dietrich.

„Fyrst kom hún til mín sem spegilmynd og brosti, en þá vaknaði ég og hrópaði: „Ansans, hún er komin! Guð, hjálpaðu mér!" Seinna var ég með Marlon Brando og fleiri stórleikurum og sagði: „Ég er Marlene Dietrich". Þannig dregur maður að sér strauma frá alheiminum, og víst að ég þarf alla þá hjálp sem ég get fengið," segir Ylfa og hlær djúpum hlátri Dietrich.

thordis@frettabladid.is

ÚTSALA
síðustu dagar

Sértilboð á völdum ullarjökkum, vattkápum, úlpum og peysum tvö verð 5900 - 9000 takmarkað magn.

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
UPP MEÐ GÆÐIN
NIÐUR MEÐ VERÐIÐ
25% AFSLÁTTUR OG 10% AÐ AUKI
SÉ PÖNTUN STAÐFEST Í FEBRÚAR
EINNIG ÚRVAL RAFTÆKJA Á FRÁBÆRU VERÐI
OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

FJALLGANGA

Fjallateymið er fyrirtæki sem býður upp á jeppatúra, kajakróður, hellaskoðunarferðir, fjallgönguferðir og margt fleira. Vefsíða fyrirtækisins www.climbing.is heldur utan um og sýnir fjölda flottra ljósmynda úr ferðunum sem getur verið gaman að skoða.

Fjallafélagið heldur úti vefsíðu þar sem meðal annars er finna ráðleggingar fyrir fólk sem ætlar í erfiðari ferðir. Þar er fólk hvatt til að hvíla sig fimm dögum fyrir göngu og ná góðum svefni, drekka vel af vatni fyrir ferðina, bera á sig sólaráburð í upphafi og meðan á göngu stendur, setja íþróttaplástur á hælana, ferðast létt og fara úr fatnaði fari það að svitna og nýta stoppin vel.

www.fjallafelagid.is

NÁMSKEIÐ Í FJALLAMENNSKU

ALLIR VELKOMNIR Í HÓPINN

ALMENN FJALLAMENNNSKA
15. - 20. maí, 6 daga alhliða grunnnámskeið í fjallamennsku

JÖKLANÁMSKEIÐ
7. - 8. maí, ferðamennska, leiðarval og sprungubjörgun á jökli.

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Nánari upplýsingar á fjallaleidsogumenn.is

Hanna Gréta Pálsdóttir með sonunum, Aroni Frey, 10 ára, og Jóni Arnari, 13 ára, sem farið hafa með henni í nokkrar fjallgöngur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekur milli fjalla á húsbíl

Hanna Gréta Pálsdóttir hafði aðeins farið einu sinni á Esjuna þegar hún skráði sig í verkefnið Eitt fjall á viku á síðasta ári. Auk þess keyrði hún um landið á húsbíl sem hún gerði upp með hjálp fjölskyldunnar.

„Nei, ég var ekki fjallgöngumanneskja áður en ég skráði mig til leiks, hafði kannski einu sinni farið á Esjuna. En eftir að ég keypti mér húsbíl haustið 2009 fór ég að hugsa hvort ég ætti ekki að kynna mér landið betur," segir Hanna Gréta Pálsdóttir sem tók þátt í verkefninu Eitt fjall á viku hjá Ferðafélagi Íslands á síðasta ári.

Á vinnustað Hönnu, Sómasamlokum, eru karlmenn í meirihluta og spila saman fótbolta einu sinni í viku. „Ég ýjaði því að því, svona á léttum nótum, að ég ætti að fá styrk til að taka þátt í verkefninu sem ég hafði séð auglýst, Einu fjalli á viku, sem mótvægi við fótboltaæfingum strákanna. Eigandinn hét á mig að ef ég skilaði hundrað prósent árangri í verkefninu myndi fyrirtækið styrkja mig hundrað prósent um þátttökugjaldið. Ég hugsa að þeir hafi ekki alveg haft fulla trú á að ég myndi klára 52 tinda en ég stóð við það."

Draumur Hönnu Grétu um húsbíl er margra ára gamall. Draumurinn varð að veruleika þegar hún datt niður á 84 módel af Volkswagen-húsbíl. „Þá var hann í óökuhæfu ástandi en með góðri hjálp

Einn af þeim tindum sem Hanna Gréta kleif á síðasta ári var Hvannadalshnúkur.
MYND/ÚR EINKASAFNI

frá fjölskyldunni, aðallega pabba, varð hann ökuhæfur fyrir sumarið svo að ég rúntaði um allt land á bílnum, bæði ein og með strákunum mínum. Þetta er svolítill hippabíll, mjög sætur og er kallaður Kaffivagninn af félögum mínum þar sem þar er gjarnan hellt upp á kaffi."

Hanna er hvergi nærri hætt í fjallgöngum og er skráð í framhaldshóp sem myndaðist eftir verkefnið í fyrra þar sem lagt er upp með að fara í jöklaferðir. En var ekkert erfitt að byrja? „Jú, ég missti aðeins af í byrjun, en vann það upp sjálf með hjálp strákanna minna síðar um sumarið. Fólkið sem ég kynntist var líka svo hvetjandi, sendi manni sms um að koma, svo ég tali ekki um að vita af stuðningi vinnufélaganna, sem biðu eftir að sjá hvort mér tækist þetta. Fjallgöngur eru mikið kikk. Útiveran, að sigra tindana og svo líður manni svo vel þegar þetta er búið, að hafa farið sama hvernig viðrar. Manni finnst ekkert veður lengur vera vont veður – þetta er bara spurning um að klæða sig rétt," segir Hanna og bætir við að mikilvægast sé að byrja bara rólega og gefast ekki upp. „Þetta verður alltaf auðveldara og auðveldara." Auk framhaldsnámskeiðsins sem Hanna sækir stendur Ferðafélag Íslands aftur fyrir verkefninu Eitt fjall á viku á þessu ári sem og námskeiðinu Eitt fjall á mánuði.

juliam@frettabladid.is

EXEL
göngustafir
Verð frá: 18.800 kr.
EXEL
Fást eingöngu í Faxafeni 12 og Glerártorgi

Hágæða göngustafir fyrir fjallgöngur. Mismunandi stafir fyrir ólíkar aðstæður og þarfir.
66 NORÐUR

VAL DI FIEMME
La Sportiva gönguskór
Verð: 42.800 kr.
Stærðir: 36-46
LA SPORTIVA

Hálfstífir gönguskór úr Nubuk leðri sem henta vel fyrir allar fjallgöngur. Vibram veltisóli, höggvörn og GORE-TEX vatnsvörn.
66 NORÐUR

ASYMMETRIC
Vaude bakpoki
Verð: 26.300 kr.
Stærð: 30L
Verð: 33.100 kr.
Stærð: 50L
VAUDE
Fást eingöngu í Faxafeni 12 og Glerártorgi

Rúmgóðir bakpokar með innri stoðgrind og góðri loftun um bak. Festingar fyrir göngustafi og ísaxir. Hliðarvasar með utanáliggjandi neti.
66 NORÐUR

Frá ferð Brattgengisins á Háusúlu um síðastliðna helgi. MYND/JÓN GAUTI JÓNSSON

Tekist á við torsótta tinda

Hópur á vegum Íslenskra fjallaleiðsögumanna hefur síðan í haust spreytt sig á torsóttum tindum til að auka færni í fjallamennsku. Í sumar er stefnt að því að klífa eitt fegursta en erfiðasta fjall landsins.

Brattgengið er fjallamennskuhópur á vegum Íslenskra fjallaleiðsögumanna, sem hefur frá því í haust spreytt sig á torsóttum tindum í þeim tilgangi að auka færni og öðlast aukið öryggi, jafnvel við erfiðustu aðstæður. Leifur Örn Svavarsson hefur ásamt Jóni Gauta Jónssyni umsjón með hópnum.

„Hugmyndin er að kenna vönu göngufólki undirstöðuatriði fjallamennsku svo það geti síðar gengið á eigin vegum á fallegustu tinda landsins," útskýrir Leifur og getur þess að ekki hafi aðrar forkröfur verið gerðar til þátttakenda námskeiðsins, sem eru átta talsins, sex karlar og tvær konur, sem búa öll yfir einhverri reynslu af fjallamennsku.

Frá því að hópurinn fór af stað hefur hann tekist á við ýmis verkefni sem verða stöðugt erfiðari viðfangs að sögn Leifs. „Nýverið fórum við til dæmis upp sjötíu metra ísfoss, Grafarfoss í Esjunni, sem er mjög brattur. Þetta var svona eins og að klífa upp Hallgrímskirkju og heilmikið ævintýri," segir hann og getur þess að mikil áhersla sé lögð á öryggi þátttakenda. „Við förum vel og reglulega yfir öll öryggisatriði svo þeir öðlist sjálfsöryggi og eins til að fyrirbyggja slys."

Aðspurður segir hann misjafnt hvort fólk líti á námskeiðið sem ögrun eða skemmtun en það sé undir því sjálfu komið hve mikið það reyni á sig.

Námskeiðinu er skipt í nokkra hluta, ísklifur, vetrarfjallamennsku, jöklagöngur, klettaklifur og fleira. „Þetta er samantekt á öllu sem við bjóðum," útskýrir Leifur og segir svo stefnt að því að klífa einn fallegasta en erfiðasta tind landsins í júní þegar námskeiðinu lýkur.

„Hraundrangi í Öxnadal er eitt af formfegurstu fjöllum landsins, en fólk kemst ekki upp nema með góðri þekkingu á fjallamennsku enda er dranginn í laginu eins og oddhvöss nál. Þá á eftir að komast aftur niður, með sigi, og það er ekki síður erfitt," segir hann en bætir við að það sé vel þess virði enda útsýnið af toppnum engu líkt. „Svo er aldrei að vita nema framhald verði á, að minnsta kosti verður sams konar námskeið í nóvember." *roald@frettabladid.is*

Kristín B. Helgadóttir tekst á við lóðréttan ísfoss. MYND/LEIFUR ÖRN SVAVARSSON

Mikilvægt er að hafa gott nesti með í skemmri og lengri fjallgöngur. Tilvalið er að skella til dæmis nokkrum samlokum, einum kexpakka, orkugefandi ávöxtum, svo sem banönum. flösku af köldu vatni, hitabrúsa sem tekur á bilinu 0,75 til 1 lítra af heitu vatni, kaffi- og/eða kakódufti og súkkulaðistykkjum í bakpokann. Sumum þykir líka gott að hafa meðferðis hnetur og rúsínur eða orkustangir.

www.arcticrafting.is

Jón Jóel & Maggý

ÚT&VESTUR Eco Tourism

Ferðaþjónusta með áherslu á Breiðafjarðarsvæðið

www.utogvestur.is

JAFNVÆGI er kjörorð okkar sem birtist meðal annars í viðleitni til að:

- *Skipuleggja alltaf ferðir í samvinnu við heimamenn á því svæði sem sótt er heim.*
- *Fara um án þess að náttúru, menningu, umhverfi og öryggi sé teflt í tvísýnu.*
- *Halda á lofti sögu og menningu á hverju svæði.*
- *Stuðla að frjóum samskiptum gesta og gestgjafa.*

Oftast er gist í tjöldum og ferðast gangandi, hjólandi, ríðandi eða róandi. Yfirleitt fylgir trússbíll eða mótorbátur.

Lífið er hreyfing – njótum hennar!

Sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, Myndir ársins, verður opnuð í Gerðarsafni í dag klukkan 15. Á henni er að finna bestu blaða- og tímaritaljósmyndir og myndskeið frá 2010.

Castello
PIZZERIA
Fjölskyldutilboð
Stór pizza m/2 áleggsteg. 12" hvítlauksbrauð/margaritu, stór brauðstandgir og 2L coke 3560 kr (SÓTT)
Stór pizza m/2 áleggsteg. 1790 kr (SÓTT)
20% Afsláttur af sóttum pizzum
Opnunartímar
Dalvegur 2 Kóp
Opið alla daga 11-01
Dalshraun 13, Hafn
Sun-Fim: 11-23
Fös-Lau: 11-23:30
www.castello.is
S:577 3333

Zagreb í Króatíu Páskar 21.-25. apríl
Zagreb er ægi fögur borg sem rekur upphaf sitt til ársins 1094. Andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál. Præddu göngustígana og virtu fyrir þér mörgu hinna fallegu byginga sem prýða borgina eða röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða. Spennandi skoðunaferðir innan borgar sem utan í boði

Verð 89.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi
Innifalið: flug, skattar, hótel 4*, fararstjóri, rúta til og frá flugvelli,

Brugge í Belgíu 2-6. júní
Einstök ferð til Feneyja norðurins. Í Brugge færðu að upplifa ekta miðaldaumhverfi sem er þrungið sögu, menningu og listum, svo eru sýkin með sinn sjarma eins og í Feneyjum.
Bruges (Brugge) var stofnað af víkingum á 9. öld sem settust að við enda árinnar " de Reie" en nafn borgarinnar er talið rekjast til skandinavíska orðsins Brygge sem þýðir höfn.

Verð 119.900 kr á mann i 2ja manna herbergi. Innifalið:
Flug, skattar, hótel, íslenskur fararstjóri og rúta til og frá flugvelli.

Tallinn Eistlandi - miðaldaborg frá 11. öld,
16.-24. júlí
Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav´s kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.

Verð 78.800 kr. á mann i 2ja manna herbergi.
Innifalið flug, skattar, hótel, íslenskur fararstjóri, rúta til og frá flugvelli

Miðaldir - Eistland og Lettland 16.-24. júlí
2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum i gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.

Verð 148.900 kr. á mann i 2ja manna herbergi.
Innifalið; Íslenskur fararstjóri, flug og skattar, hótel, allar skoðunarferðir

Sólarferðir. Mexico allt árið og Ibiza á sumrin.
Haustferðir. Væntanlegar 4 daga ferðir í beinu flugi frá Keflavik og Akureyri -Riga í Lettlandi, Tallinn í Eistland, Zagreb í Króatíu, Vin og Salsburg í Austurríki.
Sérferðir. Albanía, Sri Lanka og Mexico/Guatemala í september, október og nóvember

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
Trans-Atlantic sérhæfir sig i ferðum til Eistrasaltslanda
www.transatlantic.is

Ungmenni í uppreisn

Herranótt setur upp Draum á Jónsmessunótt á Norðurpólnum.

Herranótt, leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, hefur hafið sýningar á Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare á Norðurpólnum á Seltjarnanesi.

Þótt William Shakespeare hafi skrifað leikritið fyrir meira en 400 árum er viðfangsefnið sígilt; ástir ungmenna, leyndarmál og uppreisn. Stuðst er við upprunalega þýðingu Helga Hálfdanarsonar en sýningin að ýmsu leyti færð í nútímalegri búning.

Stór hópur kemur að uppsetningunni; þrjátíu leikarar, sex manna hljómsveit og fimmtíu manns sem hafa komið að gerð sviðsmyndar, búningum og förðun, markaðssetningu og fleiru.

Leikstjórn er í höndum Gunnars Helgasonar. Útlitshönnuður er Kristín Berman.

Nánari upplýsingar á www.herranott.mr.is og á slóðinni www.facebook.com/draumurajonsmessunott.


William Shakespeare

Ein mynda Ken Opprann af sýningunni í Hallgrímskirkju.

Mannfólkið andspænis Guði

Listvinafélag Hallgrímskirkju og Bókaútgáfan Opna standa saman að ljósmyndasýningu í forkirkju Hallgrímskirkju, sem nefnist: TRÚ – mannfólkið andspænis Guði sínum.

Í fimmtán ár ferðaðist Norðmaðurinn Ken Opprann um heiminn og ljósmyndaði fólk á fundi með Guði sínum. Hann var viðstaddur ótal mikilvægar trúarhátíðir helstu trúarbragða heims, vitjaði sögufrægra helgistaða og leitaðist við að festa tjáningu trúarinnar á mynd, hvort sem hana bar fyrir augu á opinberum stöðum eða birtist honum í einrúmi. Þó að blæbrigðin séu mörg eiga allar þessar myndir sinn sameiginlega svip.

Þar fer saman falslaus einlægni og þrotlaus leit að þeim mætti sem er æðri öllum skilningi. Hér gefur að líta áhrifamiklar ljósmyndir sem lýsa kristnum mönnum, múslímum, gyðingum, hindúum og búddistum. Myndirnar á sýningunni eru flestar úr samnefndri bók sem kom út í íslenskri þýðingu á síðasta ári.

Sýningin verður opnuð á Biblíudaginn, sunnudaginn 27. febrúar, að aflokinni guðsþjónustu, en guðsþjónustunni verður útvarpað beint á Rás 1 klukkan 11. *- rat*

Fermingarpartý í Cosmo

Sunnudaginn 27. febrúar kl. 14.00
• Allt það nýjasta í fermingartískunni
• ÞÓRIR SVEINSSON á SPACE kynnir allt það nýjasta í fermingargreiðslum
• HELENA DÖGG sýnir allt það flottasta í fermingarförðun frá MAC
Komum og höfum gaman saman!
COSMO
Kringlunni

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53816A 02/11

TÆKIFÆRIN LIGGJA Í LOFTINU

FLUGFREYJUR / FLUGÞJÓNAR
SUMARSTÖRF



ALÞJÓÐLEGT, FJÖLBREYTT, SPENNANDI, KREFJANDI
Icelandair óskar eftir að ráða flugfreyjur/flugþjóna til starfa næsta sumar.

Við leitum að fjölhæfu, glaðlyndu og skemmtilegu fólki á aldrinum 21–30 ára (fæðingarár 1981–1990). Við þurfum fólk með áhuga á og reynslu af þjónustustörfum, sem er lipurt í samskiptum og á gott með að vinna í hóp, er jákvætt og hefur hlýlegt og þægilegt viðmót.

HÆFNISKRÖFUR
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Skilyrði er að umsækjandi búi yfir góðri tungumálakunnáttu.
- Reynsla af þjónustustörfum/umönnunarstörfum er nauðsynleg.
- Umsækjendur verða að vera hraustir og vel á sig komnir.

UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ
Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að sækja kvöldnámskeið í 8 vikur og taka próf að því loknu. Námskeiðin hefjast í apríl.

UMSÓKNARFRESTUR
Umsóknarfrestur er til og með 7. mars. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef Icelandair, www.icelandair.is/umsokn

FYRIRSPURNIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
HÓPSTJÓRAR: Sími 5050 111 | flug@icelandair.is
Vinsamlegast endurnýið áður innsendar umsóknir og sendið á **www.icelandair.is/umsokn**

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Fjármálastjóri

Staða fjármálastjóra við Fjölbrautaskóli Suðurlands er laus til umsóknar.

Um er að ræða 100 % starf sem ráðið verður í frá 1. maí 2011.
Í starfinu felst: gerð fjárhags- og rekstraráætlana, bókhald, fjárvarsla, innheimta og greiðslur reikninga, launavinnsla og samskipti við fjársýslu ríkisins, ríkisbókhald og ríkisendurskoðun.
Leitað er eftir starfsmanni með góða viðskipta- og bókhaldsmenntun og nokkra reynslu á því sviði, góða tölvukunnáttu og mikla samskiptahæfni.

Um laun fer skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Nánari upplýsingar veitir skólameistari (orlygur@fsu.is) í síma 862-7556/ 480-8100. Að sjálfsögðu verður öllum umsóknum svarað. Ekki þarf að sækja um á sérstökum umsóknareyðublöðum en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta.

Umsóknir berist skólameistara eigi síðar en mánudaginn 21. mars 2011.

Á heimasíðu skólans, **www.fsu.is**, er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Örlygur Karlsson skólameistari
Fjölbrautaskóla Suðurlands
www.fsu.is
Sími: 480-8100/862-7556 - Fax: 480-8188

Rennismiður óskast til starfa.

HAMAR

Við leitum eftir öflugum rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi. Starfið er krefjandi og verkefnin fjölbreytt. Viðkomandi þarf að geta borði ábyrgð á þeirri vinnslu sem þar fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búið með CNC vélum. Aðstaða, umhverfi og starfsandi á vinnustaðnum er framúrskarandi og þjónustan sú besta sem völ er á.

Menntun, ábyrgð og hæfniskröfur:
- Sveinn /meistari í rennismíði eða sambærileg menntun.
- Bera ábyrgð á renniverkstæðinu og umhverfi þess.
- Vera ráðgefandi við stjórnendur fyrirtækisins um breytingar, endurbætur endurnýjun á tækjakosti.
- Yfirumsjón og ábyrgð á vinnslu og þjónustu renniverkstæðis.
- Virkt eftirlit með rekstrarkostnaði renniverkstæðis.
- Taka þátt í stefnumótun renniverkstæðis í samráði við verkstjóra og aðra stjórnendur.
- Sjálfstæði frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Hæfni til að miðla þekkingu og reynslu.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreyt starf og krefjandi verkefni.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson Siggil@hamar.is 660 3613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 660 3600

Norðursigling ehf., Húsavík, auglýsir eftir öflugum skipstjóra og vélstjóra fyrir sumarið.

Um er að ræða skemmtilegt starf í frábæru starfsumhverfi.

Nánari upplýsingar í síma 464-7272 eða í gegnum info@nordursigling.is

Norðursigling
HÚSAVÍK

Capacent Ráðningar

VIÐSKIPTASTJÓRI

samskip

Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í krefjandi starf í innflutningsdeild.

Samskip eru alþjóðlegur vinnustaður sem kappkostar að veita starfsmönnum sínum áskoranir í starfi. Hjá Samskipum eru möguleikar á starfsþróun til framtíðar víða um heim.

Helstu verkefni
- Samskipti og ráðgjöf til stærri viðskiptavina í innflutningi
- Sala og ráðgjöf á flutningatengdri þjónustu vegna innflutnings
- Tilboð og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í söluáætlunum og eftirfylgni áætlunar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun æskileg
- Haldgóð reynsla af sölu til fyrirtækja
- Góð íslensku og enskukunnátta skilyrði, kunnátta í Norðurlandamáli mikill kostur
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni til tengslamyndunar
- Skipuleg og skilvirk vinnubrögð
- Hæfni í framsetningu upplýsinga í skrifuðu og töluðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Hefur þú brennandi áhuga á íþróttum?

Íþróttadeild 365 leitar að íþróttafréttamanni í sumarafleysingar. Starfið er fjölbreytt og nær til allra miðla 365 sem fjalla um íþróttir, þ.e. sjónvarps- og útvarpsmiðla, Fréttablaðsins og Vísir.is.

Hæfniskröfur:

Mjög góð þekking og áhugi á íþróttum

Framúrskarandi vald á rituðu máli

Góð almenn tungumálakunnátta, enska og Norðurlandamál

Almenn tölvu- og tækniþekking sem og hæfni til að tileinka sér ný tölvuforrit við vinnslu íþróttafrétta

Sjálfstæð og öguð vinnubrögð í hröðu, krefjandi en skemmtilegu vinnuumhverfi

Frumkvæði og lipurð í samskiptum



Um fullt starf er að ræða og er unnið á vöktum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. júní.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla – www.365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2011. Frekari upplýsingar veitir Sigurður Elvar Þórólfsson íþróttafréttastjóri seth@365.is.

365

Óskum eftir að ráða hársnyrtisvein / meistara

Upplýsingar veita Guðrún / Indíana í síma 511-1141 eða sendið póst á soho.laugavegi@gmail.com

soho hárstofa· laugavegi 41

soho

Bjóðum upp á alla almenna hársnyrtiþjónustu og mikið úrval af hársnyrtivörum

Sölufólk í húsgagnaverslun

Við óskum eftir sölufólki til starfa í húsgagnaverslun.

Áhugasamir leggi inn umsókn á húsgagnaverslun@gmail.com

Fullum trúnaði heitið.

ARKITEKT

Erum að leita að arkitektum með gott vald á norsku eða skandinavísku og með fjölbreytta og staðgóða reynslu í hönnun og verkefnisstjórn.

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að starfa við erlend verkefni og dvelja erlendis í styttri eða lengri tíma.

Umsóknir vinsamlegast sendist á box@frett.is merkt „arkitekt" fyrir 4. mars n.k.

smárar

Opnum þriðju verslunina!

Erum að fara að opna þriðju verslunina. Okkur vantar verslunarstjóra, starfsfólk í fullt starf og hlutastarf. Erum að leita að ábyrgðarfullu og hressu fólki, með góða söluhæfileika, til að taka þátt í gleðinni með okkur.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá á: jón.smarar@gmail.com og ingibjorg.smarar@gmail.com

Capacent Ráðningar

VERKSTJÓRI Á BÍLAVERKSTÆÐI

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk verktaka. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar en fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur á þjónustusvæði sínu til þeirra íbúa sem það kjósa. Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði.

Strætó bs. leitar að afkastamiklum og áhugasömum verkstjóra á bílaverkstæði.

Leitað er að aðila sem hefur meistarapróf í bifvéla- eða vélvirkjun sem og reynslu af stjórnun og skipulagningu sambærilegra verkefna. Viðkomandi verður einnig að hafa brennandi áhuga og þekkingu á stórum bílum og tækjum. Um er að ræða spennandi starf á úrvals vinnustað í nýju og glæsilegu húsnæði á Hesthálsi.

Starfssvið verkstjóra er:

- Dagleg stýring verkefna á bílaverkstæði
- Eftirlit með og skipulagning fyrirbyggjandi viðhalds
- Ábyrgð á framkvæmd verkefna og þjálfun starfsmanna
- Dagleg úthlutun verkefna og eftirfylgni framkvæmdar þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í bifvéla- eða vélvirkjun skilyrði
- Reynsla af stjórnun starfsmanna skilyrði
- Starfsreynsla af viðgerðum og viðhaldi
- Enskukunnátta og almenn tölvukunnátta
- Aukin ökuréttindi kostur

Viðkomandi verður að búa yfir:

- Frumkvæði, skipulagshæfileikum og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og stjórnunarhæfileikum
- Áhuga á símenntun í greininni og ríkri þjónustulund

Í boði er:

- Metnaðarfullt og gott starfsumhverfi
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Fagþekking og krefjandi verkefni
- Miklir möguleikar í starfi

Umsjón með ráðningu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

STÖÐVARGÆSLA Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til stöðvargæslu við aflstöðvar og veitumannvirki á Þjórsársvæði.

Aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell eru á Þjórsársvæði og heyra undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöð viðkomandi starfsmanna verður í þjónustumiðstöð við Búrfellsstöð.

Starfssvið:

Starfið er fólgið í eftirliti og viðhaldi aflstöðvanna og veitumannvirkja þeirra ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

Æskileg starfsreynsla:

- Reynsla af störfum við aflstöðvar og raforkuvirki
- Reynsla af vinnu við iðntölvur og skjámyndakerfi
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggisstjórnunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélfræðings- og eða rafvirkjamenntun
- Staðgóð tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Tækifærið þitt! Sjá nánar á www.intellecta.is

- Oracle (DBA)
- Hugbúnaðargerð
- Vélaverkfræðingur
- Útstöðvarekstur
- Þjónustumiðstöð
- Rafmagnsverkfræðingur

intellecta

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Hertz bílaleiga óskar eftir að ráða öfluga, sjálfstæða og skipulagða liðsmenn til starfa við starfsstöðvar okkar í Reykjavík og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Eftirfarandi störf eru í boði

Afgreiðsla - Framtíðar og sumarstarf
Starfið felur m.a. í sér bókanir, almenna afgreiðslu, afhendingu og móttöku bílaleigubíla. Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini.

Hæfniskröfur
- *Almenn tölvukunnátta*
- *Tungumálakunnátta - Vald á 3 tungumálum er mikill kostur*
- *Bílpróf*

Standsetning bifreiða - Sumarstarf
Starfið felur í sér m.a. þrif og standsetningu bifreiða ásamt minniháttar viðhaldi.

Hæfniskröfur
- *Bílpróf - Meirapróf mikill kostur*

Verkstæði - Sumarstarf
Starfið felur í sér m.a. almennt viðhald bifreiða, smur, dekkjaskipti, flutningur á bílum og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur
- *Ökuréttindi á minni og stærri ökutæki er skilyrði*
- *Reynsla er æskileg*

Almennar hæfniskröfur í öll störf
- *Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Þjónustulund*
- *Hreint sakavottorð*
- *Snyrtimennska*
- *20 ára aldurstakmark*

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið atvinna@hertz.is. Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi (2-2-3). **Umsóknarfrestur er til 7. mars n.k.**

Hertz - Bílaleiga Flugleiða ehf. hefur rekið bíleigu á Íslandi í 40 ár. Á sumrin starfa um 80 einstaklingar hjá fyrirtækinu á 9 starfsstöðvum víðsvegar um landið. Hjá Hertz á Íslandi ríkir góður starfsandi og starfrækt er öflugt starfsmannafélag.

Viltu vinna og fjörugum og líflegum veitingastað?

Vegna mikilla anna óskar Veitingastaðurinn Vegamót eftir matreiðslumanni í fullt starf. Reynsla af **„a la carte"** nauðsynleg. Upplýsingar gefur Stefán í s. 822 6160 eða 511 3040.

VEGAMÓT
BISTRO | BAR

STAÐA AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA VIÐ AKURSKÓLA

Reykjanesbær auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra við Akurskóla lausa til umsóknar.
Í Akurskóla er lögð áhersla á kennsluhætti sem einkenna opinn skóla, einstaklingsmiðað nám, samkennslu og teymisvinnu kennara.

Við leitum að einstaklingi með kennsluréttindi sem hefur þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi í skólastarfinu, reynslu af stjórnun, skipulagshæfileika, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til þess að gera gott skólastarf betra.

Nánari upplýsingar gefa Jónína Ágústsdóttir skólastjóri í síma 4204550 og 8934550 og Lars Jóhann Imsland í síma 4204550 og 8954551.

Umsóknir skulu berast starfsþróunarstjóra, bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ, fyrir 5. mars. nk.

Einnig er hægt að sækja um rafrænt á upplýsingavef Reykjanesbæjar: reykjanesbaer.is.
Netfang Akurskóla er akurskoli@akurskoli.is. Veffang skólans er akurskoli.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Nemar í flugumferðarstjórn

Isavia ohf. óskar eftir nemum í flugumferðarstjórn

Leitað er eftir nemum í réttindanám í flugstjórnarmiðstöð Isavia í Reykjavík.

Umsækjendur þurfa að uppfylla neðangreindar kröfur:
Viðkomandi þarf að vera a.m.k. 18 ára og hafa próf frá framhaldsskóla eða sambærilega menntun skv. mati Flugmálastjórnar Íslands.

Gerð er krafa um að umsækjandi hafi lokið viðurkenndu grunnnámi í flugumferðarstjórn og námi til ACP og ACS áritana með fullnægjandi árangri og hafi fullnægjandi þekkingu í ensku og íslensku (a.m.k. 4.stig).

Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa óflekkað mannorð. Umsækjandi þarf að geta hafið nám í byrjun apríl.

Umsóknarfrestur er til og með **4. mars 2011** og umsóknum skulu fylgja afrit af heilbrigðisvottorði, staðfesting á enskuprófi, hreint sakarvottorð og staðfesting á menntun (prófskírteini).

Umsóknir
Upplýsingar um námið veitir Þórdís Sigurðardóttir, deildarstjóri flugstjórnarmiðstöðvar, sími 424-4000.

Umsóknum skal skilað rafrænt inn á heimasíðu Isavia **www.isavia.is/nam**.

Ekki er um að ræða starfsráðningar né ráðningar í þjálfunarstöður. Engin trygging er fyrir starfi hjá Isavia að loknu námi. Laun verða ekki greidd á námstímanum.

---

isavia **Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Isavia veitir þjónustu á lofti og á jörðu niðri. Isavia rekur alla flugvelli á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir. Hjá Isavia starfa um 600 manns, en með dótturfélögum eru um 700 manns hjá fyrirtækinu. Árlega tekur Isavia inn 6-10 nema til starfsþjálfunar í flugumferðastjórn. Lögð er áhersla á að fyrirtækið hafi jafnan á að skipa hæfu starfsliði með góða menntun, hæfni og starfsreynslu. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Yfirlífeindafræðingur

Starf yfirlífeindafræðings á Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði við Landspítala er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2011 eða eftir samkomulagi.

Yfirlífeindafræðingur skipuleggur og stjórnar vinnu lífeindafræðinga við rannsóknastofuna í samræmi við sýn og stefnu Landspítala. Næsti yfirmaður er yfirlæknir Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Fagleg ábyrgð á daglegri framkvæmd rannsókna og gæðum í verkferlum
- Umsjón með störfum og þjónustu lífeindafræðinga í vefjafræðirannsóknum/vefjameinafræði (histopathology) og fleiri starfshópa
- Virk þátttaka í rannsóknavinnu og vísindastarfi
- Stuðlar að viðhaldi og þróun þjónustu, faglegrar þekkingar starfsmanna, aðbúnaðar og öryggismála á vinnustað
- Fjárhagsleg verkefni tengd daglegum rekstri, birgðahaldi og mönnun

Hæfnikröfur
- Lífeindafræðingur með sérfræðileyfi og/eða meistaragráðu eða sambærilega reynslu að mati dómnefndar
- A.m.k. fimm ára starfsreynsla á rannsóknastofu í meinafræði (histopathology)
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót
- Leiðtogahæfni
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið
- Umsóknarfrestur er til og með 01.04.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- Upplýsingar veitir Jóhannes Björnsson, yfirlæknir, netfang johbj@landspitali.is, sími 543 1000.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Jóhannesi Björnssyni, yfirlækni, LSH Rannsóknastofu í meinafræði, húsi 8 við Hringbraut.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Verkfræðingur/ tæknifræðingur

HAMAR

Við leitum eftir öflugum iðnaðar eða vélaverkfræðing / tæknifræðing á höfuðstöðvar okkar í Kópavogi. Starfið felur í sér hönnun, teiknivinnu, tilboðsgerð, verkstjórn og verkefnastjórnun. Viðkomandi verður að vera hreinskiptin framsækin og áreiðanlegur. Aðstaða umhverfi og starfsandi á vinnustaðnum er til fyrirmyndar.

Menntun, ábyrgð og hæfniskröfur:
- Verkfræðingur/tæknifræðingur eða sambærileg menntun.
- Vera ráðgefandi við stjórnendur fyrirtækisins um breytingar og endurbætur.
- Taka þátt í stefnumótun fyrirtækisins í samráði við stjórnendur.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Hæfni til að miðla þekkingu og reynslu.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði.

Umsóknir skulu berast á netfangið siggil@hamar.is fyrir 04.03.2011

MATREIÐSLUMAÐUR

HÓTEL KLAUSTUR óskar eftir matreiðslumanni til starfa frá og með 1. apríl

Hótel Klaustur rúmar 150 manns í sæti og er rómað fyrir fjölbreyttan mat og vandaða þjónustu. Okkur vantar matreiðslumann frá og með 1. apríl eða eftir nánara samkomulagi. Í boði er húsnæði á staðnum. Tilvalið tækifæri fyrir matreiðslumann með fjölskyldu. Á Kirkjubæjarklaustri er allt til staðar, grunnskóli, leikskóli, sundlaug, íþróttamiðstöð, gott mannlíf og einstök náttúra.

Nánari upplýsingar veitir Karl Rafnsson, hótelstjóri, í símum 487 4900 og 861 1306 eða í netfanginu **klaustur@icehotels.is**
Umsóknarfrestur til og með 10. mars.

Sími 487 4900 | www.icelandairhotels.com

IH ICELANDAIRHOTELS KLAUSTUR

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er fag- og stéttarfélag hjúkrunarfræðinga á Íslandi. Starfsvæði þess er allt landið og eru félagsmenn tæplega 4.000. Á skrifstofu félagsins starfa sjö starfsmenn auk formanns félagsins. Fíh er málsvari hjúkrunar og hjúkrunarfræðinga og gætir hagsmuna þeirra. Félagið semur við vinnuveitendur um kaup og kjör fyrir félagsmenn, vinnur að menntunarmálum hjúkrunarfræðinga og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi hjúkrunarfræðinga. Fíh tekur einnig virkan þátt í stefnumótun í heilbrigðismálum. Félagið rekur orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð, styrktarsjóð, sjúkrasjóð og vísindasjóð.

Fulltrúi á skrifstofu

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) auglýsir eftir fulltrúa til starfa á skrifstofu félagsins.

Starfssvið:
- Almenn skrifstofustörf og símvarsla
- Afgreiðsla og þjónusta við félagsmenn
- Umsjón með félagaskrá
- Umsjón með skjalavistunarkerfi félagsins
- Úthlutun úr orlofssjóði
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð tölvuþekking og skipulagshæfileikar
- Þekking á Dk félagaskrá, Hannibal orlofskerfi og File Maker Pro æskileg
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Góð tök á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf um miðjan apríl 2011.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er reyklaus vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Upplýsingafulltrúi

Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, dýravernd, veiðistjórn, mengunarvarnir eiturefnaeftirlit, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðslu, skipulagsmál svo og fræðslu á sviði umhverfismála.

Starfsmenn umhverfisráðuneytisins eru 34 og skiptist starfsemi þess í fjórar skrifstofur: skrifstofa ráðherra, skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála, skrifstofu laga og stjórnsýslu og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á heimasíðu þess ***www.umhverfisraduneyti.is***

Umhverfisráðuneytið óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa til starfa.

Helstu verkefni
- Umsjón með samskiptum við fjölmiðla og fréttatilkynningum
- Ritstjórn heimasíðu ráðuneytisins
- Kynningar-, fræðslu- og útgáfumál
- Þátttaka í nefndum og vinnuhópum sem undir starfið heyra

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf og menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum æskileg
- Reynsla af störfum við fjölmiðla er kostur
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Skipulögð vinnubrögð og geta til að vinna sjálfstætt
- Góðir samskiptahæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

intellecta

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
www.intellecta.is

Hefur þú gaman af bílum?

Bílabúð Benna óskar eftir drífandi starfsfólki

Sölumaður nýrra bíla
Starfssvið:
-Sala nýrra bíla, aðal áhersla á Porsche
-Sala notaðra bíla
-Móttaka viðskiptavina
-Samskipti við núverandi viðskiptavini

Hæfniskröfur:
-Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og söluhæfileika
-Reynsla af sölumennsku
-Reynsla af sölu á bílum kostur
-Áhugi á bílum
-Góð tölvukunnátta
-Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
-Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Umsjónarmaður rekstrarleigubíla
Starfssvið:
-Frágangur samninga og utanumhald
-Eftirlit með að bílar séu þjónustaðir
-Umsjón með skilum á bílum
-Frágangur uppgjöra
-Samskipti við viðskiptavini
-Utanumhald og skráning nýrra bíla

Hæfniskröfur:
-Leitað er að skipulögðum og öguðum einstaklingi
-Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa getu til að þróa starfið fram á við
-Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur
-Mjög góð tölvukunnátta (Excel)
-Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi

Við leitum að drífandi og metnaðarfullum einstaklingum með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Um er að ræða framtíðarstörf hjá spennandi og öflugu fyrirtæki í sókn.

Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið atvinna@benni.is fyrir mánudaginn 7. mars. Nánari upplýsingar veitir Björn Ragnarsson.

Bílabúð Benna ehf er 35 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins.
Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is - benni@benni.is

---

HS Orka hf leitar að forstöðumanni viðskiptaþróunar á sölu- og markaðssvið fyrirtækisins í Reykjanesbæ

Starfssvið
- Umsýsla og samskipti við viðskiptamenn.
- Greining, söluáætlanir og upplýsingagjöf.
- Markaðsáætlanir
- Ímyndar mál HS Orku á almennum raforkumarkaði.
- Samskipti vegna söluaðilaskipta.
- Aðstoð við kaup og sölu á raforku.

Hæfniskröfur
- Reynsla af markaðs- og sölumálum og gerð söluáætlana.
- Mjög góð þekking á Microsoft Office og vinnu við gagnagrunna.
- Reynsla af gerð verkferla og viðhaldi þeirra.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2011.
Hægt er að sækja um á heimasíðu HS Orku hf www.hsorka.is.
Frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri.

HS Orka hf • Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
www.hsorka.is • hs@hs.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Starfsmann vantar í 40% starf á heimili fatlaðra í Hafnarfirði.

Starfið felur í sér aðstoð við íbúa heimilisins við félagslega færni og athafnir daglegs lífs.

Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt auk getu til að aðlagast þeim verkferlum og gildum sem unnið er eftir hverju sinni.

Það er kostur ef viðkomandi hefur menntun sem nýtist í starfi. Ekki eru gerðar kröfur um starfsreynslu en horft verður til fyrri starfa og áhugasviðs.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.apríl n.k. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar við hlutaðeigandi stéttafélag.

Upplýsingar um starfið gefur Þórunn K. Matthíasdóttir, forstöðumaður í síma 664-5729

Umsóknir skal skila rafrænt á netfangið thorunnm@hafnarfjordur.is fyrir 7. mars n.k.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Þrír lyfjafræðingar og einn í fríi

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 53807 02.2011

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Lyfja hf. auglýsir eftir lyfjafræðingum á Akureyri, Blönduósi og Egilsstöðum. Einnig óskum við eftir lyfjafræðingum til sumarafleysinga.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

Um er að ræða spennandi störf og tækifæri fyrir metnaðarfulla lyfjafræðinga. Í boði eru krefjandi störf á skemmtilegum vinnustöðum.

Hæfniskröfur:

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson starfsmannastjóri í síma **530-3800 eða um netfangið hallur@lyfja.is**

Umsóknarfrestur er til 10. mars 2011 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Næringarráðgjafi/ Næringarfræðingur

Laust er til umsóknar starf næringarráðgjafa/ næringarfræðings á Næringarstofu Landspítala. Starfshlutfall er 50% og veitist starfið frá 15. apríl 2011 eða eftir samkomulagi.

Á Næringarstofu starfar klínísk deild og Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN, www.rin.hi.is) og umhverfið er því fjölbreytt og gefandi.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Starfið felur í sér næringarmeðferð og ráðgjöf til sjúklinga LSH
- Notkun fagþekkingar og samvinna við aðrar heilbrigðisstéttir
- Lögð er áhersla á sjálfstæði í starfi og tækifæri til símenntunar og fræðslu

Hæfnikröfur
- Löggilding sem næringarráðgjafi/næringarfræðingur samkvæmt reglugerð
- Samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Reynsla af samvinnu við aðrar stéttir er nauðsynleg

Nánari upplýsingar um starfið
- Umsóknarfrestur er til og með 15.03.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- Upplýsingar veitir Svava Engilbertsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, netfang svavaen@landspitali.is, sími 543 8419.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Engilbertsdóttur, LSH Næringarstofa Eiríksgötu 29.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Hótel – Næturvarsla – Gestamóttaka

Hótel á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir starfsmanni í næturvörslu – gestamóttöku. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Reynsla af sambærilegum störfum. Um er að ræða vaktavinnu. Tölvukunnátta æskileg og reglusemi skilyrði.

Umsóknir sendist á box@frett.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Bifvélavirki

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja til að annast almennt viðhald og eftirlit með hópferðabílaflota okkar.

Við leitum að röskum og metnaðarfullum aðila sem getur unnið sjálfstætt.

Ökuréttindi til aksturs hópferðabíla æskileg.

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@snaeland.is fyrir 5. mars nk.

SNÆLAND GRÍMSSON

Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavik · Iceland
Sími 588 8660 · www.snaeland.is

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þessa að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn

Rekstrarstjóri

hjá lifandi og framsæknu fyrirtæki

Maður Lifandi er framsækið smásölufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á lífrænum og náttúrulegum matvörum og tilbúnum réttum.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með reynslu og þekkingu á rekstri matvöruverslana og veitingastaða. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem sjálfstæði, góð samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Rekstrarstjóri tilheyrir öflugum hópi starfsfólks hjá Maður Lifandi sem leggur metnað í að veita viðskiptavinum sínum úrvals þjónustu.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Innkaup og birgðastýring
- Vöruúrval og uppstilling á vörum í verslunum
- Starfsmannahald í verslunum
- Þjónusta og samskipti við birgja og viðskiptavini
- Þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
- Reynsla af rekstri matvöruverslana nauðsynleg
- Reynsla af innkaupum
- Menntun í viðskiptafræði eða vörustjórnun er kostur
- Brennandi áhugi á lífrænum matvælum, heilbrigði og hollustu
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir berist til framkvæmdastjóra Maður Lifandi, Arndísar Thorarensen, arndis@madurlifandi.is fyrir mánudaginn 7. mars

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 585 8700 | Hæðarsmára 6, 201 Kópavogur, Sími: 585 8710 | Hafnarborg, 220 Hafnarfirði, Sími: 585 8720

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

HAMPIÐJAN

Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki í heiminum í sölu og þjónustu á framúrskarandi veiðarfærum til fiskiskipa. Fyrirtækið er jafnframt í fararbroddi í þróun og framleiðslu á ofurköðlum, sem seldir eru víða um heim, mest til olíuleitar og olíuvinnslu. Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki í íslenskri eigu og hjá því starfa um 500 starfsmenn í 10 löndum.

Sölustjóri á ofurtógi til olíuiðnaðar

Hampiðjan óskar eftir að ráða sölustjóra til starfa.

Starfssvið:
- Skipulagning sölu- og markaðsstarfs á ofurköðlum til olíuiðnaðarins.
- Viðkomandi hefur starfsstöð á Íslandi en mun vinna náið með Hampiðjan Baltic í Litháen.

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í tæknigrein.
- Við erum að leita að starfsmanni sem er „söludrifinn“ tæknimaður.
- Þarf helst að hafa verið búsettur á Norðurlöndum – ekki síst í Noregi.
- Reynsla af sambærilegum störfum (sala á tæknivörum) er kostur.
- Þarf að tala norsku afburðavel. Einnig ensku.
- Starfið kallar á töluverð ferðalög.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Við leitum að framleiðslustjóra fyrir rafeindavörur

Í framleiðslu er unnið í sellum og er framleiðsla á rafeindavörum ein af þeim. Starfið felur í sér ábyrgð á framleiðslu, gerð framleiðsluáætlana ásamt samvinnu við sölu, þjónustu og vöruþróunarsvið.

Starfssvið:
- Framleiðslustjórnun
- Gerð framleiðsluáætlana
- Ábyrgð á framleiðslu og afhendingu rafeindavara
- Eftirlit með gæðum framleiðsluvöru og vinnuferlum
- Ábyrgð á starfsmannamálum innan liðsins

Hæfniskröfur:
- Verk-, tæknifræði, framleiðslutækni eða sambærileg menntun
- Þekking á framleiðsluaðferðum og gæðamálum
- Færni í verkefnastjórnun
- Góð tölvuþekking og enskukunnátta
- Mikil samskiptafærni.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel , **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri framleiðslu, Þórður Theódórsson, thordur.theodorsson@marel.com í síma 825 8166.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com

marel

DOMUSNOVA Fasteignasala

Ritari óskast

Við erum að leita að henni Söru. Já eða virkilega jákvæðum, skemmtilegum og líflegum ritara í hlutastarf á Domusnova fasteignasölu.

Við leggjum mikið á okkur til að hafa starfsumhverfið sem fjölbreytilegast og eins skemmtilegt og hægt er. Gott er að viðkomandi hafi reynslu af ritarastörfum á fasteignasölu en þó alls ekki skilyrði.

Áhugasamir sendið umsókn, mynd og ferilskrá á axel@domusnova.is

Matreiðslumenn - matráður - almenn eldhússtörf

Fosshótel óskar eftir að ráða fólk til starfa við matreiðslu í Reykjavík og á landsbyggðinni í hluta- og fullt starf.

Nokkur störf í boði.

Umsókn óskast send á **job@fosshotel.is**
Nánari upplýsingar veita Davíð og Kári í síma **562-4000.**

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

EKRON,atvinnutengd endurhæfing óskar eftir að ráða náms,- og starfsráðgjafa til starfa í 50 % stöðu.

EKRON
ATVINNUTENGD ENDURHÆFING

Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og hæfni til að vinna að skýrslugerðum o.fl. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á vímuefnamálum. Í boði er áhugavert og krefjandi starf á sviði vímuefnamála.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 12 mars 2011.
Umsóknir og upplýsingar um starfið sendist á netfangið svennik@ekron.is eða Grensásvegi 16a, 108 Reykjavík.

Vilt þú vinna í frjóu og metnaðarsömu umhverfi?

> Norræna húsið leitar að markaðsstjóra

Norræna húsið leitar að öflugum einstaklingi til að leiða markaðsstarf hússins. Starfsmaðurinn mun hafa yfirumsjón með markaðs og kynningarstarfi Norræna hússins á Íslandi og erlendis. Viðkomandi kemur til með að hafa mótandi áhrif á Norræna húsið, stuðla að frekari uppbyggingu þess og þróun, ásamt því að taka þátt í fjölbreyttri starfsemi hússins.

Ábyrgð og helstu verkefni:
- Markaðsáætlun fyrir Norræna húsið sem nær til næstu ára
- Marka stefnu í markaðssetningu Norræna hússins erlendis
- Móta ímynd Norræna hússins
- Kynning einstakra viðburða
- Samstarf við verkefnastjóra
- Umsjón með útlánasal og frágangur safnkosts
- Ýmis verkefni sem yfirbókavörður felur bókaverði.

Hæfniskröfur:
Þjónustulund, sjálfstæði og frumkvæði. Áhugi á bókmenntum og menningarmálum á Norðurlöndum. Nauðsynlegt er að starfsmaður hafi þekkingu á Norðurlandamálum og ensku.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun í markaðsfræðum eða sambærilega reynslu, sérstaklega í markaðssetningu fyrirtækja erlendis. Viðkomandi þarf einnig að búa yfir hæfni og reynslu í að leiðbeina og stýra verkefnum og góðri kunnáttu í a.m.k. einu norðurlandamálanna, ensku auk íslensku og færni til að tjá sig á þessum málum í ræðu og riti. Þeir persónueiginleikar sem koma að notum eru frumkvæði, metnaður og góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.

Við bjóðum áhugaverð störf í krefjandi og frjóu norrænu og alþjóðlegu umhverfi í Vatnsmýrinni. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og er húsið eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.

Umsjón með ráðningum hefur Þuríður Helga Kristjánsdóttir starfsmannastjóri og veitir hún upplýsingar um störfin. **Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2011**. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um með því að senda póst á netfangið **thuridur@nordice.is**. Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Gott væri ef umsókn og fylgigögn væru á dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ráðið er í starf markaðsstjóra til eins árs með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings skv. regluverki Norrænu ráðherranefndarinnar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Bandalags háskólamanna og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Norræna hússins **www.norraenahusid.is**.

> Norræna húsið leitar að bókaverði í 50% starf

Um er að ræða starf í einu fallegasta bókasafni Norðurlandanna.

Helstu viðfangsefni
- Afgreiðsla og upplýsingaþjónusta við gesti bókasafnsins og Norræna hússins

NORRÆNA HÚSIÐ

Þrjú embætti hæstaréttardómara laus til umsóknar

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Þrjú embætti dómara við Hæstarétt Íslands eru laus til umsóknar sbr. lög nr. 12/2011 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998. Miðað er við að skipað verði í embættin hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 4. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um þrjá fyrrverandi samstarfsmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi að faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf hæstaréttardómara.

Umsóknir óskast sendar til innanríkisráðuneytisins, Skuggasundi, 150 Reykjavík og á netfangið postur@irr.is. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem hæstaréttardómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 14. mars nk.

Innanríkisráðuneytinu,
18. febrúar 2011.

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI.

Fasteignasala í Reykjavík óskar eftir að ráða lögg. fasteignasala til starfa nú þegar. Miklir möguleikar fyrir drífandi og jákvæðan aðila.

Umsóknir óskast sendar á box@frett.is merkt „Fast-Rvk"

ARKITEKTAR / BYGGINGAFRÆÐINGAR

T.ark leitar að reynslumiklum arkitektum og/eða byggingafræðingum til að slást í hópinn.

Við leitum að fólki með reynslu af REVIT eða að öðrum kosti með gott vald á hönnunarforritum.

Boðið er upp á fjölbreytt starf með samhentum hópi.

T.ark er elsta starfandi teiknistofa landsins, með fjölbreytta flóru verkefna af öllum stærðum og gerðum. Þar starfa nú 16 manns.

Skila skal umsóknum ásamt starfsferilsskrám á skrifstofuna, Brautarholti 6, 3. hæð, eða á netfangið teiknistofan@tark.is.

Unnið verður úr umsóknum eftir 7.mars n.k.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

T.ark
www.tark.is

Starfsmaður í upplýsingatæknideild

Við viljum ráða starfsmann í fjölbreytt og áhugaverð verkefni í upplýsingatæknideild Olís. Um er að ræða tímabundið starf til 6 mánaða með möguleika á framlengingu.

Helstu verkefni

- Uppsetningar á vél- og hugbúnaði í samráði við kerfisstjóra.
- Viðhald og lagfæringar á pc-tölvum og jaðartækjum.
- Rekstur og viðhald á búnaði tengdum afgreiðslukerfum, dælum, sjálfsölum og posum.
- Uppsetning á nýju kassakerfi og ferðalög sem því tengjast.
- Viðhald og rekstur á netbúnaði.
- Uppsetning notenda í AD og aðgangsstýringar.
- Uppsetning prentara.
- Afritun gagna.

Hæfni og þekking

- Kunnátta á forritun í C# kostur.
- Þekking á Microsoft-kerfum og netþjónum.
- Þekking á afgreiðslukerfum kostur.
- Reynsla í uppsetningu vélbúnaðar.
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar skilyrði.
- Snyrtimennska og rík þjónustulund skilyrði.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlega hafið samband í síma 515 1223 eða sendið póst á Kristínu Ragnarsdóttur, forstöðumann deildarinnar, í kristin@olis.is.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvupósti til starfsmannastjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar Guðmundsdóttur, á rbg@olis.is **fyrir 6. mars.**

PIPAR\TBWA · SÍA

Hjá Olís er lögð áhersla á stuðning til náms og heilsueflingar starfsfólks, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís Olíuverzlun Íslands hf.

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Sérfr. á sviði upplýsingamála	Forsætisráðuneytið	Reykjavík	201102/070
Verkefnisstjóri	Miðstöð munnlegrar sögu	Reykjavík	201102/069
Lektor í félagssálfræði	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201102/068
Lektor í stærðfræði	HÍ, verkfr.- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201102/067
Lektor í stærðfræði	HÍ, verkfr.- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201102/066
Dósent í jöklafræði	HÍ, verkfr.- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201102/065
Hjúkrunarfr., hjúkrunarnemar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201102/064
Rannsóknarlögreglumenn	Lögreglustj. á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201102/063
Varðstjórar	Lögreglustj. á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv	201102/062
Lögreglumenn	Lögreglustj. á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv	201102/061
Verkefnisstjóri raforkumála	Orkustofnun	Reykjavík	201102/060
Næringarráðgjafi, næringarfr.	Landspítali, næringarstofa	Reykjavík	201102/059
Yfirlífeindafræðingur	LSH, Ranns.st. HÍ í meinafræði	Reykjavík	201102/058
Hjúkrunarfr., sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Þ.höfn, Hverag.	201102/057
Lyfjafræðingur	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201102/056
Vélamaður	Vegagerðin	Borgarnes	201102/055
Fjármálastjóri	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Selfoss	201102/054
Sumarstörf	Vatnajökulsþjóðgarður	A-land, S-land	201102/053
Sjúkraliðar, sjúkraliðanemar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201102/052
Hjúkrunarfr., hjúkrunarnem., sumar	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201102/051
Hæstaréttardómarar	Hæstiréttur Íslands	Reykjavík	201102/050
Héraðsdómari	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201102/049
Sérfr. í heimilisl. og afleys.lækn.	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201102/048
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Mosfellsbær	201102/047
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201102/046
Afleysing heilsugæslulæknis	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Seltjarnarnes	201102/045
Heimilislæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201102/044
Afleysingalæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201102/043
Afleysingalæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Kópavogur	201102/042

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.

Starfatorg.is

ORKUSTOFNUN

Verkefnisstjóri raforkumála

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf til að stýra umsjónarhlutverki Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum.

Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.

Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.

Helstu verkefni:

- Eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemi þeirra gilda, reglugerðum og öðrum heimildum.
- Ákvörðun tekjumarka og eftirlit með gjaldskrám flutnings fyrirtækis og dreifiveitna.
- Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.
- Þátttaka í starfi raforkuhóps orkuspárnefndar.
- Fagleg aðstoð við stjórnvöld vegna umsagna, eftirfylgni og þróunar lagaumhverfis.
- Samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir og samtök á sviði raforkueftirlits.
- Þjónusta og upplýsingagjöf á sviði raforkueftirlits.
- Öflun gagna á sviði raforkumála og umsjón með þeim.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á sviði rafmagnsverkfræði.
- Þekking á auðlinda- og orkumálum, sérstaklega á sviði raforku.
- Reynsla af samskiptum opinberrar stjórnsýslu og orkuiðnaðarins.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og samskiptahæfni.
- Góð tungumálakunnátta, enska og norðurlandamál.
- Hæfileiki til að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Þekking á rekstrarumhverfi orkuiðnaðarins.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Orkustofnun stefnir að því að hækka hlutfall kvenna í starfsliði sínu.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími **569 6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang **gd@os.is** eigi síðar en **21. mars 2011.**

Öllum umsóknum verður svarað.

Orkumálastjóri

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á sviði upplýsingamála

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á sviði upplýsingamála á skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytisins.

Starfssvið
Sérfræðingur á sviði upplýsingamála annast gerð frétta- og kynningarefnis og miðlun upplýsinga um áherslur í starfi forsætisráðherra, forsætisráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar. Hann annast jafnframt samskipti við stofnanir, hagsmunaaðila og einstaklinga um einstök áherslumál á málefnasviði ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar. Hann kemur að mótun upplýsingavefja forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins. Hann vinnur náið með yfirstjórn ráðuneytisins og á jafnframt samstarf við annað starfsfólk ráðuneytisins og önnur ráðuneyti eftir atvikum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu.
- Þekking og reynsla af almannatengslum og/eða upplýsingastörfum innan stjórnsýslunnar.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til þess að setja fram mál í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er skilyrði og þekking á frönsku, þýsku er æskileg.
- Reynsla af vefumsjónarkerfum, myndvinnslu – og samskiptakerfum er æskileg.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi, þar sem reynir á frumkvæði, ábyrgð og ögguð vinnubrögð. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um starfið.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsóknir ásamt viðeigandi upplýsingum um menntun og starfsferil sendist forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík eða á postur@for.stjr.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu.

Til leigu 81,6 fm 3ja herbergja íbúð við Bárugranda í Reykjavík. Leiga 140 þús. á mánuði, verðtryggt. Innfalið hússjóður og hiti í íbúð. Trygging skv. samkomulagi við leigusala. Langtímaleiga.
LAUS STRAX!
Upplýsingar veitir Magnús í síma 699-0775

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi

Urðunarstaður í landi Skeljavíkur

Sveitarstjórn Strandabyggðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarstað í landi Skeljavíkur skv. 41. gr. laga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er um 3,3 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að 500 tonnum árlega til urðunar. Urðunarstaðurinn er í landi Skeljavíkur í Strandabyggð. Svæðið er um 750 m austur af Þverárvirkjun og 400 m frá gatnamótun Djúpvegar (61).

Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð og umhverfisskýrslu, dags. 17. febrúar 2011. Tillagan og umhverfisskýrsla mun vera til sýnis á skrifstofu Strandabyggðar Höfðagötu 3, 510 Hólmavík frá 24. febrúar 2011 til 31. mars 2011. Ennfremur er tillagan til sýnis á heimasíðunni www.strandabyggd.is.

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Strandabyggðar fyrir 14. apríl 2011 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Ingibjörg Valgeirsdóttir
Sveitarstjóri

SAMNINGSKAUP

F.h. Reykjavíkurborgar er óskað eftir umsóknum um þátttöku í forvali til að taka þátt í lokuðu útboði á:

Öryggisgæslu fyrir starfsstaði á vegum Reykjavíkurborgar.

Forvalsgögn fást afhent frá og með 21. febrúar 2011 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Þeir aðilar sem vilja fá gögnin send rafrænt, sendi tölvupóst á netfangið utbod@reykjavik.is

Umsóknum skal skila eigi síðar en: kl. 16:00, þann 9. mars 2011, í Ráðhús Reykjavíkur.
12581

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

FISKISTOFA

Umsóknir um byggðakvóta

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2010/2011 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 999, 17. desember 2010

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 171/2011 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

Ísafjarðarbær (Þingeyri, Suðureyri, Hnífsdalur)
Stykkishólmsbær
Súðavíkurhreppur

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. **Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2011.**

Fiskistofa, 25. febrúar 2011.

Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Kynningarfundur á ferðum sumarsins verður haldinn í Þingsal 4 Hótel Loftleiðum mánudaginn 28. febrúar nk. kl. 20:00
Kaffiveitingar verð 1.500 kr.

Orlofsferðir sumarið 2011

Helsinki-Tallin	3.-8. júní
Suður England	10.-14. júní
Suðurland	16.-18. júní
Spánn-Tossa	25. júní -2. júlí
Snæfellsnes	2.-3. júlí
Austfirðir	8.-11. júlí
Akureyri	14.-16. október

Í lögum um orlof húsmæðra segir svo:
„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof".

Stjórnin
Netfang: orlofh@simnet.is
Heimasíða: orlofrvk.123.is

Sjúkraliði óskast til starfa í dagþjálfun

Um er að ræða starf við dagþjálfun í Drafnarhúsi í Hafnarfirði.

Starfið felst í umönnun og þjálfun einstaklinga með heilabilun.

Við leggjum áherslu á góða samvinnu og fagmennsku. Höfum að leiðarljósi umhyggju og virðingu fyrir skjólstæðingum okkar og fjölskyldum þeirra.

Nánari upplýsingar veitir Erla Einarsdóttir forstöðumaður í síma 534-1081 eða 695-3464 og á netfangið drafnarhus@internet.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sjúkraliðafélagsins.

Umsóknir sendist fyrir 15. mars n.k.

Öllum umsóknum verður svarað.

Frábært sumar í Osló fyrir meiraprófsbílstjóra

Nordjobb og Adaptus Bemanning AB halda ráðningarfund í Reykjavík þann 18. mars.
Við leitum að bílstjórum með meirapróf (C-skírteini) á aldrinum 18-28 ára vegna útaksturs í Osló í sumar.

Hvað bjóðum við?
Í sumar getum við boðið meiraprófsbílstjórum fjölbreytilegt og ábyrgðarfullt starf hjá einhverjum af viðskiptavinum okkar við dreifingu í verslanir. Þú verður að vinna á tímabilinu júní-ágúst (a.m.k. sex vikur).

Hver ert þú?
Þú hefur þjónustulund og átt ekki í vandræðum með að hefja morguninn snemma. Ef þú ert ekki orðinn 20 ára verðurðu að hafa starfshæfnisvottorð. Það færðu með því að ljúka námskeiði og taka próf.

Hver erum við?
Adaptus Bemanning AB er fyrirtæki sem sérhæfir sig í starfsmannaleigu í dreifingu og vöruhús í Stokkhólmi, Uppsölum og Osló. Við vinnum með heildarlausnir, sem þýðir að við tökum fulla vinnuveitandaábyrgð þar sem við þjálfum og undirbúum starfsfólk okkar fyrir hvert verkefni. Starfsfólk okkar er ungt og hresst og við höfum veislur og ýmsa aðra atburði á dagskránni um sumarið.
Nordjobb miðlar sumarstörfum á Norðurlöndum fyrir fólk á aldrinum 18-28 ára auk þess að miðla húsnæði og skipuleggja tómstundastarf. Umsækjendur skrá sig á ***www.nordjobb.net.*** *Nordjobb er rekið af Norræna félaginu með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar.*

Skráning
Ef þú hefur hug á að sækja ráðningarfundinn skaltu hafa samband við Stefán í s. 5510165 eða island@nordjobb.net. Hann veitir einnig frekari upplýsingar um starfið.

ADAPTUS Bemanning & Rekrytering | Nordjobb

Sabre Airline Solutions á Íslandi (áður Calidris) leitar að öflugum einstaklingum sem hafa reynslu af og áhuga á að vinna í hugbúnaðarteymi. Reynsla úr flugheiminum er kostur.

Sabre er alþjóðlegt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Liðsheild okkar er sterk og telur nú rúmlega 40 manns á Íslandi. Viðskiptavinir Sabre eru stór og smá flugfélög um allan heim. Flytja þau yfir 400 milljón farþega árlega.

Sabre Airline Solutions

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur skili ferilskrám í tölvupósti á jon.arni.bragason@sabre.com. Umsjón með ráðningunum hefur Jón Árni Bragason jon.arni.bragason@sabre.com

ScrumMaster - Verkefnastjóri - Forritari

Starfssvið
- Umsjón með hugbúnaðarteymi - ScrumMaster
- Samskipti við viðskiptavini - verkefnastýring
- Þarfagreining og mat á verkefnum
- Forritunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- ScrumMaster vottun (Certified ScrumMaster) æskileg
- Reynsla af og áhugi á að leiða og vinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Reynsla af verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna
- Reynsla af þarfagreiningu og mati á umfangi verkefna
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á:
  - Java (JMS, Spring, Hibernate)
  - JUnit, Fit/FitNesse
  - XML, XSD, XSLT
  - WebServices, SOA, SaaS, SOAP, JSON
  - SQL (Oracle)
  - Linux/Unix (RHEL)
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði

Java forritarar

Starfssvið
- Þróun og hönnun á bakenda fyrir lausnir Sabre Airline Solutions
- Forritunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Þarfagreining og mat á verkþáttum
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann hugbúnaðarþróunar

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af og áhugi á að vinna við forritun sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Reynsla af þarfagreiningu og mati á umfangi verkþátta
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á:
- Java (JMS, Spring, Hibernate)
- JUnit, Fit/FitNesse
- XML, XSD, XSLT
- WebServices, SOA, SaaS, SOAP, JSON
- SQL (Oracle)
- Linux/Unix (RHEL)
  B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði

Sérfræðingar í hugbúnaðarprófunum

Starfssvið
- Prófanir á hugbúnaðarlausnum Sabre Airline Solutions
- Prófunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Ritun prófunarskjala
- Hönnun og útfærsla á sjálfvirkum prófunum (Fit/FitNesse)
- Uppbygging og endurbætur á prófunarferlum
- Þarfagreining og mat á verkþáttum

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af og áhugi á að vinna við prófanir sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Þekking á og reynsla af skipulagningu hugbúnaðarprófana og ritun prófunarskjala
- Reynsla af þarfagreiningu og mati á umfangi verkþátta
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á:
- Java
- JUnit, Fit/FitNesse
- XML
- WebServices
- SQL (Oracle)
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði

Business Analyst / Scrum Product Owner

Starfssvið
- Greining og úrvinnsla á þörfum viðskiptavina Sabre Airline Solutions
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini
- Stuðningur við hugbúnaðarteymi
- Skjölun og lýsing krafna á söguformi (User Stories)

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Reynsla af bókunarkerfum úr flugheiminum (Amadeus, Sabre, o.fl.)
- Reynsla af og áhugi á að vinna með hugbúnaðarteymi við útfærslu á lausnum
- Reynsla af þarfagreiningu
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði æskileg
- Product Owner vottun (Certified Scrum Product Owner) æskileg
- Góð enskukunnátta
  Góð tæknileg reynsla

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

Guðrúnargata 3 - efri hæð og ris

Sérlega falleg og mikið endurnýjuð efri hæð og ris á góðum og rólegum stað. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og tvær stofur. Í risi er sjónvarpshol og tvö svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 29,4 fm bílskúr. **OPIÐ HÚS Á MORGUN (SUNNUDAG) FRÁ KL. 14:00 – 16:00. V. 28,4 m.**

NÝTT ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU

Á GÓÐUM STAÐ Í ÞORLÁKSHÖFN
LAUST TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA!

Húsið er stálgrindarhús, klætt að innan og utan með bárustálklæðningu og er því viðhaldslítið. 4 bil eru í eigninni – um 110m2 hvert. 35m2 milliloft er í tveimur bilanna. Mjög hátt er til lofts og eru mjög stórar akstursdyr á bilinu.
Sér rafmagns- og hitamælar eru í hverju bili.
Flott atvinnuhúsnæði sem hentað getur til margra nota
Verð á bilunum er 14 – 14,5m.
Bilin leigjast á 88 – 102þúsund á mánuði.

FASTEIGNASALA SUÐURLANDS
Unubakka 3b 815 Þorlákshöfn
Símar 483 3424 • 848 5041 • 663 7199
www.eignin.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

SUZUKI GRAND VITARA V6. Árgerð 2000, ekinn 178 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. Verð 750.000. Rnr.220706

TOYOTA AVENSIS S/D SOL. Árgerð 2004, ekinn 100 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.690.000. Rnr.220658

CADILLAC ESCALADE AWD. Árgerð 2007, ekinn 55 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 7.700.000. skoðar skipti ath gott stg verð Rnr.102084

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Hyndai Santa Fe Diesel 5/2006 ekinn 113 þ.km sjálfskiptur, fallegur bíll með leðri, sóllúgu og dráttarkrók. Tilboðsverð 1.950.000.- Bíllinn er á staðnum.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

TOYOTA PRIUS HYBRID. Árgerð 2006, ekinn 133 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.240050

FORD F150 LARIAT (35"). Árgerð 2004, ekinn 123 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.230055

DAIHATSU APPLAUSE 16L / X LIMITED. Árgerð 2000, ekinn 75 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 590.000. Rnr.250022

VW PASSAT COMFORT LINE/SEDAN. Árgerð 2001, ekinn 179 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.230065

VW GOLF COMFORTLINE 8V. Árgerð 2003, ekinn 110 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.121446

Bílasalan Planið
Breiðhöfða, Reykjavík
Sími: 517 0000
www.planid.is

KRÓKUR BÍLAUPPBOÐ
www.bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

Til sölu

CHEVROLET K3500 SILVERADO 4WD. Árgerð 2008, ekinn 8 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. **Verð 16.500.000.** Rnr.129464

Húsbíll með öllu svefnpláss fyrir 4 WC sturta heitt kalt sjónvarp markísa gluggi á þaki eldavél og ofn spil og loftpúða
Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Bíllinn er á staðnum.

STÓRA BÍLASALAN

Vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu.

Það er FRÍTT að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Erum með myndeftirlit á planinu.

STÓRA BÍLASALAN

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

BÍLALIND.is

VW Passat comfort line/skutbíll. 05/2004, ekinn 144 þkm, bensín, sjálfskiptur, sjálfskiptur. Verð 1.470.000. #282572 Bíllinn er á staðnum, mjög flottur!

RE/MAX SENTER KYNNIR: Nýlegt og sérlega glæsilegt 249fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Ennishvarf í Kópsvogi. Nánari lýsing eignar: Komið er inn í flísalagða forstofu með góðum skápum. Eldhúsið er fallegt, vönduð eldhústæki, tvöfaldur ískápur og span helluborð. Tvö björt barnaherbergi með parketi á gólfum og góðum skápum. Á milli herbergjanna er baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með sturtu og innréttingu. Hjónaherbergið er rúmgott með miklum góðum skápum sem allir ná uppí loft. Stórt baðherbergi með sturtu, nuddbaðkari og stórri innréttingu, flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús með innréttingu, flísum á gólfi og útgengi í garð. Yfir hluta húsins er milliloft sem er opið rými /stofa með parketi á gólfi, góðu útsýni og svölum. Rúmgott og þægilegt sjónvarpshol. Stofurnar eru stórar og bjartar og úr sólstofu er útgengi á 130 fm. suðurverönd með grillskála og heitum potti. Allar innréttingar og allir skápar eru frá Modulia eik og hvít/háglans. Í húsinu er gólfhiti, öll ljós innfelld, innbyggt ryksugukerfi og sérsmíðaðar gardínur.
Bílskúrinn er 32,8 fm með innréttingu. Lóð frágengin með hita í bílastæðum sem rúma marga bíla.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Mávahlíð 26
105 Reykjavík
Nýstandsett íbúð með leigutekjum

Stærð: 168,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 29.350.000

RE/MAX Senter



Opið hús á sunnudaginn kl 16.30 - 17.00

Verð: 34.900.000





RE/MAX SENTER KYNNIR: Fallega og nýlega standsetta 138,7 fm. íbúð á 2. hæð ásamt 30 fm. aukaíbúð í kjallara með góðum leigutekjum, samtals 168,5 fm. Sólstofa sem er ca. 18 fm.(ekki í skráðum fermetrum). Allar innréttingar og gólfefni hafa verið endurnýjaðar, gegnheilt eikarparket lagt í tvöfalt fiskibeinamunstur. Miðrýmið er rúmgott með eikarparket á gólfi. Eldhúsið með nýlegri innrétting með flísum á milli skápa, eikarparket á gólfi. Öll tæki eru nýleg og aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara. Stofa og Borðstofa er rúmgóðar og bjartar með eikarparket á gólfi. Svefnherbergin eru mjög rúmgóð með fataskápum, eikarparket á gólfi og útgengt á svalir úr öðru þeirrar. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með sturtu og upphengdu salerni. Sólstofan er með viðargólfi og útgengt á stórar suðvestursvalir. Sérgeymsla í kjallara ásamt stúdíóíbúð sem er í útleigu. Rafmagn og hitalagnir hafa verið endurnýjað. Húsfélagið hyggst fara í viðgerðir utanhús og liggur fyrir kostnaðar áætlun þess efnis. Eigandinn skoða að taka bíl uppí sem hluta af greiðslu.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Furugerði 5
108 Reykjavík
Vönduð eign á góðum stað

Stærð: 132,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Fasteignamat: 25.200.000

RE/MAX Senter

Opið hús á sunnudaginn kl 16.30 - 17.00

Verð: 36.900.000

RE/MAX SENTER KYNNIR: Snyrtilega íbúð með sérinngangi og á vinsælum stað miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er á tveimur hæðum og er öll hin vandaðasta. Á neðri hæðinni (68,1 fm) er eitt svefnherbergi ásamt fataherbergi sem áður voru tvö. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með baðkari. Einni er geymsla og þvottahús. Efri hæðin (64,4 fm) skiptist í forstofu, gestasalerni, eldhús, borðstofu og stofu. Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi og fataskáp á efri hæð íbúðarinnar. Úr forstofu er komið inn í aðalrými hússins. Aðalrými er opið og bjart, hátt til lofts með stórum þakglugga sem gefur mikla birtu inn í rýmið. Gegnheil hnota er á gólfi. Stofa og borðstofa eru í aðalrými sem og eldhúsið. Eldhús er með mjög fallegri innréttingu og eyju, granít á borðplötum. Allar hurðir eru úr eik. Gestabaðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með svörtum náttúrusteini á gólfi. Stigi niður á jarðhæð er parketlagður með fallegu stál handriði. Hjónaherbergið er rúmgott með góðu fataherbergi. Húsið að utan er allt í góðu standi og mjög stílhreint, gangstígur að sér inngangi er hellulagður, tvö sér bílastæði fylgja íbúðinni og afgirtur pallur.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og sendu samúðarkveðjur vegna fráfalls elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, stjúpföður, afa og langafa,

Eysteins Óskars Einarssonar

bókbindara, Furugrund 70, Kópavogi.

Sigríður Sörensdóttir
Úlfar Eysteinsson
Björn Eysteinsson
Bryndís Eysteinsdóttir
Hildur Eysteinsdóttir **Gunnar Jones**
Ólöf Edda Eysteinsdóttir
Hulda Mary Breiðfjörð
Heiðar Pétur Breiðfjörð
Pálmar Breiðfjörð
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Georgsson

Furulundi 41, Akureyri,

lést á heimili sínu 23. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess. Innilegar þakkir til Heimahlynningar fyrir hlýja og góða umönnun.

Stella Stefánsdóttir
Aðalsteinn Guðmundsson **Inga Dóra Konráðsdóttir**
Sveinn Guðmundsson **Kristín Sigvaldadóttir**
Bergþóra Guðmundsdóttir **Gunnlaugur Árnason**
Jenný Guðmundsdóttir **Ólafur Grétarsson**
Guðmundur Guðmundsson **Helena Magneudóttir**
Sverrir Guðmundsson **Halla Sif Ævarsdóttir**
afa- og langafabörn.

†

Yndislegi sonur okkar, bróðir, barnabarn, frændi og vinur,

Einar Trausti Sveinsson

Hrafnakletti 8, Borgarnesi,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 20. febrúar, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Íþróttasamband fatlaðara, reikning 0313-26-4397, kt. 620579-0259.

Svanhildur Karlsdóttir **Runólfur Hauksson**
Sveinn Trausti Guðmundsson **Guðný A. Jónsdóttir**
Þórður Helgi Jónsson **Sigríður Jónsdóttir**
Helga Rós Sveinsdóttir **Bjarki Kárason**
Karl Sveinsson **Margrét Lilja Árnadóttir**
Jón Ingi Þórðarson **Karen Rut Ragnarsdóttir**
Eva Lísa Sveinsdóttir
Jósep Rósinkarsson
Jón Þórðarson **Inga S. Ingvarsdóttir**
Stjúpsystkini, frændfólk og vinir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Elfar Berg Sigurðsson

hljómlistarmaður og fyrrverandi kaupmaður,
Efstakoti 6, Álftanesi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Guðfinna Sigurbjörnsdóttir
Unnur Berg Elfarsdóttir **Guðgeir Magnússon**
Bjarni Berg Elfarsson **Berglind Libungan**
Ylfa Berg Bjarnadóttir og Birna Berg Bjarnadóttir

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óskar Kristinn Ólafsson

vélfræðingur, Mörk hjúkrunarheimili, áður Steinagerði 9, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 4. mars kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

Ólafur M. Óskarsson **Hólmfríður Pétursdóttir**
Rúnar Óskarsson **María Antonsdóttir**
Valdimar Óskar Óskarsson **Kristín Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dagbjört Guðmundsdóttir

Hólmgarði 25, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 20. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

Jóhanna Jóhannesdóttir
Þóra Björt Sveinsdóttir **Andri Berg Haraldsson**
Jóhannes Berg Andrason **Tómas Berg Andrason**
Þorsteinn Jóhannesson **Ólöf Erlingsdóttir**
Ingibjörg Sigurðardóttir **Guðmundur Vignir Sigurðsson**
Steinunn S. Kristjánsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Laufey Hallgrímsdóttir (Eyja)

Heiðargerði 27, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 2. mars kl. 11.00.

Margrét Þóra Guðmundsdóttir **Ólafur Þór Sigurvinsson**
Kristján Guðmundsson **Margrét Jóhannsdóttir**
Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir **Ásgeir Sigurvinsson**
og fjölskyldur.

†

Elsku móðir mín, tengdamóðir og amma,

Sigrún Svala Eggertsdóttir

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 25. febrúar. Útför verður auglýst síðar.

Sigurður Gústafsson **Linda Gústafsson**
og barnabörn

†

Yndisleg móðir mín

Guðfinna Gyða Guðmundsdóttir

tækniteiknari,
Sólheimum 25, Reykjavík,

lést 21. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

Helga Magnúsdóttir

†

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Brynhildar Jónsdóttur

Jón Svavar Úlfljótsson
S. Fanney Úlfljótsdóttir **Björn M. Björgvinsson**
Björg Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Jón Bjarni Haraldsson Norðdahl

til heimilis að Meðalholti 2,
áður Bergstaðastræti 66,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 1. mars klukkan 13.00.

Hildur Jónsdóttir
Stefán Brandur Jónsson
Eyrún Norðdahl Sigrúnardóttir
Árni Sigurðsson
stjúpbörn, tengdabörn og barnabörn.

†

Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar tengdamóðir, amma og langamma.

Hulda Sigurðardóttir

Strikinu 2, Garðabæ,

andaðist á deild A-6 á Landspítalanum í Fossvogi aðfararnótt 24. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Svavar Færseth
Auður Hallgrímsdóttir **Óðinn Gunnarsson**
Steinunn Hallgrímsdóttir **Ragnar Bjarnason**
Hallgrímur Hallgrímsson **Halla Aradóttir**
Guðný Hallgrímsdóttir **Hörður Arnarson**
Sigurður Örn Hallgrímsson **María Ósk Birgisdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, sonur og afi,

Marino Medos

Engihjalla 1, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 19. febrúar. Útförin fer fram í Landakotskirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Amela Medos
Telma Medos
Jasmina Medos
Morena Medos
Mario Medos
og barnabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

fossflakes™

- the future in luxury fill

AÐEINS FÁANLEGT Í RÚMFATALAGERNUM!

NÝTT

FOSSFLAKES SÆNG ÁÐUR: 8.995,-

6.995,-

SPARIÐ 2.000

FOSSFLAKES SUPERIOR sæng
Lúxus sæng fyllt með 70% af FOSSFLAKES og 30% af sílikonhúðuðum polyester holtrefjum. Hið nýja FOSSFLAKES efni er létt og mjúkt og minnir í flesta staði á dún. Sængin viðheldur réttu hitastigi við notkun og kemur í veg fyrir svitamyndun. Þolir þvott og þurrkun við 60°C. Heldur lögun sinni þvott eftir þvott! Stærð: 140 x 200 sm. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Tilvalinn sæng fyrir astma- og ofnæmissjúklinga. Sængurtaska fylgir.

TILBOÐIN GILDA 26.02-28.02

AÐEINS ÓDÝRARI!

FATASKÁPAR Í MIKLU ÚRVALI!

FATASKÁPUR MEÐ SKÚFFUM SLÁ OG HILLUM

12.950,-

ÁÐUR: 16.950,-

SPARIÐ 4.000

FIRENZE fataskápur
Góður fataskápur. Fæst í hvítu og beykilit. Tvöfaldur, með fataslá, 3 skúffum og 3 hillum. Stærð: B97 x H175 x D50 sm.

SPARIÐ 3.000

EFRI SKÁPUR ÁÐUR: 12.950,-

9.950,-

FATASKÁPUR MEÐ SKÚFFUM SLÁ OG HILLUM

14.950,-

ÁÐUR: 18.950,-

SPARIÐ 4.000

VENEDIG fataskápur
Glæsilegur þrefaldur fataskápur með fataslá, 3 hillum og 3 skúffum. Fáanlegur í beykilit. Stærð: B145 x H175 x D50 sm. Einnig fæst efri skápur sem er seldur sér. Stærð: B145 x H48 x D50 sm.

FATASKÁPUR MEÐ EFRI HILLU, SLÁ OG RENNIHURÐUM

39.950,-

ÁÐUR: 49.950,-

SPARIÐ 10.000

LUCCA fataskápur
Góður tvöfaldur fataskápur með fataslá, efri hillu og 2 rennihurðum. Fáanlegur í hvítu. Stærð: B122 x H200 x D64 sm.

FRÁBÆRT VERÐ!

FATASKÁPUR MEÐ EFRI HILLU OG FATASLÁ

24.950,-

TEXAS fataskápur
Tvöfaldur fataskápur með fataslá og efri hillu. Stærð: B99 x H221 x D58 sm. Aðeins: **24.950,-**
Hillur og skúffur seldar sér.
1 Hilleining með 2 hillum **3.395,-**
2 Skúffueining með 2 skúffum **9.995,-**

SKÓHILLA VERÐ AÐEINS:

1.995,-

CHARLIE skóhilla úr áli
Stærð: B93 x H38 x D35 sm.



SKÚFFUGRIND MEÐ 4 KÖRFUM

3.995,-

PEDRO skúffugrind
Góð skúffugrind með 4 körfum. Passar í flesta fataskápa. Hentar einnig vel í bílskúrinn, geymsluna eða þvottahúsið. Stærð: 64 x 68 x 49 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

HANNAÐU ÞINN EIGIN FATASKÁP!

TEXAS fataskápar
Hannaðu þinn eigin fataskáp!
Raðaðu tvöföldum, þreföldum, fjórföldum eða fimmföldum fataskáp saman og settu hillur, skúffur og fataslá í hann eftir þínu höfði. Fáanlegir í hvítu.

Bókamarkaðurinn er byrjaður!

Sparaðu þúsundir á Bókamarkaðnum í Perlunni

Opið frá kl. 10-18 alla daga.

Aldrei meira úrval – aldrei meiri afsláttur
Bókamarkaðurinn í Perlunni er byrjaður. Allt að **90% afsláttur af hátt í 20.000 titlum.** Komdu fljótt svo þú missir ekki af bestu kaupunum.

~~5.980,-~~
2.980,-



~~5.680,-~~
1.990,-

Mikið úrval!
~~1.490,-~~
590,-

~~4.990,-~~
1.490,-

~~2.490,-~~
1.290,-

~~4.290,-~~
890,-

Opið frá kl. 10 – 18 alla daga



~~4.790,-~~ **2.390,-**



~~28.900,-~~ **14.900,-**



~~3.990,-~~ **1.990,-**



~~5.680,-~~ **2.840,-**



~~5.490,-~~ **1.990,-**

~~5.990,-~~ **2.995,-**



~~3.990,-~~ **1.990,-**



~~7.990,-~~ **3.990,-**

~~5.990,-~~ **2.490,-**

~~5.990,-~~ **2.490,-**



~~5.690,-~~ **2.790,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

~~3.990,-~~
1.995,-

~~4.990,-~~
2.490,-



~~6.200,-~~
2.990,-



~~2.280,-~~
1.490,-

~~5.490,-~~
2.790,-

~~4.490,-~~
1.490,-

Verðið er ótrúlegt, allt að 90% afsláttur!

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

www.crucial-crew.org/interactive-safety-game/ Á vef Almannavarna Íslands er að finna tengla á síður fyrir krakka þar sem hægt er að læra viðbrögð við hættulegum aðstæðum, til dæmis í umferðinni, gegnum tölvuleiki. Þessi er einn þeirra.

BRANDARAKISTAN

Einu sinni voru tvær smákökur í ofni, þá sagði önnur smákakan: Ofsalega er heitt hérna! Þá sagði hin smákakan: Hvert þó í hoppandi, talandi smákaka!

Hvað er líkt með Hafnfirðingi og banana? Það er eitthvað bogið við þá báða.

Einu sinni var Palli einn í heiminum og þá var bankað ...

Ingveldur Þóra Samúelsdóttir 8 ára

Hefurðu heyrt um rafvirkjann sem var rekinn fyrir að leggja kapal í vinnunni?

Dagný Rós Hlynsdóttir 6 ára

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

ÍSBJÖRNINN KEMUR VÍST

Jón Gnarr heitir í alvörunni Jón Gunnar en þykir hitt flottara. Hann er mikill dýravinur og finnst gaman að slöngur skuli vera komnar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, en undirbýr þó enn komu ísbjarnarins.

Af hverju heitirðu Jón „Gnarr"? Ég er skírður Jón Gunnar. Þegar ég var unglingur breytti ég Gunnar í Gnarr af því mér fannst það töff.

Hvernig er að vera borgarstjóri? Það er mjög gaman.

Áttu einhverja vini hjá Reykjavíkurborg? Ég á marga góða vini þar, bæði gamla og nýja.

Hvert þeirra er skemmtilegast, Dagur B. Eggerts, Sóley Tómasar eða Hanna Birna? Þau eru öll ágæt. Ég vinn mest með Degi og það er alltaf gaman hjá okkur. Dagur getur verið mjög fyndinn.

Hvort er skemmtilegra, að vera borgarstjóri eða vera með sjónvarpsþátt? Borgarstjóri.

Hvað hefur þú gert fyrir krakka sem borgarstjóri? Ókeypis í sund?

Hvað gerirðu með þínum börnum? Mér finnst gaman að vera með krökkunum mínum í eiginlega öllu.

Þið Sveppi töluðuð saman inn á Múmínálfamyndina. Þekkirðu hann? Ég hef þekkt hann lengi, oft komið í Audda og Sveppa. Hann er rosalega skemmtilegur strákur.

Hvað finnst þér um að fá kyrkislöngu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn,

> Ég er nörd og á mér mörg skrítin áhugamál, til dæmis garðyrkju.

eins og hefur verið rætt um? Það eru komnar slöngur í Húsdýragarðinn og ég hlakka til að sjá fleiri tegundir þar af bæði slöngum og eðlum.

Er alveg útséð með að ísbjörninn komi í garðinn? Ísbjörninn kemur. Það tekur kannski smá tíma en hann kemur. Ég er að undirbúa það.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundurinn minn, Tobbi, sem er Border Terrier.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Grænmetislasagna.

Áttu þér einhver áhugamál? Ég er nörd og á mér mörg skrítin áhugamál, til dæmis garðyrkju.

Spilarðu á hljóðfæri? Nei, ég er alveg taktlaus og get ekki spilað á hljóðfæri.

Hvað gerirðu þegar þú átt frí? Reyni að slaka á eða vinna í garðinum mínum.

Hvað ætlarðu að gera í sumarfríinu þínu? Reyna að slappa af og eyða tíma með litla stráknum mínum.

www.ms.is

Hvað á kýrin að heita?

Hjálpaðu okkur að finna nafn á mjólkurkúna á **www.ms.is**. Þú gætir unnið glæsilegan vinning. Allir krakkar 12 ára og yngri mega taka þátt.

SPURNINGALEIKUR

1. Hvað heita bestu vinir Línu langsokks?
2. Í hvaða skóla er Harry Potter?
3. Hver er höfundur bókarinnar Ertu Guð, afi?
4. Hvað heitir mamma Ronju ræningjadóttur?
5. Hvað heitir aðalsöguhetjan í Gyllta áttavitanum?
6. Hvar á Fíasól heima?
7. Hver er myrki herrann í Harry Potter bókunum?
8. Hver skrifaði bækurnar um Artemis Fowl?
9. Hvað heitir hundurinn í Fimm-bókunum?
10. Hvar búa Múmínálfarnir?

Svör:

1. Tommi og Anna.
2. Hogwarts-skólan-um.
3. Þorgrímur Þráins-son.
4. Lovísa.
5. Lýra.
6. Í Grænalundi í Grasabæ.
7. Voldemort.
8. Eoin Colfer.
9. Tommi.
10. Í Múmínhúsinu í Múmíndal.

MARGT ER UM AÐ VERA

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA ER Í DAG. Í Þjóðmenningarhúsinu hefjast tónleikar klukkan 14 þar sem nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja íslenska tónlist og allir eru velkomnir.

SKEMMTILEGA LEIKFANGASAFNIÐ í Friðbjarnarhúsi á Akureyri er opið alla laugardaga í vetur frá klukkan 14-16 þar sem skoða má leikföng frá síðustu áratugum. Frítt inn fyrir börn yngri en 15 ára og tilboð í gangi fyrir aðra; tveir fyrir einn í aðgangseyri.

LIFANDI OG SKEMMTILEG SÖGUSTUND er á Gerðubergssafni á morgun klukkan 14. Sigrún Jóna Kristjánsdóttir er sögumaður.

ÆFÐU MEIRA!

NÁÐU ÁRANGRI MEÐ INTERSPORT!

FRÁBÆRT TILBOÐ!

Skoðaðu fleiri vörur á www.intersport.is

NIKE WMNS STEADY VII
Æfingaskór úr leðri með góðri dempun undir tábergi. Dömustærðir.

9.990
(fullt verð 11.990)

4.990

FRÁBÆRT VERÐ!

ENERGETICS METTE CAPRI
Æfingabuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með öndun. Dömustærðir.

3.490

FRÁBÆRT VERÐ!

ENERGETICS MIKA TOP W
Æfingabolir úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með góðri öndun. Litir: Svartur, bleikur. Dömustærðir.

3.990
(fullt verð 5.490)

NORTHBROOK AZTOL ZIP JACKET
Rennd peysa úr 88% bómull og 12% polyester. Litir: Svört, hvít. Dömustærðir.

3.490

ENERGETICS MI TOP W
Æfingabolir úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með góðri öndun. Litir: Svartur, bleikur, blár. Dömustærðir.

6.490

ENERGETICS MAIA TIGHTS
Æfingabuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með öndun. Litir: Svartar, svartar með bleiku. Dömustærðir.

Verð frá:
2.490

FRÁBÆRT VERÐ!

ENERGETICS CHROME 2 X 1 KG
2 handlóð í pakka. 2 X 1 kg. **2.490**. 2 x 2 kg. **3.990**. 2 x 3 kg. **5.990**. 2 x 4 kg. **7.490**. 2 x 5 kg. **8.990**.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. sía, 6. 950, 8. kvikmyndahús, 9. stansa, 11. berist til, 12. rimpa, 14. sveigur, 16. hvað, 17. stormur, 18. hylli, 20. komast, 21. bás.

LÓÐRÉTT
1. ekki læs, 3. í röð, 4. land í Austurlöndum nær, 5. samtíningur, 7. fikra, 10. eyrir, 13. meiðsli, 15. himna, 16. rámur, 19. golfáhald.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. síld, 6. Im, 8. bíó, 9. æja, 11. bt, 12. saums, 14. kans, 16. ha, 17. rok, 18. ást, 20. ná, 21. stía.

LÓÐRÉTT: 1. ólæs, 3. áb, 4. líbanon, 5. dót, 7. mjakast, 10. aur, 13. mar, 15. skán, 16. hás, 19. tí.

VIP-partí og skinkur

BAKÞANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Umtalaðasta teiti seinni ára verður haldið á Grensásveginum (ég veit) í kvöld. Eftir að frétt um teitið fór í loftið í vikunni var eins og glimmerhjúpaðri silíkonbombu væri varpað á þjóðfélagið. Flóðbylgja vandlætingar skall á Facebook þar sem notendur kepptust við að lýsa yfir skoðun sinni á svokölluðum VIP-partíum sem kalla fram svo ógeðslegt innræti hjá fólki að Icesave-krafan og Hringekjan falla í skuggann.

Í kjölfarið mættu forsvarsstúlkur teitisins í viðtöl sem gerðu illt verra – sérstaklega fyrir tilstilli beygingarmyndarinnar að „halta“ partí, sem náði á skömmum tíma meiri útbreiðslu en „stórasta“ land forsetafrúarinnar. Viðbrögðin voru slík að það var eins og stúlkurnar hygðust halda fyrsta teiti sögunnar, þar sem *frægt fólk* er í einhvers konar forgangi. Eins og slík teiti séu Síberíutígur skemmtanalífs landsins…

HÖRÐ viðbrögð hljóta að skrifast á útlit og atferli stúlknanna, frekar en einlægan vilja þeirra til að halda partí með afgirtum flöskuborðum og snoppufríðum þjónustustúlkum. Vægðarlaust flokkunarkerfi götunnar myndi skilgreina stúlkurnar sem skinkur og miðað við ofsafengin viðbrögð fólksins virðist skinkan eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu – vandamál sem er eflaust best krufið á snyrtistofum og undir útfjólubláum ljósabekkjabjarma.

EN fjöldinn réðst á eigið sköpunarverk því við tilheyrum öll samfélaginu sem skapaði skinkuna. Við erum Victor Frankenstein í þessari sögu og *skrímslið* sem hraktist út í skóg er sólbrúnt, brjóstgott og klætt í fleginn hlébarðamynstraðan fatnað.

SKINKUR verða sífellt meira áberandi þjóðfélagshópur. Af viðbrögðum fólks við saklausu partíi að dæma virðist óþolið gagnvart þeim vera vaxandi og þær hljóta að vera uggandi yfir þróuninni. Það er spurning hvort stofnun hagsmunasamtaka skinka sé nauðsynlegt þar sem álitshnekkir eftir jafn öfluga orrahríð gæti orðið varanlegur.

GUÐ veit að það er hvorki ókeypis né áreynslulaust að líta svona út og fjöldinn virðist ekki átta sig á metnaðinum sem liggur að baki. Hagsmunasamtök skinka þyrftu fyrst og fremst að átta sig á ástæðum þess að útþanin brjóstin, þrýstnar varirnar og platínuljósir lokkarnir virðast í dag vera bölvun, en ekki blessun.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



HÚSGAGNAHÖLLIN

Febrúartilboð

HLÝLEG OG ÞÆGILEG HÚSGÖGN FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

NÚNA 50% AFSLÁTTUR

VERDI hægindastóll, svart leðurlíki. B:56 D:66 H:91 cm.

14.995
FULLT VERÐ: 29.990

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

ARINN 3900 Petit Visionary, mahogany. B:91,5 D:31 H:81 cm.

48.990
FULLT VERÐ: 69.990

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

STANLEY La-z-boy stóll. Svart, dökkbrúnt eða vínrautt leður. B:80 D:85 H:105 cm.

109.990
FULLT VERÐ: 159.980

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

OREGON hornsófi. Vienna svart áklæði. L: 310/240 D:80/150 H:85 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu

199.990
FULLT VERÐ: 299.990

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

PINNACLE La-z-boy stóll. Natur, brúnt eða rautt áklæði. B:85 D:98 H:102 cm.

79.990
FULLT VERÐ: 119.990

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

MIDLAND tungusófi. Brúnt áklæði. B:280 D:100/172 H:95 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu

259.990
FULLT VERÐ: 349.990

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

PINNACLE La-z-boy stóll. Svart, hvítt, brúnt eða vínrautt leður. B:85 D:98 H:102 cm.

119.990
FULLT VERÐ: 159.990

EXPO • www.expo.is

BRÚÐUSÝNING Á SELTJARNARNESI Sýning á handgerðum postulínsbrúðum úr safni Rúnu Gísladóttur stendur yfir í Bókasafni Seltjarnarness. Á sýningunni eru 26 brúður í handgerðum fatnaði. Einnig eru á sýningunni 30 aðrar brúður, sumar allt að 100 ára – allar úr safni Rúnu. Sýningin er opin virka daga frá klukkan 10 til 19 nema föstudaga frá klukkan 10 til 17.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 26. febrúar 2011

Markaðir

13.00 **Leiklistar- og dansdeild Listaháskóla Íslands** verður með flóamarkað í húsnæði sínu frá kl. 13-17. Nemendur deildanna munu einnig standa fyrir óvæntum uppákomum.

Fundir

14.00 **Félag eldri borgara í Kópavogi** heldur fund í **Félagsheimilinu Gjábakka** kl. 14. **Guðbjartur Hannesson** velferðarráðherra mætir á fundinn og ræðir um málefni eldri borgara. Veitingar í boði félagsins.

Sýningar

16.00 **Bjarni Sigurðsson** opnar keramiksýningu sýna **Vasaleikur** kl. 16 hjá **Gallerí Listamenn**. Á sýningunni eru vasar með glerungum unnir út frá náttúru Íslands. Allir velkomnir.

Tónleikar

22.00 Hljómsveitin **Ensími** heldur

útgáfutónleika sína á **Nasa** í kvöld kl. 22. Miðaverð er kr. 1000 í forsölu og verða miðar einnig seldir við inngang.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Gallerí Fold • þar sem verkin seljast

Verðmatsdagur
listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum
á næsta uppboð sem verður 7. mars

Af því tilefni bjóðum við þér uppá ókeypis verðmat sunnudaginn 27. febrúar kl. 13–16.

Síðasta uppboð var það besta frá 2007. Um 85% verkanna seldust og flest þeirra á góðu verði.

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–14 og sunnudaga kl. 13–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

ÞÁTTTAKENDUR Í SÝNINGUNNI Annakim Violette, Franz Graf, Guðný Guðmundsdóttir, Helgi Þórsson, Hulda Vilhjálmsdóttir, Jonathan Meese, Laufey Elíasdóttir, Morgan Betz, Nonni Ragnars, Ólafur Lárusson, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Snorri Ásmundsson, Steingrímur Eyfjörð og Valgarður Bragason.

Kjarvalsdeildin í Nýló

Fjórtán listamenn standa að samsýningunni Kjarvalsdeildinni, sem opnuð verður í Nýlistasafninu í dag. Birta Guðjónsdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins, segir að þetta verði „hressandi sýning“ þar sem andi Kjarvals og suðuramerískur spíritismi svífur yfir vötnum.

„Það er rauði þráðurinn í sýningunni,“ segir Birta. „Listamennirnir réðu ráðum sínum um ákveðið heildarkonsept en unnu verkin hver í sínu lagi. þannig úr verður samsýning fjölbreyttra verka með sjálfstæða rödd.“

Snorri Ásmundsson, einn listamannanna sem eiga verk á sýningunni og driffjöðrin að baki henni, segir tilurð hennar mega rekja til sameiginlegs áhuga hans og nokkurra annarra á Kjarval og suður-amerískum spíritisma.

„Okkur datt í hug að leita á náðir sjálfs Kjarvals, í gegnum andatrúna, og fá hann til velja hóp listamanna sem mynda þessa Kjarvalsdeild.“

Markmið sýningarinnar er bylting, hvorki meira né minna. „Það hvílir ákveðinn frumkraftur í myndlistinni; það byrjar allt með henni og leiðist svo áfram. Bylting í myndlistinni býr til keðjuverkandi áhrif og ég býst fastlega við að þessi sýning eigi eftir að leiða til merkilegra atburða.“

Á valdi skynjunar

Marglaga nefnist myndlistarsýning og skynjunarskóli sem nokkrir listamenn standa fyrir í Kling og Bang við Hverfisgötu. Ingibjörg Sigurjónsdóttir, einn aðstandenda sýningarinnar, segir hugmyndina vera að rýna í skynjun og innsæi manneskjunnar frekar en skilninginn.

„Við erum öll tiltölulega nýútskrifuð sem stöndum að sýningunni og erum mörg að velta fyrir okkur að fara í framhaldsnám. Þá vakna spurningar um nám sem slíkt: hvað er að læra, hvað viljum við læra og hvert er hlutverk skynjunar í lífinu?“

Út frá því spannst hugmyndin um skynjunarskóla; sýningu þar sem gestir gætu gerst þátttakendur á vettvangi sem gengur út á að þreifa sig áfram með innsæið sem vegvísi. „Þannig verður upplifun gesta og þátttakenda í raun hluti af sýningunni,“ segir Ingibjörg.

Sýningin er opin á hefðbundnum tímum sex daga vikunnar en að auki verður boðið upp á þrjá til fjóra viðburði í viku utan afgreiðslutíma, sem gestir geta skráð sig á án skuldbindinga. Sýningin verður opnuð klukkan 17 í dag en „skólasetning“ verður klukkan 17.30. Þar verður stundaskrá komandi vikna kynnt og tónninn gefinn fyrir það sem koma skal. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. - bs

Hafðu það notalegt um helgina!

Fjórar krassandi kiljur á góðu verði í verslunum Eymundsson

★★★★

„Frábær skáldsaga um reiði, hefnd og fyrirgefningu ...“

Bjarni Ólafsson
Morgunblaðið

2.200 kr.
~~2.490~~ kr.

Fyrirgefning

Ungur maður er fenginn til þess að skrifa viðtalsbók við fólk sem lifað hefur af ofbeldi eða hörmungar af annarra völdum, en sjálfur slapp hann við illan leik undan skelfilegum ódæðismanni. Fyrr en varir er hann flæktur í rannsókn á dularfullum dauðsföllum.

★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttatíminn

★★★★★
Jón Yngvi Jóhannsson
Fréttablaðið

★★★★★
Ingi F. Vilhjálmsson.
DV

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2010 bókaversl.

2.200 kr.
~~2.490~~ kr.

Svar við bréfi Helgu

Aldraður bóndi skrifar bréf til ástkonunnar sem honum bauðst að fylgja til borgarinnar forðum. Skáldsaga Bergsveins Birgissonar var besta skáldsaga síðasta árs, að mati bóksala, og var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Glæsileg frumraun, sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Loksins fáanleg í kilju.

Íslensku bókmenntaverðlaunin Tilnefning

2.200 kr.
~~2.490~~ kr.

Landslag er aldrei asnalegt

Landslag er aldrei asnalegt er fyrsta skáldsaga Bergsveins Birgissonar. Hér er lýst lífi nokkurra trillukalla í deyjandi sjávarbyggð og tilraunum þeirra til að finna þorskinn, ástina og guð.

„Vel byggð, vel stíluð og spennandi sakamálasaga með góðri persónusköpun og lausn sem kemur lesanda algjörlega í opna skjöldu.“

Friðrika Benónýsdóttir
Fréttablaðið

★★★½
Kristjón Kormákur Guðjónsson
pressan.is



2.200 kr.
~~2.490~~ kr.

Snjóblinda

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi, aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið í myrkri og endalausum snjó.

Tilboð gilda til og með 01.03.2011

Ert þú síþyrstur lestrarhestur?

Við sinnum fjölda lestrarhesta með bókaklúbbum okkar hjá Eymundsson og bjóðum uppá eitthvað fyrir alla. Inngöngugjöf og ýmis fríðindi fylgja hverri áskrift.

Kynntu þér bókaklúbbana á **Eymundsson.is** eða hafðu samband í **síma 540 - 2121**

Bókaklúbbar Eymundsson!

- Spennuklúbbur
- Eftirlætisklúbbur
- Sandemoklúbbur
- Ísfólksklúbbur
- Galdrameistarinn
- Viðskiptabókaklúbbur
- Barnaklúbbar þrír mismunandi aldurshópar

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Aðsókn jókst þrátt fyrir gjaldtöku

Fleiri gestir sóttu Listasafn Reykjavíkur heim fyrstu þrjár vikurnar í febrúar í ár en á sama tíma í fyrra.

Þetta kemur Soffíu Karlsdóttur, kynningarstjóra safnsins, ánægjulega á óvart en gjaldtaka hófst 1. febrúar eftir þriggja ára tímabil þar sem frítt var inn á safnið. Aðsókn á þau þrjú söfn sem tilheyra safninu, Kjarvalsstaði, Hafnarhús og Ásmundarsafn, jókst verulega eftir að aðgangur var gefinn frjáls og höfðu starfsmenn því búið sig undir minni aðsókn nú.

Annað kom á daginn sem Soffía segir að hljóti að þýða aukinn menningaráhuga; gestir setji gjaldtöku ekki fyrir sig. Alls sóttu tæp 12 þúsund manns Hafnarhúsið og Kjarvalsstaði heim þessar fyrstu þrjár vikur en tæp 11 þúsund á sama tíma í fyrra. Tímabilin eru mjög sambærileg; ein listasýning var opnuð og Safnanótt fór fram.

Aðgangseyrir á söfnin er 1.000 krónur. Fyrir 3.000 krónur má kaupa svokallað Menningarkort, sem er árskort á Listasafn Reykjavíkur. Menningarkort sem gildir á fleiri söfn og einnig sem bókasafnsskírteini á Borgarbókasafninu kostar 5.000 krónur. Til 1. mars fást tvö kort á verði eins. - sbt

Á SAFNINU Tólf þúsund gestir sóttu Listasafn Reykjavíkur fyrstu þrjár vikurnar í febrúar en ellefu þúsund á sama tíma í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Biblíunámskeið

Biblían er án efa merkasta bók allra tíma. Hún varð til á u.þ.b. 1500 árum og er til á flestum heimilum. Hún hefur orðið þúsundum til mikillar blessunar öldum saman.

Í þetta sinn munum við leita svara Biblíunnar varðandi spádóma um **almenna sögu mannkyns frá 600 fKr til líðandi stundar, mannréttindi eða hornstein** vestræns lýðræðis, framvindu **sögu Evrópu, spádóma um fyrri komu Jesú Krists og tákna sem varða endurkomu hans og hrun Sovjetríkjanna.**

6 fyrirlestrar verða haldnir um þessi efni á **þriðjudögum og fimmtudögum kl 20:00 á hótel KEA á Akureyri.** Fyrsti fyrirlesturinn verður **þriðjudaginn 1. mars** og sá síðasti **fimmtudaginn 17. mars.**

Björgvin Snorrason, PhD, guðfræðingur og kirkjusagnfræðingur flytur fyrirlestrana. Hann hefur flutt fyrirlestra hér heima og á Norðurlöndum í mörg ár.

Námskeiðið er öllum opið og ókeypis.

Bækur ★★

Grimm ævintýri

Ásgeir H. Ingólfsson. Teikningar: Gunnlaugur Starri Ingólfsson.

Nýhil

Ingrid Bergman með hund



Bakari og nýstúdent hitta Músuna á Ölstofunni og saman leggja þau í ferðalag um furðuskóga til Ásgarðs, Prag, Úkraínu og innri heima. Tilgangur ferðarinnar er að yrkja heiminn upp á nýtt og við sögu koma mennskir bjórar, æsir og jötnar, Miðgarðsormur, úlfur, ævintýraprinsessur og gamlar ástkonur, að ógleymdum hinum eina sanna Tinna. Persónurnar yrkja hver sem betur má og í ljóðunum raðast forsaga þeirra saman, tvinnast og flækist uns heimurinn hverfur. Þannig er „söguþráðurinn" í Grimmum ævintýrum Ásgeirs H. Ingólfssonar, spennandi hugarferðalag þar sem öll lögmál raunveruleikans eru brotin og skáldskapurinn drottnar.

Ljóðin eru uppistaða bókarinnar og sagan spunnin í kringum þau, enda yfirlýst markmið ferðarinnar að „yrkja heiminn uppá nýtt. Gera hið ljóta fallegt, hið klunnalega og kuldalega ljóðrænt, finna takt okkar tíma og búa til okkar eigin músík". (bls. 7). Ekki amalegt markmið það en því miður eru ljóðin flest kunnugleg og lítið um að þau varpi nýju ljósi á veruleikann eða veiti nýja sýn. Í fyrstu álítur lesandinn að ljóðin séu svona kunnugleg vegna þess að skáldin sem þau eru lögð í munn séu óreynd og rétt að byrja að fikra sig áfram á ljóðasvellinu. En það er sama hver ljóðmælandinn er, öll eru ljóðin því marki brennd að vera endurómur ljóða annarra skálda frá síðustu fimmtíu árum eða svo og vekja lítil hughrif:

Danskennsla fyrir ófullkomna
Dönsum
þessa einu nótt
hendum staurfótunum
svífum
segjum réttu orðin
og búum til minningu til að komast í gegnum
alla þá daga sem við erum ekki fullkomin (bls. 22)

Höfundurinn hefur látið hafa eftir sér í viðtali að hann hafi samið söguna sem umgerð fyrir ljóð sín frá ýmsum tímum og hún ber það greinilega með sér. Textinn er fljótfærnislega unninn, hratt farið yfir sögu og stundum rétt imprað á aðstæðum til að réttlæta ljóðið, sem annars væri ekki í neinu samræmi við framgang sögunnar. Prófarkalestur er í algjörum ólestri, málvillur og stafsetningarvillur vaða uppi: hann „hefði gott af góðum styrkjandi vodkalögg" (bls. 19), „þegar staðnum lokar og sólin rís" (bls. 27), „skáldinu leyst vel á hugmyndina" (bls. 77), „þau höfðu ekki beint rætt þetta að viti" (bls. 81), „Um leið og hann sleppti orðinu rak Tinni hann rembingskoss" (bls. 96), svo tekin séu nokkur dæmi af handahófi. Það sækir að lesanda sá grunur að útgáfa bókarinnar sé tilraun til að gefa hænuhaus lesandans á kjaftinn, svo snúið sé út úr frasa Guðbergs, og gefa um leið bókmenntahefðinni langt nef.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Skemmtileg hugmynd en illa unnin og ófullburða.

SIGURÐUR OG SIGRÍÐUR Sigurður kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í Hörpu en Sigríður söng með henni ásamt Hjaltalín í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigurður og Sigríður með tónleika í Hörpu

Sigurður Guðmundsson, söngvari Hjálma, og Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, halda tónleika ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónlistarhúsinu Hörpu 1. júní næstkomandi.

Á efnisskrá tónleikanna verða vinsæl dægurlög frá 6. og 7. áratugnum í nýjum útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar. Þar á meðal verða lög eftir Jón Múla Árnason, Oddgeir Kristjánsson, Luis Bonfa, Burt Bacharach og Jacques Brel sem hafa verið flutt af söngvurum á borð við Elly Vilhjálms, Hauk Morthens, Ragnar Bjarnason, Dionne Warwick, Dusty Springfield, Ninu Simone, Astrud Gilberto, Frank Sinatra og Edith Piaf.

Þetta verða fyrstu tónleikar Sigurðar með Sinfóníunni en Sigríður kom fram með henni ásamt Hjaltalín í fyrra.

Opnunartónleikar Hörpu verða 4. maí en þá leikur Sinfóníuhljómsveitin 9. sinfóníu Beethovens undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Hinn 13. maí verður hins vegar sérlegt opnunarkvöld, þar sem margir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar koma fram.

Opnir málfundir...
...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Miðvikudaginn 2. mars kl. 15-17 í Háskólanum í Reykjavík

Vísinda- og tækniráð efnir til opinnar og gagnrýninnar umræðu um vísinda- og nýsköpunarkerfið á fjórum opnum fundum í febrúar-apríl 2011 undir yfirskriftinni; „Með gæði og ávinning að leiðarljósi."

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Miðvikudaginn 2. mars kl. 15-17
í Háskólanum í Reykjavík v. Menntaveg; fyrirlestrasal Bellatrix

Hvernig útdeilum við opinberu fé til vísinda og nýsköpunar í því skyni að hámarka gæði og ávinning?

Inngangserindi

Magnús Lyngdal Magnússon, sviðsstjóri á rannsókna - og nýsköpunarsviði Rannís.

Kristinn R. Þórisson, dósent í tölvunarfræði, Háskólanum í Reykjavík.

Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent við læknadeild Háskóla Íslands og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur við ReykjavíkurAkademíuna.

Fundarstjóri: Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.

● Næsti málfundur

Slá menntakerfið, háskólar og rannsóknastofnanir taktinn með atvinnulífinu?

Miðvikudaginn 30. mars kl. 15-17.

Vísinda- og tækniráð
www.vt.is

17 ÁRA AFMÆLI Justins Bieber er handan við hornið, en hann vill ekki stóra veislu. Hann segist vilja fá ömmu sína í heimsókn, en hún er vön að útbúa handa honum kirsuberjaostaköku sem hann hefur dálæti á.

Skálmöld í Tjarnarbíói

Hljómsveitin Skálmöld hélt útgáfutónleika í Tjarnarbíói á fimmtudagskvöld. Margt var um manninn á tónleikunum sem mæltust einstaklega vel fyrir.

Hilmar Örn Hilmarsson og Andrea Jónsdóttir létu sig ekki vanta.

Hrafn Gunnlaugsson og Aron Daníel Hrafnsson Guerra, sonur hans, mættu á svæðið eins og aðrir víkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halldór Ingi virtist kunna vel að meta þungt rokk Skálmaldar.

Stefán og Arngrímur létu ekki segja sér tvisvar að mæta á tónleika Skálmaldar.

20% fleiri innifaldar mínútur og SMS í farsíma

Þú færð meira, meira eða miklu meira í Vodafone Gull

Skráðu þig í 1414 strax í dag

Power to you

vodafone.is

OPIÐ HÚS Í MK

þriðjudaginn 1. mars
kl. 16:30–18:00

Áfangastjórar, námsráðgjafar og kennarar verða á staðnum og veita upplýsingar um nám og kennslu og sýna skólann.

Nemendur munu kynna félagslífið.

Námsframboð

Bóknám:
Félagsfræðabraut
- Málabraut
  - tungumál, ferðagreinar
- Náttúrufræðibraut
  - eðlis- og efnafræði-, líffræði og tölvur
- Viðskipta og hagfræðibraut

Verknám:
- Bakstur
- Framreiðsla
- Kjötiðn
- Matreiðsla

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
sími: 594 4000
www.mk.is

SKÓSPRENGJA

OPIÐ ALLA HELGINA

LÁGMARK **50%** AFSLÁTTUR

Opið mánudaga - föstudaga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

Nýtt kortatímabil

ásamt öðrum tilboðum

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE MECHANIC	6, 8 og 10.10
BIG MOMMAS 3	2(700 kr), 3.40 og 5.50
JUST GO WITH IT	8 og 10.25
TRUE GRIT	5.50, 8 og 10.25
MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL	2(950 kr) og 4.10
ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL	2(700 kr) og 4

kynnið ykkur sunnudagssýningartíma á
WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	
JUSTIN BIEBER ótextuð	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 L
THE RITE	kl. 8 - 10:30 16
THE RITE	kl. 3:40 - 6:10 - 9:20 VIP
GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali	kl. 1:30(3D) - 4:10 - 6 L
I AM NUMBER FOUR	kl. 5:50 - 8 - 10:20 12
TRUE GRIT	kl. 5:40 - 8 - 10:30 16
THE KING´S SPEECH	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali	kl. 2 - 3:50 L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali	kl. 2 - 3:40 L
MEGAMIND M/ ísl. Tali	kl. 1:30 L

SAMBÍÓIN AKUREYRI	
JÓGI BJÖRN	kl. 2 L
THE KING´S SPEECH aðeins laugardag	kl. 5:40 L
JUSTIN BIEBER MOVIE	kl. 3:40 - 8 L
THE RITE	kl. 10:10 16
SPACE CHIMPS 2 M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4 L
FROM PRADA TO NADA	kl. 6 10
I AM NUMBER FOUR	kl. 8 - 10:10 12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL	
JUSTIN BIEBER-3D ótxt 1.30-3.40 - 5.40 - 8 - 10.30	L
I AM NUMBER 4 kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
TRUE GRIT kl. 8 og 10.30	16
JÓGI BJÖRN-3D ísl. Tal kl. 1.30 - 3.45 og 6	L
GEIMAPAR 2-3D ísl. Tal kl. 1.30 - 3.30	L
SANCTUM-3D Eingöngu Sunnudag kl. 10.30	14
HALL PASS Eingöngu Laugardag kl. 10.20	12
KING'S SPEECH kl. 5.30 - 8	L
TANGLED-3D ísl. Tal kl. 1.30 - 3.30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	
IPHIGÉNIE EN TAURIDE Ópera í Beini útsendingu kl. 6	L
THE RITE kl. 10 (sun. kl. 8:20 - 10:40)	16
GEIMAPARNIR 2-3D M/ ísl. Tali kl. 2 - 4	L
HALL PASS Forsýning kl. 10:30	12
FROM PRADA TO NADA kl. 5:50	10
THE KING´S SPEECH Númeruð sæti kl. 5:30 - 8	L
YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali kl. 1:50 - 3:40	L
ROKLAND kl. 8	12
KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti kl. 10:10	14

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	NÁNAR Á MIÐI.IS
THE MECHANIC	KL. 5.50 - 8 - 10.10	16
THE MECHANIC LÚXUS	KL. 8 - 10.10	16
HOW DO YOU KNOW	KL. 5.20 - 8 - 10.35	L
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 1 (700 kr) - 3.20 - 5.40 - 8	L
THE EAGLE	KL 10.30	16
JUST GO WITH IT	KL. 1 (700 kr) - 3.20 - 5.30 - 8 - 10.30	L
BLACK SWAN LÚXUS	KL. 3 - 5.30	16
GULLIVER´S TRAVEL 3D	KL. 1 (950 kr) - 3.10	L
ALFA OG OMEGA 3D	KL. 1 (950 kr) - 3.10	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS 5%	
HOW DO YOU KNOW	KL. 5.25 - 8 - 10.35	L
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 3 (700 kr) - 5.30 - 8	L
127 HOURS	KL. 3.40 (700 kr) - 5.50 - 8 - 10.10	12
BLACK SWAN	KL. 3 (700 kr) - 5.30 - 8 - 10.30	16
THE FIGHTER	KL. 3 (700 kr) - 10.30	14

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
HOW DO YOU KNOW	KL. 8 - 10.10	L
BIG MOMMA´S HOUSE	KL. 3.40 (900) - 5.50 - 8	L
JUST GO WITH IT	KL. 10.10	L
SÚÐBYRÐINGUR, SAGA BÁTS	KL. 6	L
ALFA OG OMEGA 3D	KL. 4 (600 kr)	L

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is
facebook /smarabio • facebook /haskolabio
5%

Ný tónlistarhátíð haldin í vor

„Það vantar bara partí," segir Kristján Freyr Halldórsson hjá Kimi Records.

Útgáfufyrirtækið skipuleggur í fyrsta sinn tónlistarhátíðina Reykjavík Music Mess sem verður haldin dagana 16. og 17. apríl.

„Við vorum að hugsa um hvernig allar þessar hátíðir raðast einhvern veginn á haustið, eins og Airwaves, kvikmyndahátíðir og tískuhátíðir. Það er alveg frábært en jafnvægið með vorinu er kannski ekki mikið," segir Kristján Freyr. „Það bíða kannski allir eftir Aldrei fór ég suður um páskana en frá áramótum fram að því er eins og maður eigi bara að safna skeggi og vera þunglyndur."

Bandaríska indíhljómsveitin Deerhunter verður aðalnúmer Reykjavík Music Mess og verða tónleikar hennar á Nasa. Aðrir tónleikastaðir verða Norræna húsið, sem hjálpar til við innflutning norrænna hljómsveita á hátíðinni, og ný verslun Havarís. „Vonandi kemur fullt af fólki að horfa á þessa frábæru hljómsveit," segir Kristján Freyr um Deerhunter, sem gaf út plötu sem fékk mjög góðar viðtökur tónlistargagnrýnenda á síðasta ári. Á meðal annarra hljómsveita sem stíga á svið verða Lower Dens frá Bandaríkjunum, Nive Nielsen frá Grænlandi og hin finnska Tomutonttu. Einnig kemur fram fjöldi íslenskra flytjenda, þar á meðal Mugison, Sin Fang, Kimono og Skakkamanage.

LOFAR FLOTTRI HÁTÍÐ Kristján Freyr Halldórsson lofar skemmtilegri tónlistarhátíð í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðasala á hátíðina hefst 4. mars á síðunni Reykjavikmusicmess.com. Aðeins verður hægt að kaupa miða á alla hátíðina í einu og fyrstu vikuna verður miðaverð á sérstöku tilboði, eða 6.990 krónur. **- fb**

Björk og Emilíana í stelpumynd

Íslensku söngkonurnar Björk Guðmundsdóttir og Emilíana Torrini eiga báðar lag í bandarísku stelpuhasarmyndinni Sucker Punch. Björk syngur lagið Army of Me með Skunk Anansie en því hefur verið breytt töluvert fyrir myndina og er nú sjö mínútur. Emilíana Torrini flytur síðan sína eigin útgáfu af Jefferson Airplane-slagaranum White Rabbit. Aðalleikkona myndarinnar, Emily Browning, syngur sjálf þrjú lög, Sweet Dreams, Where Is My Mind og Asleep.

Sucker Punch er mikil tæknibrellubomba og þykir vera grafískt listaverk en leikstjórinn, Zach Snyder, gerði hinar mögnuðu 300 og Watchmen.

Björk er nú að vinna að nýju efni en breska blaðið Guardian greindi nýverið frá því að hún og sýrlenski tónlistamaðurinn Omar Souleyman hygðust gera plötu saman sem ætti að koma út á þessu ári. Emilíana Torrini hefur hins vegar haft hægt um sig að undanförnu enda stutt síðan hún eignaðist sitt fyrsta barn. **- fgg**

ALVÖRU HASARMYND FYRIR STELPUR Sucker Punch er stelpuhasarmynd en hún fjallar um unga stúlku sem er lögð inn á geðdeild eftir fráfall fjölskyldu sinnar og ákveður að brjótast þaðan út. Emilíana Torrini og Björk Guð-





BÍÓ★PARADÍS CAFÉ

LAUGARDAGUR	
KVIKSETTUR (BURIED) (16)	18:00, 20:00, 22:00
ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L)	17:40, 20:10, 22:40
LONDON BOULEVARD (16)	18:00, 20:00, 22:00
ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14)	17:50, 22:30
A CANTERBURY TALE (L)	20:10

SUNNUDAGUR	
KVIKSETTUR (BURIED) (16)	18:00, 20:00, 22:00
ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L)	17:40, 20:10, 22:40
LONDON BOULEVARD (16)	18:00, 22:00
ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14)	17:50, 22:30
A CANTERBURY TALE (L)	20:10
KINO-KLÚBBUR (L)	20:00



MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

MÖGNUÐ SPENNUMYND
MEÐ HARÐJAXLINUM
JASON STATHAM
Í FANTAFORMI!
9. HVER VINNUR!
ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ ESL MCV Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU. ÞÚ SVARAR MEÐ
ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ
ESL A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR
DVD myndir - Tölvuleikir
Fullt af gosi og margt fleira!
JASON STATHAM
BEN FOSTER
THE MECHANIC
FRUMSÝND 25. FEBRÚAR
SMS LEIKUR
BÍÓMIÐI
VILTU VINNA MIÐA?
sena
SMÁRA BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
VINNINGAR VERÐA AFHENTIR Í ELKO LINDUM, KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
149 KR/SMS-IÐ. ÞÚ FÆRÐ 5 MÍN TIL AÐ SVARA SPURNINGU. LEIK LÍKUR 4. MARS 2011

EYJÓLFUR SVERRISSON og Pierre Littbarski stýrðu liði Wolfsburg til sigurs í fyrsta sinn í þýsku úrvalsdeildinni í gærkvöldi þegar liðið vann 2-1 sigur á botnliði Borussia Mönchengladbach. Þetta var þriðji leikur Wolfsburg síðan að Pierre Littbarski gerðist þjálfari og Eyjólfur tók að sér stöðu aðstoðarþjálfara hjá honum. Liðið tapaði fyrst 0-1 á heimavelli á móti Hamburg og síðan 1-2 á móti Freiburg á útivelli um síðustu helgi. Brasilíumaðurinn Diego skoraði bæði mörk Wolfsburg í leiknum í fyrri hálfleik.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

ÍR - Stjarnan 100-81 (34-38)
Stig ÍR: James Bartolotta 31, Nemanja Sovic 15, Eiríkur Önundarson 14, Kelly Biedler 13, Sveinbjörn Claesson 12/5 stoðsendingar, Níels Dungal 10, Hjalti Friðriksson 5.
Stig Stjörnunnar: Renato Lindmets 24/9 fráköst, Jovan Zdravevski 16, Justin Shouse 11/6 fráköst/8 stoðsendingar, Marvin Valdimarsson 8, Kjartan Atli Kjartansson 6, Ólafur Aron Ingvason 5, Dagur Kár Jónsson 3, Daníel G. Guðmundsson 3, Fannar Freyr Helgason 3, Guðjón Lárusson 2.
Grindavík - Hamar 87-76 (38-41)
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 21, Ryan Pettinella 16/11 fráköst, Mladen Soskic 14, Nick Bradford 11/8 stoðsendingar, Helgi Jónas Guðfinnsson 10, Ólafur Ólafsson 7, Ármann Vilbergsson 6, Björn Steinar Brynjólfsson 2.
Stig Hamars: Devin Sweetney 32, Darri Hilmarsson 16, Lárus Jónsson 9, Kjartan Kárason 5, Ellert Arnarson 4, Svavar Páll Pálsson 4, Ragnar Á. Nathanaelsson 4, Snorri Þorvaldsson 2.
Tindastóll - KR 82-85 (49-48)
Stig Tindastóls: Hayward Fain 33, Sean Cunningham 18, Helgi Rafn Viggósson 12, Friðrik Hreinsson 9, Svavar Birgisson 7, Kitanovic 3.
Stig KR: Marcus Walker 38, Brynjar Þór Björnsson 14, Fannar Ólafsson 8, Finnur Atli Magnússon 8, Hreggviður Magnússon 7, Pavel Ermolinskij 3, Skarphéðinn Freyr Ingason 3, Jón Orri Kristjánsson 2, Ágúst Angantýsson 2.

STAÐAN

Snæfell	**19**	**16**	**3**	**1856-1692**	**32**
KR	19	15	4	1842-1604	30
Grindavík	**19**	**13**	**6**	**1582-1485**	**26**
Keflavík	19	13	6	1792-1660	26
Stjarnan	**19**	**10**	**9**	**1629-1647**	**20**
ÍR	19	8	11	1702-1731	16
Njarðvík	**19**	**8**	**11**	**1547-1614**	**16**
Haukar	19	8	11	1613-1721	16
Tindastóll	**19**	**7**	**12**	**1518-1598**	**14**
Fjölnir	19	6	13	1670-1761	12
Hamar	**19**	**6**	**13**	**1519-1606**	**12**
KFÍ	19	4	15	1628-1779	8

Ekkert óvænt útspil hjá Valsmönnum

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, mun ekki tefla neinni gamalli kempu fram í bikarúrslitaleiknum í dag. Akureyri keppir í sínum fyrsta úrslitaleik en Valsmenn mæta í Höllina fjórða árið í röð.

HANDBOLTI Valur og Akureyri munu bítast um Eimskipsbikarinn í karlaflokki í dag. Valsmenn spila í bikarúrslitum fjórða árið í röð en Akureyri er að mæta þangað í fyrsta skipti enda félagið ungt að árum.

Heimir Örn Árnason Akureyringur er afar spenntur fyrir slagnum enda lék hann lengi vel með Valsmönnum og margir leikmanna Valsliðsins eru ágætir félagar hans.

„Það er meiri háttar að fá að mæta Óskari þjálfara og ég veit að hann er búinn að kortleggja alla leikmenn og þá aðallega mig með öll skotin í skrefinu í nærhornið. Ég verð að reyna að breyta aðeins til og koma þeim á óvart," segir Heimir og hlær við. Honum finnst samt ekkert fyndið að hafa þurft að mæta FH þrisvar í röð.

„Við erum svolítið fáliðaðir og mér finnst eins og allir bíði eftir því að við springum á limminu. Það er ekki að gerast en við fundum samt fyrir smá þreytu síðasta mánudag. Ég held reyndar að sú þreyta hafi líka verið tengd því að við vorum að mæta sama liðinu í þriðja skiptið. Við vorum komnir með nóg af FH og það er frábært að fá loksins að mæta nýju liði," segir Heimir Örn kíminn. Þó svo að Akureyri sé ungt félag hafa þrír leikmanna liðsins reynslu af bikarúrslitaleikjum, sem og þjálfarinn.

FYRIRLIÐARNIR Það verður annaðhvort Sturla Ásgeirsson Valsari eða Heimir Örn Árnason Akureyringur sem lyftir þessum bikar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef verið þarna, Gulli Arnars líka, sem og Bjarni Fritz. Þetta er samt svipað og úrslitakeppni. Auðvitað verður mikið af fólki, dúkur á gólfinu og svona, en ég held að það sé bara betra að hafa læti í kringum þetta. Við þekkjum það vel frá heimaleikjum okkar í vetur."

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, virðist kunna þá list best að koma liði í bikarúrslit enda er hann að fara með sitt lið í bikarúrslit fjórða árið í röð, sem er magnaður árangur.

„Þetta er eiginlega ótrúlegt og fyrir mig sem þjálfara er þetta mjög gaman. Öll bikarvikan er sérstök og skemmtileg. Það kemur ekkert í staðinn fyrir reynsluna. Ég var meistari fyrstu tvö árin og tapaði svo í fyrra þrátt fyrir að hafa verið með svipaðan undirbúning öll árin. Á endanum snýst þetta að stóru leyti um hvernig menn mæta til leiks," segir Óskar Bjarni, sem mun ekki tefla Markúsi Mána fram í úrslitaleiknum, en þátttaka hans í undanúrslitaleiknum var kærð og Óskar gerði talsvert grín að því á blaðamannafundinum fyrir leikinn.

„Því miður er ekkert óvænt útspil í höndunum að þessu sinni," segir Óskar Bjarni en Heimir Örn veltir því fyrir sér hvort maður eins og Finnur Jóhannsson muni dúkka upp, eða Júlíus Jónasson, sem var rekinn sem þjálfari liðsins fyrir áramót.

„Finni er ólöglegur. Það eru allir ólöglegir nema Geiri Sveins og Júlli. Þó svo að þeir séu í góðu formi eru skórnir þeirra ekki bara uppi í hillu heldur lengst inni í bílskúr. Ég er því ekki beint að reikna með þeim. Þetta er samt eini möguleiki okkar á bikar í ár og við munum leggja allt í sölurnar."

henry@frettabladid.is

FYRIRLIÐANUM SKEMMT Hrafnhildur Ósk Skúladóttir skellti upp úr þegar Stefán sagði frá spákonuferð sinni á blaðamannafundi HSÍ í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fram og Valur mætast í úrslitum bikarkeppni kvenna:

Spákona Valsmanna spáði Fram sigrinum

HANDBOLTI Fram og Valur eigast í dag við í úrslitum Eimskipsbikars kvenna en þessi tvö lið hafa háð marga bardaga undanfarin ár. Valur hefur oftar haft betur, enda handhafi allra titla fyrir utan bikarinn sem Fram vann í fyrra.

Stefán Arnarson, þjálfari Vals, greindi frá því á blaðamannafundi að hann hefði leitað til spákonu sem hefði svo spáð Fram sigri í leiknum í dag.

„Við gerðum þetta einnig fyrir úrslitakeppnina í fyrra og þá hafði hún rétt fyrir sér," sagði Stefán en Valur hafði þá betur í úrslitaeinvíginu gegn Fram, 3-1. „Við ákváðum að prófa þetta aftur og nú verður að koma í ljós hvað gerist," bætti hann við en vildi ekki gefa upp hvernig hann notaði spákonufundinn í undirbúningnum fyrir leikinn í dag. „Nei, það er ekki gefið upp og nú verður bara að koma í ljós hvort þetta verði til góðs."

Einar Jónsson, þjálfari Fram, gaf lítið fyrir spádóminn. „Þetta eru dæmigerð vinnubrögð hjá Valsmönnum – eintómt húmbukk," sagði hann í léttum dúr. „Ég er svo sem ánægður með spádóminn en ég hef sjálfur aldrei farið til spákonu og er ekki trúaður á þetta. Kannski er Stefán búinn að gefa upp alla von og þá er það bara ágætt."

Leikir Fram og Vals hafa yfirleitt verið æsispennandi fram á síðustu mínútu og báðir þjálfarar eru sammála um að þessi lið séu jöfn að getu. Andlegur undirbúningur og hugarfar leikmanna mun því ráða miklu og hafa báðir þjálfarar lagt ríka áherslu á þennan þátt undirbúningsins.

„Við gerðum þetta með mjög skipulögðum og öflugum hætti í fyrra að mér fannst og gerum það aftur nú," sagði Einar. „Hugarþjálfun skiptir orðið jafn miklu máli og að þjálfa vörn eða leikkerfi í íþróttum í dag. Við höfum notið aðstoðar Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, landsliðsþjálfara í knattspyrnu, sem þekkir mjög vel til í þessum efnum, og hann hefur reynst okkur mjög vel." - esá

THULE SWEDEN

SKÍÐABOX
OG SKÍÐABOGAR

SJÁ NÁNAR Á: www.stilling.is/ferdavorur

Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling

> Ryan Reynolds

„Leiklistin hefur hjálpað mér að komast yfir óöryggið. Mér líður oft eins og of þungum, bólugröfnum unglingi en ég hef fundið leið til þess að vinna úr óörygginu. Ég tel mig mjög heppinn."

Ryan Reynolds leikur ungan aðstoðarmann sem er þvingaður til þess að giftast yfirmanni sínum svo að hún fái dvalarleyfi í Bandaríkjunum í gamanmyndinni The Proposal sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.

dagskrá
sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 23.35

Óskarsverðlaunin 2011

Stöð 2 sýnir beint frá Óskarsverðlaunahátíðinni þar sem allar helstu stjörnur Hollywood mæta í sínu fínasta pússi og heiðra þá sem hafa skarað fram úr á síðasta ári. Útsendingin hefst klukkan 23.35 þar sem fylgst er með stjörnunum á rauða dreglinum en það er líklega flottasta tískusýning í heimi. Klukkan 01.30 hefst síðan verðlaunahátíðin sjálf en hún fer fram í Kodak-leikhúsinu í Los Angeles. Kynnar kvöldsins eru James Franco og Anne Hathaway en íslenskir þulir eru Ívar Guðmundsson, dagskrárstjóri Bylgjunnar, og Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri Stöðvar 2.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.03** Landið sem rís **10.05** Veðurfregnir **10.15** Færeyjar út úr þokunni **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Vort dramatíska líf **15.00** Íslandsför Arthur Shattucks **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.30** Þær höfðu áhrif **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Ástir gömlu meistaranna: Richard Wagner **21.10** Tilraunaglasið **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.30** Sker **23.20** Sagnaslóð **00.05** Næturútvarp Rásar 1

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar
09.00 Disneystundin
09.24 Sígildar teiknimyndir (23:42)
10.15 Gettu betur (e)
11.25 Landinn (e)
11.55 Návígi (e)
13.50 Hvert stefnir Ísland? (1:5) (e)
15.10 Svona er lífið (e)
16.05 Muse á tónleikum (e)
17.10 Hrúturinn Hreinn (26:40)
17.20 Framandi og freistandi (3:5) (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.28 Með afa í vasanum (27:52)
18.40 Skúli Skelfir (19:52)
18.51 Ungur nemur - gamall temur (4:30)
19.00 Fréttir
19.35 Veðurfréttir
19.40 Landinn
20.10 Átta raddir (8:8) Gestur þessa þáttar er Björk Guðmundsdóttir.
21.15 Lífverðirnir Dönsk þáttaröð um viðburðaríkt og háskalegt starf lífvarða í dönsku öryggislögreglunni. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.15 Sunnudagsbíó - Frú Brown Viktoría drottning er þunglynd eftir lát mannsins síns. Þjónn hennar, Brown, léttir lund hennar en samband þeirra olli hneykslun.
00.00 Silfur Egils (e)

BÍÓ

08.00 Wedding Daze
10.00 Mr. Bean
12.00 The Valley of Light
14.00 Wedding Daze
16.00 Mr. Bean
18.00 The Valley of Light
20.00 Köld slóð
22.00 The Proposal
00.00 The Number 23
02.00 Mission Impossible
04.00 The Proposal
06.00 Forgetting Sarah Marshall

STÖÐ 2

07.00 Lalli
07.10 Hvellur keppnisbíll
07.20 Harry og Toto
07.35 Tommi og Jenni
08.00 Algjör Sveppi
08.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.10 Ofuröndin
09.35 Histeria!
10.00 Lukku Láki
11.30 Sorry I've Got No Head
12.00 Spaugstofan
12.25 Nágrannar
12.45 Nágrannar
13.05 Nágrannar
13.25 Nágrannar
13.45 Nágrannar
14.05 Smallville (16:22)
14.50 Tvímælalaust
15.35 Logi í beinni
16.25 Gott að borða
16.55 Oprah
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.10 Frasier (5:24)
19.35 Sjálfstætt fólk
20.10 The Mentalist (14:22)
20.55 Chase (9:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
21.40 Boardwalk Empire (2:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
22.35 Mad Men (12:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans.
23.25 Óskarsverðlaunin 2011 - Rauði dregillinn Bein útsending frá forsmekknum af Óskarsverðlaunahátíðinni 2011.
01.30 Óskarverðlaunin 2011 - Bein útsending Bein útsending frá Óskarsverðlaunahátíðinni 2011. Kynnar kvöldsins eru James Franco og Anne Hathaway.
04.55 Mannasiðir Gillz
05.40 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.25 Spænski boltinn: Deportivo - Real Madrid
10.10 Spænski boltinn: Mallorca - Barcelona
11.55 Meistaradeild Evrópu: Inter - Bayern
13.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
14.05 Galgorm Castle Frá móti í PGA Europro þar sem efnilegir kylfingar fá tækifæri. Þetta mót fór fram á Galgorm Castle-golfvellinum í Ballymena á Norður-Írlandi.
15.45 Enski deildabikarinn: Arsenal - Birmingham Bein útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins. Það eru Arsenal og Birmingham sem mætast á Wembley.
18.30 Evrópudeildarmörkin Sýnt frá leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
19.30 NBA körfuboltinn: Oklahoma - L.A Lakers Bein útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Los Angeles Lakers í NBA.
22.30 Enski deildabikarinn: Arsenal - Birmingham

SPORT 2 *enski boltinn*

09.20 PL Classic Matches: Liverpool - Arsenal, 1997
09.50 Everton - Sunderland
11.35 Newcastle - Bolton
13.20 West Ham - Liverpool Bein útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
15.35 Premier League World 2010/11
16.05 Aston Villa - Blackburn
18.00 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegog fagleg umræða um enska boltann.
19.15 Man. City - Fulham
21.00 Sunnudagsmessan
22.15 Wigan - Man. Utd
00.00 Sunnudagsmessan
01.15 West Ham - Liverpool
03.00 Sunnudagsmessan

EXTRA

15.45 Bold and the Beautiful
16.05 Bold and the Beautiful
16.25 Bold and the Beautiful
16.45 Bold and the Beautiful
17.05 Bold and the Beautiful
17.25 Sorry I've Got No Head
17.55 Spaugstofan
18.25 Logi í beinni
19.15 Ísland í dag - helgarúrval Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var upp á í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
19.45 Auddi og Sveppi Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með alls kyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
20.15 American Idol (11:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðnir heimsfrægir söngvarar og leikarar.
21.40 American Idol (12:45)
23.05 Masterchef (8:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Þúsundir manna taka þátt í prufum víðs vegar um Bandaríkin og halda 30 áfram á næsta stig.
23.50 Sex and the City (2:8) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma.
00.20 ET Weekend
01.05 Sorry I've Got No Head
01.35 Sjáðu
02.00 Fréttir Stöðvar 2
02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÍNN

19.00 Íslands safari
19.30 Bubbi og Lobbi
20.00 Hrafnaþing
21.00 Undir feldi
21.30 Rokk og tjatjatja
22.00 Hrafnaþing
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

SKJÁREINN

13.35 Judging Amy (12:22)
14.20 Ungfrú Reykjavík 2011
15.50 Spjallið með Sölva (2:16)
16.30 Dyngjan (2:12)
17.20 HA? (6:12)
18.10 7th Heaven (16:22)
18.55 The Office (26:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulíf.
19.20 30 Rock (12:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
19.45 America's Funniest Home Videos (41:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot frá venjulegum fjölskyldum.
20.10 Top Gear (2:8) Skemmtilegasti bílaþáttur í heimi þar sem félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May fara á kostum.
21.10 The Defenders (7:18) Lögfræðingarnir Nick og Pete leggja allt undir á skjólstæðinga sína í Las Vegas.
22.00 The Walking Dead (3:6) Hörkuspennandi hrollvekjuþættir frá leikstjóra The Shawshank Redemption sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Rick og baráttu hans við uppvakninga.
22.50 Blue Bloods (4:22) Ný þáttaröð með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
23.35 Royal Pains (4:18) Læknirinn Hank snýr aftur í þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
00.25 Saturday Night Live (8:22) Grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Í þáttunum er gert grín að ólíkum einstaklingum úr bandarískum samtíma.
01.20 The Cleaner (8:13)
02.10 The Defenders (7:18)

N4

Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁRGOLF

07.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 4 (4:5)
11.00 Golfing World (29:240)
11.50 World Golf Championship 2011 - Dagur 4 (4:5)
14.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 5 - BEINT (5:5)
18.10 Golfing World (30:240)
19.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 5 (5:5)
23.00 LPGA Highlights (1:20)
00.20 ESPN America

BBC entertainment

13.15 The Inspector Lynley Mysteries **14.05** The Inspector Lynley Mysteries **14.50** My Family **15.20** My Family **15.50** My Family **16.20** My Family **16.50** My Family **17.20** My Family **17.50** My Family **18.20** Monarch of the Glen **19.10** Robin Hood **20.05** Spooks **21.00** The Children **21.50** Little Britain **22.20** My Family

DR 1

13.00 Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Fra flæsketorvet til Irland **14.10** Tid til forandring **15.45** Olsen-banden overgiver sig aldrig **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** OBS **18.05** De kære dyrebørn **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt **20.50** The Pacific **21.35** Ross Kemp in Afghanistan

NRK 1

13.00 VM Oslo 2011 **16.00** VM Oslo 2011 **16.30** Åpen himmel **16.50** NRKs sportssondag **17.30** Rally **18.00** Søndagsrevyen **18.30** VM-kveld **19.55** Livvaktene **20.50** Livvaktene **21.50** Oscarkveld 2010 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Oscarkveld 2010 **22.20** Traffic **00.40** Oscarkveld 2010 **01.05** Oscarkveld 2010. Oscar-stjerner på rød løper **01.30** Oscarkveld 2010. Oscar-utdelingen 2011 **05.00** TBA

SVT 1

13.00 Skidor: Tjejvasan **13.30** Vinterstudion **14.00** Skid-VM i Oslo **15.50** Vinterstudion **16.00** Ridsport: Göteborg Horse Show **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Minuten **20.00** Kommissarie Zen **21.35** Big Love **22.25** X-Games

RÝMINGARSALA
VARA HÆTTIR


-40%
EIK ANTIK.
Plankaparket,
Svartbæsað.
Verð 8.990.-/fm
NÚ 5.390.-/fm

-40%
EIK RUSTIC.
3ja stafa,
mattlakkað.
Verð 4.990.-/fm
NÚ 2.990.-/fm

-35%
EIK RUSTIC.
Plankaparket,
mattlakkað.
Verð 7.990.-/fm
NÚ 4.990.-/fm


-30%
NATURAL RUSTIC.
Plankaparket plast,
fasað smelluparket.
Verð 2.990.-/fm
NÚ 1.990.-/fm

FLOOR. Parket undirlag. Verð 7.900.-/fm NÚ 5.490.-/fm

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18
shop online

BRUNAÐU Á MILLJÓNIRNAR

Fjórfaldur Lottópottur stefnir í **25 milljónir.**
Leyfðu þér smá Lottó!

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

Fíton/SÍA

> Nicole Kidman

„Ég er með líkama stráks. Ég myndi vilja hafa meiri línur því mér finnst það mun fallegra. Ég væri miklu frekar til í að vera með líkama J-Lo en minn eigin."

Nicole Kidman fer með hlutverk Margot, sem fer ásamt syni sínum að heimsækja systur sína sem er að fara að gifta sig manni sem þeim þykir lítið til koma í kvikmyndinni Margot at the Wedding sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON VILL EKKI VERNDA „ÞETTA VÍKINGAARFLEIFÐ"

Íslendingar í útrýmingarhættu

Sölvi Tryggvason fékk til sín undarlega gesti í Spjallið í vikunni – tvo íslenska þjóðernissinna í kamóflasfötum (sem getur verið töff, ekki misskilja mig), þangað komna til að sannfæra áhorfendur um að við Íslendingar værum í bráðri útrýmingarhættu vegna ágangs útlendinga á vistkerfi okkar og menningararf.

Annar rasistanna (þeir vildu reyndar ekki bekenna að vera rasistar en ég leyfi mér að láta það liggja á milli hluta) óttaðist mest að íslensk einkenni þjóðarinnar myndu afmást þegar hingað streymdu alls kyns talibanar og annar ófögnuður. Við þyrftum að „vernda þetta víkingaarfleifð". Rasistanum mætti að ósekju vera meira annt um íslenska tungu – svona til að vera í þó ekki nema ofurlitlu samræmi við sjálfan sig.

Og svo fóru þeir að tala um gyðinginn – þann ógurlega skaðvald. Hann ber víst ábyrgð á græðginni í heiminum og hinu spillta kapítalíska hagkerfi. Mér finnst eins og ég hafi heyrt þetta áður.

Strax eftir viðtalið spruttu vangaveltur um hvort eðlilegt eða verjandi væri að ljá svona skoffínum rödd. Það er fín spurning. Í fyrsta lagi er ljóst að þetta fólk hefur nákvæmlega ekkert vitrænt fram að færa. Það litla sem þó lekur út úr þeim er beinlínis skaðlegt. Þetta vita allir sem hafa fleiri en tvö hundruð heilafrumur og fyrir þá var jú fróðlegt að fá að skyggnast sem snöggvast inn í tómið.

Eftir standa hins vegar hinir sem hafa færri en tvö hundruð heilafrumur (já, ég veit að í heilanum eru tugir milljarða frumna, en ég kýs að ýkja töluna aðeins niður á við til að þeir örfáu sem hugsanlega hafa hlustað á rasistana og kinkað kolli tapi ekki þræðinum, ef svo ólíklega vill til að þeir séu að lesa).

Nú, fyrir hina áhrifagjörnu þarf spyrillinn að vera þeim mun pottþéttari. Og þar brást Sölva því miður sín alkunna bogalist. Það á ekki að vera erfitt að láta þessar raddir mála sjálfar sig út í horn, svo jafnvel smábörn fái aulahroll, og deyja þar. Það þarf Sölvi að gera næst.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar
09.09 Mærin Mæja (47:52)
09.18 Mókó (44:52)
09.26 Lóa (2:52)
09.41 Hrúturinn Hreinn (25:40)
09.50 Elías Knár (36:52)
10.03 Millý og Mollý (9:26)
10.16 Börn á sjúkrahúsum (2:6)
10.30 Að duga eða drepast (19:20) (e)
11.15 Nýsköpun - Íslensk vísindi (3:12)
11.45 Kastljós (e)
13.15 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleiknum í kvennaflokki.
15.10 Sportið (e)
15.40 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleiknum í karlaflokki.
17.35 Táknmálsfréttir
17.45 Útsvar (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Enginn má við mörgum
20.10 Gettu betur Spurningakeppni framhaldsskólanema í beinni útsendingu. Verzlunarskóli Íslands og Menntaskólinn við Hamrahlíð eigast við.
21.15 Varamenn
22.45 Da Vinci-lykillinn
00.30 Silfur Egils
01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince
10.30 What Happens in Vegas...
12.05 G-Force
14.00 Harry Potter and the Half
16.30 What Happens in Vegas...
18.05 G-Force
20.00 Margot at the Wedding
22.00 Drillbit Taylor
00.00 Copperhead
02.00 The Hoax
04.00 Drillbit Taylor
06.00 Köld slóð

STÖÐ 2

07.00 Hvellur keppnisbíll
07.10 Þorlákur
07.15 Brunabílarnir
07.35 Áfram Diego, áfram!
08.00 Algjör Sveppi
09.50 Latibær
10.00 Stuðboltastelpurnar
10.25 Leðurblökustelpan
10.50 iCarly (2:45)
11.15 Glee (12:22)
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.40 American Idol (11:45)
15.05 American Idol (12:45)
16.30 Sjálfstætt fólk
17.10 ET Weekend
17.55 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Ísland í dag - helgarúrval
19.29 Veður
19.35 Spaugstofan.
20.05 Land of the Lost Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Will Ferrell og Önnu Friel í hlutverkum landkönnuðar og aðstoðarkonu hans. Þau fara inn í fortíðina og hitta risaeðlur og frumbyggja.
21.45 Street Kings Spennumynd um Tom Ludlow (leikinn af Keanu Reeves) lögreglumann í Los Angeles sem á erfitt með að halda áfram með líf sitt eftir að hafa misst konuna. Þegar hann er bendlaður við morð samstarfsfélaga síns fer hann að efast um tryggð fólksins í kringum sig.
23.30 Sweet Nothing in My Ear Áhrifamikið fjölskyldudrama um hjón, eiginkonan er heyrnarlaus en maðurinn ekki. Hjónin leika þau Jeff Daniels og Marlee Matlin.
01.05 Bourne Identity
03.00 Cloverfield
04.25 The Butterfly Effect 2
05.55 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.40 Spænsku mörkin
09.35 Liverpool - Sparta
11.20 Aris - Man. City
13.05 Evrópudeildarmörkin
14.00 Meistaradeild Evrópu: Lyon - Real Madrid
15.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
16.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
16.40 Dunlop Masters - Bovey Castle
18.20 La Liga Report Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
18.50 Spænski boltinn: Mallorca - Barcelona Bein útsending frá leik Mallorca og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.
20.50 Spænski boltinn: Deportivo - Real Madrid Bein útsending frá leik Deportivo La Coruna og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.
23.00 UFC Live Events 124 Útsending frá bardagakeppni sem fram fer í Montréal í Kanada. Aðalbardaginn er á milli Kanadamannsins Georges St-Pierre og Bandaríkjamannsins Josh Koscheck.

SPORT 2 *enski boltinn*

10.15 Arsenal - Stoke
12.00 Blackpool - Tottenham Útsending frá leik Blackpool og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 Premier League World 2010/11
14.15 Premier League Preview 2010/11 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
14.45 Wigan - Man. Utd Bein útsending frá leik Wigan og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
17.15 Newcastle - Bolton Útsending frá leik Newcastle United og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Everton - Sunderland Útsending frá leik Everton og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
20.45 Aston Villa - Blackburn Útsending frá leik Aston Villa og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
22.30 Wolves - Blackpool

SKJÁREINN

11.50 Dr. Phil (118:175)
13.15 Dr. Phil (120:175)
13.55 Judging Amy (11:22)
14.40 7th Heaven (15:22)
15.25 90210 (14:22)
16.10 The Defenders (6:18)
16.55 Top Gear (1:8)
17.55 Game Tíví (5:14)
18.25 Survivor (12:16)
19.10 Got To Dance (8:15)
20.00 Saturday Night Live (8:22).
20.55 BRIT Awards 2011 Brit-verðlaunin eru stærsta verðlaunahátíð í Evrópu þar sem allar skærustu stjörnurnar í tónlistarbransanum koma fram. Veitt verða verðlaun í ýmsum flokkum tónlistar fyrir árið 2010. Þetta er 31. skiptið sem þessi verðlaunahátíð er haldin en kynnir að þessu sinni er hinn virti leikari og handritshöfundur James Corden.
22.55 Cellular
00.10 Dr. Phil (121:175) .
00.30 HA? (6:12).
00.55 Dr. Phil (122:175)
01.20 Merlin and the Book of Beasts
02.50 Whose Line is it Anyway? (24:39)
03.15 Jay Leno (202:260)
04.00 Jay Leno (203:260)
04.45 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

07.45 World Golf Championship 2011 - Dagur 3 (3:5)
11.45 Inside the PGA Tour (8:42)
13.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 3 (3:5)
17.00 World Golf Championship 2011 - Dagur 4 - BEINT (4:5) Heimsmótaröðin 2011 hefst með með Accenture mótinu sem fram fer á golfvelli við eyðimörk Arizona. Á síðasta ári hirti breski kylfingurinn Ian Poulter titilinn eftir að Paul Casey hafði fylgt honum eins og skugginn.
23.00 Champions Tour - Highlights (3:25)
23.55 ESPN America
06.00 ESPN America

EXTRA

16.15 Nágrannar
16.35 Nágrannar
16.55 Nágrannar
17.15 Nágrannar
17.35 Nágrannar
18.00 Lois and Clark (4:22)
18.45 E.R. (16:22)
19.30 Auddi og Sveppi
20.00 Logi í beinni
20.50 Mannasiðir Gillz.
21.20 Tvímælalaust.
22.05 Nip/Tuck (19:19) .
22.55 Lois and Clark (4:22) .
23.40 E.R. (16:22)
00.25 Spaugstofan
00.55 Auddi og Sveppi
01.20 Logi í beinni
02.10 Mannasiðir Gillz
02.35 Tvímælalaust
03.20 Nip/Tuck (19:19)
04.05 Sjáðu
04.35 Fréttir Stöðvar 2
05.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur
21.30 Svartar tungur
22.00 Björn Bjarnason
22.30 Alkemistinn
23.00 Íslands safari
23.30 Bubbi og Lobbi
00.00 Hrafnaþing
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Nú fást VILLAGE vörurnar hjá okkur



LÍNAN

Cooper stóll á snúningsfæti
kr. 119.400
Jazz 3ja sæta sófi
kr. 195.200

OPIÐ
mán - fös
12:00 - 18:00
laugardaga
11:00 - 16:00
Bæjarlind 16
201 Kópavogi
Sími 553 7100
www.linan.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Land of the Lost

Bráðfyndin ævintýramynd með Will Ferrell í aðalhlutverki. Hann leikur landkönnuð sem fyrir tilviljun ferðast aftur í tíma ásamt aðstoðarkonu sinni og óheflluðum sveitadurg og lendir í veröld þar sem risaeðlur ráða ríkjum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **08.00** Morgunfréttir **08.05** Úrval úr Samfélaginu **09.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Aldarspegill í útvarpi 17.00 Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Ris og fall flugeldahagkerfa **21.00** Á tónsviðinu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.25** Meykóngur, sögufróð kerling og niðursetningur **23.15** Stefnumót **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

11.20 Deal or No Deal **12.00** Deal or No Deal **12.40** Deal or No Deal **13.15** Deal or No Deal **13.50** Blackadder the Third **14.20** Blackadder the Third **14.55** Blackadder the Third **15.25** Blackadder the Third **15.55** Blackadder the Third **16.25** Blackadder the Third **17.00** The Inspector Lynley Mysteries **17.45** The Inspector Lynley Mysteries **18.30** Dalziel and Pascoe **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** Deal or No Deal **20.45** Deal or No Deal **21.20** Deal or No Deal **21.55** Deal or No Deal **22.30** Deal or No Deal

DR 1

09.15 Kika og Bob **09.30** Conrad og Bernhard **09.45** Ramasjang live mix **10.10** Splint & Co **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens Tegn **11.55** Sign up **12.10** Før Søndagen **12.20** OBS **12.25** Sugar Rush **12.50** Eureka **14.25** X Factor **15.25** X Factor Afgørelsen **15.50** Lykke **16.50** Årets kok 2011 **17.20** Held og Lotto **17.25** Årets kok 2011 **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.00** Årets kok 2011 **19.30** Dansk Melodi Grand Prix 2011 **21.45** Kriminalkommissær Barnaby

NRK 1

06.10 Disneytimen **07.05** Ut i naturen **07.35** Norge rundt **08.00** NRKs sportslørdag **10.00** VM Oslo 2011 **11.30** VM Oslo 2011 **13.00** VM Oslo 2011 **16.00** VM Oslo 2011 **17.30** AF1 **18.00** Lørdagsrevyen **18.30** VM-kveld **19.55** Det må jeg gjøre før jeg dør **20.35** Lotto-trekning **20.45** Nye triks **21.35** Fakta på lørdag **22.15** Kveldsnytt **22.30** Appaloosa **00.00** Dating i mørket **00.45** Dansefot jukeboks m/chat **03.00** Country jukeboks u/chat **06.00** Jo Jos Sirkus

SVT 1

07.00 Vintermagasin **07.45** Rapport **07.50** Vinterstudion **07.55** Alpint: Världscupen **09.00** Skid-VM i Oslo **10.00** Vinterstudion **10.30** Skid-VM i Oslo **11.35** Vinterstudion **12.00** Skid-VM i Oslo **12.45** Vinterstudion **14.00** Skid-VM i Oslo **15.45** Vinterstudion **15.50** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll lördag **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2011 **20.30** Downton Abbey **21.20** The Big C **21.50** Rapport **21.55** X-Games

Fylgstu með fjölbreyttri dagskrá Salarins í vor á **www.salurinn.is** Miðasala á **salurinn.is** og í síma 570 0400

Vordagskrá Salarins 2011:

Búðu þig undir góðar stundir!

Af fingrum fram
Jón Ólafsson og gestir
2. og 3. mars
Páll Óskar Hjálmtýsson – uppselt
10. mars
Björgvin Halldórsson

11. og 12. mars
Karlakór Dalvíkur syngur Queen og The Beatles

18. mars
Skuggamyndir frá Búsans
Ólgandi tilfinningahiti og dulúð balkanskra þjóðlaga

7. apríl
Regína Ósk og Carpenterslögin
Gestur Regínu á tónleikunum er Páll Óskar Hjálmtýsson

13. mars
Tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur
Í boði Björns Thoroddsen og Salarins
Aðgangur ókeypis!

TÍBRÁ tónleikar
5. mars: Blómatónar
Herdís Anna Jónsdóttir og Semjon Skigin
27. mars: Tvö píanó
Aladár Rácz og Helga Bryndís Magnúsdóttir
30. mars: Sónötur og fantasíur
Sigurbjörn Bernharðsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir
9. apríl: Selló og píanó
Bryndís Halla Gylfadóttir og Edda Erlendsdóttir.
16. apríl: Söngtónleikar
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir

1. apríl
Litla flugan
Öll bestu lög Sigfúsar Halldórssonar
Egill Ólafsson, Hera Björk Þórhallsdóttir, Stefán Hilmarsson og Björn Thoroddsen

14. apríl
Vortónleikar Karlakórs Kópavogs

19. mars
Tónleikaveisla kennara v/ Tónlistarskóla Kópavogs

4. mars
Til eru fræ
Minningartónleikar um Hauk Morthens
Helgi Björnsson ásamt einvala liði heiðrar minningu Hauks Morthens

3. og 4. júní
Jazz- og blúshátíð Kópavogs

salurinn.is

Rétti salurinn!
Salurinn er frábær funda-, námskeiða- og ráðstefnustaður auk þess sem forrýmið er glæsilegt og býður upp á ýmsa möguleika.

Sendu póst á **salurinn@salurinn.is** og fáðu nánari upplýsingar.

TOYOTA Toyota styður Salinn

STÓRAFSLÁTTARHELGI
25-FEB – 2-MARS.
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM.
*ekki sértilboðum.

Myndlistavörur í miklu úrvali

16 ára

Veltisög
POWX0761 1400W.
KR,68,970,-
-20%
55,176

Verkfæralagerinn

25-FEB – 2-MARS.

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi,
sími 588 6090, vl@simnet.is

PERSÓNAN

Bjarnheiður Hannesdóttir

Aldur: 30 ára.
Starf: Hönnuður.
Búseta: Kópavogur.
Fjölskylda: Tvö börn og sambýlismaður sem heitir Markús.
Foreldrar: Halldóra Lúðvíksdóttir og Hannes Arnar Ragnarsson sem reka pylsubarinn í Hafnarfirði.
Stjörnumerki: Meyja.

Bjarnheiður stal senunni þegar hún klæddist samfestingi með hlébarðamynstri á Eddunni.

Jamie Cullum spilar í Hörpunni í júní

Breski tónlistarmaðurinn Jamie Cullum kemur fram á tónleikum í Hörpunni 23. júní næstkomandi. Cullum verður þar með fyrsta erlenda poppstjarnan sem kemur fram í tónlistarhúsinu við höfnina.

Jamie Cullum hefur um nokkurt skeið verið með vinsælustu tónlistarmönnum Breta. Hann er í grunninn djasstónlistarmaður en hefur tekist að brúa bilið á milli djassins og popptónlistar. Þannig hefur hann komið fram á tónlistarhátíðum eins og Glastonbury og unnið með tónlistarmönnum á borð við Kylie Minogue og Burt Bacharach. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir tónlist sína í kvikmynd Clints Eastwood, Gran Torino. Jamie Cullum er kvæntur fyrrum fyrirsætunni Sophie Dahl og eiga þau von á fyrsta barni sínu í vor.

Það er Þorsteinn Stephensen sem stendur að tónleikum Cullums undir merkjum Hr. Örlygs. „Með tilkomu Hörpunnar komumst við á nýtt plan. Þarna er komið tækifæri til að halda nýja tegund af tónleikum; sitjandi tónleikum með gæðalistamönnum. Þessir tónleikar eru fyrsta skrefið í því," segir Þorsteinn sem hefur verið búsettur á Spáni síðustu átta árin. Hann hefur lítið látið fyrir sér fara síðan hann hætti skipulagningu Iceland Airwaves-hátíðarinnar fyrir rúmu ári. „Það hefur verið rólegt yfir tónleikahaldi og verður það kannski áfram. En það hlýtur að fara að lifna yfir landanum," segir Þorsteinn sem útilokar ekki að fleiri tónlistarmenn spili á Íslandi á hans vegum á árinu. Miðasala á tónleikana hefst 10. mars næstkomandi. **-hdm**

FLOTTUR BRETI Í HÖRPU Jamie Cullum heldur tónleika í Hörpu hinn 23. júní næstkomandi. Tónleikar hans eru sjaldnast undir tveimur klukkustundum og þykja einstök upplifun. NORDICPHOTOS/GETTY

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Allir synir mínir (Stóra sviðið)

Fös 4.3. Kl. 20:00 Frums. U	Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn	Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn
Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn	Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 1.4. Kl. 20:00
Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn	

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Lau 26.2. Kl. 19:00 Aukas.	Lau 12.3. Kl. 19:00	Lau 26.3. Kl. 19:00
Mið 2.3. Kl. 19:00 U	Mið 16.3. Kl. 19:00	Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn.
Mið 9.3. Kl. 19:00	Fim 17.3. Kl. 19:00	

Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)

Sun 27.2. Kl. 14:00 U	Sun 20.3. Kl. 14:00	Sun 10.4. Kl. 14:00
Sun 27.2. Kl. 17:00	Sun 20.3. Kl. 17:00	Sun 10.4. Kl. 17:00
Sun 6.3. Kl. 14:00	Sun 27.3. Kl. 14:00 U	Sun 17.4. Kl. 14:00
Sun 6.3. Kl. 17:00	Sun 27.3. Kl. 17:00	Sun 17.4. Kl. 17:00
Sun 13.3. Kl. 14:00	Sun 3.4. Kl. 14:00	
Sun 13.3. Kl. 17:00	Sun 3.4. Kl. 17:00	



Hedda Gabler (Kassinn)

Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U	Lau 19.3. Kl. 20:00	Fös 25.3. Kl. 20:00
Fös 11.3. Kl. 20:00	Sun 20.3. Kl. 20:00	Sun 27.3. Kl. 20:00
Sun 13.3. Kl. 20:00 U	Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas.	Mið 30.3. Kl. 20:00 U

Brák (Kúlan)

Sun 27.2. Kl. 20:00		
Fös 4.3. Kl. 20:00		



Sindri silfurfiskur (Kúlan)

Sun 6.3. Kl. 13:30	Sun 13.3. Kl. 15:00	Sun 27.3. Kl. 13:30
Sun 6.3. Kl. 15:00	Sun 20.3. Kl. 13:30	Sun 27.3. Kl. 15:00
Sun 13.3. Kl. 13:30 U	Sun 20.3. Kl. 15:00 U	

„GRÍÐARLEGA ÁHRIFAMIKIL"
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... ALGJÖRLEGA BRILLJANT STÍLAÐ ..."
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„... HRIKALEGA EINLÆG OG FALLEG ..."
INGI F. VILHJÁLMSSON / DV

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

VÍSIR.IS

SÆVAR KARL ÓLASON: SELDI FYRIRTÆKIÐ OG FÓR AÐ MÁLA

Lifa bóhemlífi í München

„Ég seldi fyrirtækið áður en kreppan skall á en var samt enn fullur af fjöri. Ég rak auðvitað gallerí í tuttugu ár og núna fæ ég útrás fyrir sköpunargleðina fyrir framan strigann," segir Sævar Karl Ólason, fyrrum kaupmaður.

Hann er orðinn myndlistarmaður, málar nú form og expressjónalísk málverk og hefur enduruppgötvað sjálfan sig. „Ég fæ útrás á striganum og þetta tengist náttúrulega líka faginu. Atvinna mín var auðvitað að pæla í hlutföllum, raða saman og finna réttu samsetningarnar á litum."

Nafn Sævars hefur yfirleitt verið tengt glæsilegum jakkafötum frá flottustu tískuhúsum heims en árið 2007 dró hann sig út úr þeim bransa og það var eins og jörðin hefði gleypt hann. Sævar og eiginkona hans, Erla Þórarinsdóttir, una sér hins vegar vel, dvelja ýmist á heimili sínu í Reykjavík eða hjá Bæjurum í München. Og þar drekkur Sævar í sig listina og þau hjónin eru dugleg að sækja söfn. „Hér er hægt að sjá allt það besta í myndlist, Picasso og alla þessa miklu meistara," segir Sævar sem kann ákaflega vel við sig í München, telur þetta vera fallegustu borg Þýskalands. Sævar hefur jafnframt sótt tíma hjá færum málurum í Þýskalandi og er með sitt eigið stúdíó. Ekki skemmir náttúrufegurðin í Bæjararalandi heldur fyrir og Sævar segist gera mikið af því að fara út í náttúruna og mála.

En málaralistin og ástríðan fyrir að mála er ekkert ný af nálinni. Því Sævar sótti námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og var síðan gestanemandi í Listaháskóla Íslands í tvö ár í kringum aldamótin. „Ég sótti nokkrum sinnum um en komst ekki inn. Síðan var mér bara boðin innganga, þeir gera þetta oft. Ætli það hafi ekki verið fyrir viðleitni." Sævar segist hins vegar hafa neyðst til að leggja penslana á hilluna því listamannadraumurinn var farinn að bitna á fyrirtækinu. Það er ekki hægt að segja neitt annað en að Sævar og Erla njóti lífsins og Sævar fer að hlæja þegar hann er spurður hvort þau séu farin að lifa hálfgerðu bóhemlífi. „Jú, ætli það ekki bara."

freyrgigja@frettabladid.is



NJÓTA LÍFSINS Sævar og Erla njóta lífsins og búa ýmist í Reykjavík eða München. Þar er Sævar með sitt eigið stúdíó og þau hjón sækja listasöfn af kappi og skoða meistara á borð við Picasso. Sævar segist njóta þess í ystu æsar að mála á striga og meðfylgjandi er ein mynda hans.

Hundrað vilja í Stundina okkar

„Við fengum fullt af spennandi umsóknum frá spennandi fólki," segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV.

Um hundrað umsóknir bárust Ríkissjónvarpinu vegna lausrar stöðu umsjónarmanns Stundarinnar okkar. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu er Björgvin Franz Gíslason að hætta með Stundina okkar og flytja til Ameríku og hann kvaddi svo sannarlega á toppnum; fékk Edduna og skaut Sveppa ref fyrir rass.

Sigrún segir starfið sérstaklega mikilvægt í ár því nú eru liðin 45 ár frá því Stundin okkar fór fyrst í loftið. Sem gerir þetta að elsta sjónvarpsþættinum á dagskrá RÚV fyrir utan fréttir. „Við ætlum að vanda okkur vel við valið," segir Sigrún en búið er að grisja umsóknirnar og sex einstaklingar eða pör hafa verið boðaðir í frekari viðtöl. „Við erum síðan með mjög langan lista af mjög álitlegum umsækjendum sem við munum grípa í ef þessir sex ganga ekki upp."

Það er óhætt að fullyrða að staða umsjónarmanns Stundarinnar okkar sé merkileg en meðal þeirra sem hafa gegnt henni eru Bryndís Schram, Gunnar Helgason og Felix Bergsson, Ásta Hrafnhildur og kötturinn Keli og svo Jóhann G. og Þóra Sigurðardóttir í hlutverkum Bárðar og Birtu. „Fólk verður auðvitað almenningseign þegar það stjórnar þessum þætti." **- fgg**

KVEÐUR Björgvin Franz hættir í Stundinni okkar en yfir hundrað umsóknir bárust um starf hans. Sex hafa verið valdir úr, samkvæmt Sigrúnu Stefánsdóttur, dagskrárstjóra RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru!

25%

KAK 625 hornsófi: 498.800,- **nú 374.100,-** - Kollur: 85.500,- **nú 64.125,-**
Leður: Svart, hvítt og brúnt - Sófi: 310 x 222 x 79 cm - Kollur: 100 x 65 x 38 cm

KAK 1052: 557.000,- **nú 417.750,-**
Leður: Svart, hvítt og brúnt - 270 x 200 x 90 cm

UPPSELT Í LJÓSU

KAK 601 3+1+1: 569.500,- **nú 427.125,-**
3+2: 498.000,- **nú 373.500,-**
3ja: 289.000,- **nú 216.750,-**

Leður: Svart og brúnt
3ja: 230 x 95 x 82 cm
2ja: 165 x 95 x 82 cm
Stóll: 110 x 95 x 82 cm

25%

KAK 1215 hornsófi: 726.000,- **nú 544.500,-**
Leður: Svart - 357 x 260 x 85 cm

KAK 1166 - Leður: Ljós- og dökkgrátt
Með stillanlegum höfuðpúðum

3+2: 710.000,- **nú 532.500,-**
4ra sæta: 489.000,- **nú 366.750,-**
3ja sæta: 378.000,- **nú 283.500,-**
Hornsófi: 710.000,- **nú 532.500,-**

4ra: 287 x 105 x 75/97 cm
3ja: 225 x 105 x 75/97 cm
2ja: 160 x 105 x 75/97 cm
Hornsófi: 265 x 260

AT-H2189
Leðurstóll m. lágu baki
19.800,- **nú 14.850,-**

25%

HEIMA HÚSIÐ

Ondvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET&FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11 - 16

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenskt vatn á Óskarnum

Þótt enginn Íslendingur sé tilnefndur til Óskarsverðlauna í ár þá munu Óskarsstjörnurnar dreypa á íslensku vatni. Iceland Spring-drykkjarvatnið frá Ölgerðinni varð fyrir valinu sem drykkur svokallaðs „græns herbergis" en þangað koma allar þær stjörnur sem vinna styttuna eða kynna sigurvegara kvöldsins. Hátíðin, sem er sú 83. í röðinni, verður í beinni útsendingu á Stöð 2 á sunnudagskvöldið en það eru Ívar Guðmundsson og nýskipaður umboðsmaður íslenskrar tónlistar á Bylgjunni, **Skarphéðinn Guðmundsson**, sem lýsa henni.

Barn og barnabarn á Herranótt

Ellert B. Schram, fyrrum þingmaður og íþróttakempa, hefur eflaust verið meðal áhorfenda í gær á frumsýningu Herranætur á Shakespeare-stykkinu sígilda Draumi á Jónsmessunótt. Þannig er nefnilega mál með vexti að meðal þátttakenda eru bæði sonur hans og barnabarn. Sonur hans, Ellert Björgvin Schram, og dótturdóttir, Birna Ketilsdóttir Schram, eru meðal leikara hjá þessu elsta leikfélagi Íslands. Herranæturtenginguni lýkur þó ekki þar, vegna þess að Arna Schram, dóttir Ellerts (eldri) og móðir Birnu, var aðstoðarleikstjóri þegar Herranótt setti upp Rómeó og Júlíu árið 1987.

- fgg, þj

Mest lesið

VÍSIR.IS

1. Framleiðsla á þáttunum Two and a Half Men stöðvuð
2. Kanadamenn notuðu Agent Orange við gróðureyðingu
3. Hreinsaðir af grun eftir tveggja ára rannsókn
4. Fá ekki lán fyrir kaupum í Eyrarodda
5. Skáru fótinn af með svissneskum hníf

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

KRUS krukka m/loki L24×B14, H10cm. Gegnsætt/hvítt **995,-**

595,-/4 í pk.
RAJTAN kryddstaukar H8cm. 15cl. Gler/állitað

RATIONELL kryddhilla m/6 krukkum B36×D6, H11,5cm. Gler/ál **2.950,-**

SLIPAD hnífastandur m/5 hnífum L28×B9, H28cm Marglitað **1.790,-**

Meira pláss fyrir kryddið í tilverunni

PRUTA matarílát Gegnsætt/grænt **795,-/17 í setti**

795,-
ORDNING hnífaparastandur Ø12, H13,5cm Ryðfrítt stál

DROPPAR kryddstaukar H9cm. 9cl Gler/ryðfrítt stál **495,-/2 í pk.**

DROPPAR krukkur m/loki Ø12, H21cm 1,8L Matt gler/ryðfrítt stál **995,-/stk.**

GRUNDTAL hnífarekki m/segli L53, H4cm Ryðfrítt stál **1.990,-**
Hnífar seldir sér

1.490,-/3 í pk.
GRUNDTAL ílát m/segli Ø9,5, H3,7cm. Ryðfrítt stál

IKEA 365+ krukka m/loki L17×B8, H18cm. 1,3L Gegnsætt/hvítt **595,-**

DROPPAR olíu- og ediksett L24×B16, H7cm. Matt gler/ryðfrítt stál **1.290,-**

795,-
CHOSIGT rifjárn/ílát m/loki L17×B12, H7cm. Blátt

ORDNING uppþvottagrind L50×B27, H36cm. Ryðfrítt stál **2.990,-**

ASKER ílát Ø12, H13cm. Hvítt **995,-**

Rjómabolla og heitur drykkur

175,-

Bollubakstur um helgina

Laugardag og sunnudag **kl. 13-17** bökum við úr IKEA vatnsdeiginu og bjóðum þér að smakka nýbakaðar rjómabollur.

Komdu og smakkaðu!

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

IKEA®

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2010